

**HEILSUAKADEMÍAN**

*Sérhannaður Boot Camp-völlur*

Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ROBBIE WILLIAMS**

*Nýjasti tengdasonur Íslands*

Orðaður við íslenska stúlku í dönskum fjölmiðlum

**FÓLK 34**



**ZINEDINE ZIDANE**

*Kosinn bestur áður en úrslitaleiknum lauk*

Þrátt fyrir ófyrirgefanlega framkomu

**ÍÞRÓTTIR 32**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júlí 2006 — 184. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Skálar í óbyggðum

„Skálasamfélag er sérstakur og heillandi heimur sem flestir þyrftu að kynnast af eigin raun og læra að njóta," skrifar Inga Rósa Þórðardóttir.



Í DAG 18

### Í upphafi skyldi endinn skoða

Sigurbjörn Grétarsson er annar ritstjóri fréttablaðs fanga en það fékk á dögunum nýtt nafn og heitir núna Tímamót. Hann segir blaðið vera málgagn fanga en ritstjórarnir tveir skrifa flestar greinarnar.

TÍMAMÓT 20

### Skipuleggja pöbbarölt í bænum



Zeno og Jose leiðbeina áhugasömum um skemmtanalífið í Reykjavík fyrir litinn pening.

FÓLK 34

### Góður sigur Fylkis

Fylkismenn unnu góðan sigur á Víkingum á heimavelli sínum í gær. Sævar Þór Gíslason skoraði eina mark leiksins með sinni fyrstu snertingu eftir að hafa komið inn á sem varamaður.



ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SKÚRIR** Í dag verður suðaustan 5- 15 m/s, hvassast suðvestan til. Rigning og síðan skúrir víða um land en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hiti yfirleitt 10-15 stig að deginum.

VEÐUR 4

# 200 milljóna halli hjá Landspítalanum

**Fimm mánaða uppgjör Landspítalans sýnir halla upp á tvö hundruð milljónir. Gengisþróun og mannekla er skýringin að sögn stjórnenda sjúkrahússins, sem ætla að fara fram á aukin fjárframlög frá heilbrigðisyfirvöldum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tvö hundruð milljóna króna halli er á rekstri Landspítalans eftir fyrstu fimm mánuði ársins. Ljóst er að rekstarhalli sjúkrahússins mun hækka verulega á næstu mánuðum nema gripið verði til sérstakra sparnaðaraðgerða. Gengisþróun og mannekla eru helstu orsakir rekstrarhallans.

Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítalanum, segir að fimm mánaða uppgjör valdi stjórnendum sjúkrahússins áhyggjum.

„Það vita allir að það var ekki fyrr en í mars sem gengismálin tóku að þróast á neikvæðan hátt og það er aðeins helmingur af því tímabili sem hér um ræðir. Við erum komin að ákveðnum þolmörkum." Anna Lilja segir að rekstrarkostnaður sjúkrahússins sé um níu milljarðar króna á ári og af þeim kostnaði séu rúmir fimm milljarðar bundnir í gengistengdum samningum. „Evran og dollarinn hafa hækkað um sextán til sautján prósent frá áramótum og það munar miklu, þar sem reksturinn allur er mjög viðkvæmur fyrir gengisbreytingum."

Anna Lilja segir að mannekla sjúkrahússins hafi einnig reynst kostnaðarsöm.

„Við eigum erfitt með að fá fólk til starfa því okkar umgjörð er erfið varðandi launamál. Við höfum því þurft að keyra töluvert mikið af starfsemi spítalans í yfirvinnu. Slíkt er erfitt að gera til lengdar því það kostar meira og starfsfólk verður mjög þreytt, sem leiðir til veikinda og fjarvista."

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að LSH hafi óskað eftir auknu fjármagni. „Við höfum verið að fara yfir þær óskir og þá forgangsröðun sem þar kemur fram. Það er ekki hægt að opinbera fjárlagatillögurnar fyrr en fjárlagafrumvarpið verður lagt til í byrjun þings í haust." **- shá**



**GERT VIÐ GEIMSTÖÐINA** Michael Fossum, meðlimur áhafnar Discovery-geimflaugarinnar, svífur hér undir alþjóðlegu geimstöðinni og býr sig undir að opna hlera á henni til að sinna þar ýmsu viðhaldi, til dæmis að skipta um slitna kapalvindu og koma fyrir varadælu í stöðinni. Í þessari geimferð verður farið í þrjár álíka geimgöngur og líkja geimfararnir þeim við að dansa ballet í þyngdarleysi. NORDICPHOTOS/AFP/NASA



**FRÁ REYKJANESHRYGG** Fjöldi togskipa og skip sem veita þeim þjónustu tekur þátt í rányrkjunni. MYND/LHG

Sjóræningjatogarar í Noregi:

## Hafa oft fengið fulla þjónustu

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjóræningjatogarar sem eru á svörtum lista Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar hafa ítrekað fengið þjónustu í norskum höfnum á síðastliðnum mánuðum. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sendi kollega sínum, Helgu Pedersen, mótmælabréf vegna þjónustu við togarann Juanita á dögunum. Mikið ósamræmi er í orðum og framkvæmd norskra stjórnvalda.

Ljóst er að þjónustan sem sjóræningjatogarinn Juanita fékk í Noregi var ekki einangrað tilvik, eins og norsk stjórnvöld hafa gefið í skyn. Í mars lágu til dæmis fimm sjóræningjatogarar á sama tíma í höfn í Kirkenes í Norður-Noregi.

**- shá /** **sjá síðu 16.**

Gamalt sakamál:

## Norn náðuð eftir 300 ár

**BANDARÍKIN, AP** Þótt sumum finnist kannski heldur seint í rassinn gripið, þá hefur eina norn Virginíu í Bandaríkjunum verið náðuð.

Grace Sherwood var ásökuð um galdra fyrir 300 árum síðan, en henni var gert að hafa valdið fósturláti hjá nágrannakonu sinni.

Sakfellingin fór þannig fram að þumlar hennar voru bundnir við skó hennar og svo var henni fleygt út í á. Hún flaut og var þar með fundin sek, því hreint vatnið var sagt afneita óhreinni sál hennar.

Líklegt þykir að Sherwood hafi setið í fangelsi til ársins 1714, en þá var henni sleppt og lifði hún til áttræðisaldurs. **- smk**






Dagný Jónsdóttir alþingismaður sendi Bandaríkjamönnum tóninn á ársfundi ÖSE:

# Gengu út eftir ræðu Dagnýjar

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Bandaríkjanna á ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu gengu á dyr eftir ræðu Dagnýjar Jónsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins. Í ræðunni vakti Dagný athygli á með hvaða hætti Bandaríkjamenn greindu íslenskum stjórnvöldum frá brotthvarfi varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli og staldraði sérstaklega við skamman fyrirvara tilkynningarinnar. Sagði hún að á Íslandi teldust slík vinnubrögð ekki til góðra mannasiða, ekki síst þar sem Íslendingar hefðu verið banda- og stuðningsmenn Bandaríkjamanna í gegnum árin.

Dagný tók málið fyrst upp í umræðum nefndar um efnhags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál.



**DAGNÝ JÓNSDÓTTIR**

„Ég tók það upp í umræðum um öryggi orkuflutninga og benti á þá stöðu sem uppi væri í öryggismálum á Norður-Atlantshafi þegar Bandaríkjamenn færu héðan," segir Dagný.

Bandaríkjamenn létu engin viðbrögð uppi eftir umræðurnar í nefndinni og vakti það athygli Dagnýjar þar sem þeir sögðu álit sitt á öllum öðrum umræðuefnum. Hún afréð því að taka málið upp að nýju á lokafundinum, en hann sátu fulltrúar allra 56 aðildarríkja Öryggis- og samvinnustofnunarinnar. Viðbrögð frá Rússum, Kanadamönnum, Bretum og Norðurlandaþjóðunum létu ekki á sér standa, en enn heyrðist hvorki hósti né stuna frá Bandaríkjamönnum. „Hins vegar veit ég ekki hvort það var tilviljun, en þeir gengu úr salnum þegar ræðan mín var búin," segir Dagný og bætir við að málið sé neyðarlegt fyrir Bandaríkjamenn.

Að sögn Dagnýjar deila nágrannaþjóðir okkar áhyggjum hennar og annarra af öryggi sjófarenda á Norður-Atlantshafi, enda eiga sjóflutningar eftir að aukast með tíð og tíma, ekki síst með frekari olíu- og gasvinnslu á norðurheimskautssvæðinu. **- bþs**






## SPURNING DAGSINS

*Stefán, ættu glæpamenn höfuðborgarinnar að íhuga að flytja?*

„Já, þeir ættu að íhuga það mjög vel og vandlega.“

Stefán Eiríksson tekur við embætti lögreglustjóra höfuðborgarinnar 15. júlí. Hann segir að með sameiningu lögregluembættanna á Reykjavíkursvæðinu muni lögreglan styrkjast í baráttu sinni við glæpastarfsemi.

Jónína Bjartmarz gefur kost á sér í embætti varaformanns Framsóknarflokksins:

# Nýtt upphaf hjá flokknum

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra tilkynnti í gær að hún gæfi kost á sér í kjöri til varaformanns Framsóknarflokksins á komandi flokksþingi.

Jónína segir sitt helsta markmið gagnvart embættinu vera að stuðla að aukinni samstöðu innan flokksins og auka hlut hans í íslenskri pólitík. Einnig vill hún auka hlut kvenna bæði í starfi og áhrifastöðum innan Framsóknarflokksins. Lokamarkmiðið sé jafn hlutur karla og kvenna.

„Við erum mörg sem lítum svo á að þetta sé nýtt upphaf með þeim forystubreytingum sem orðið hafa innan flokksins með brotthvarfi Halldórs Ásgrímssonar.“

Jónína segist hafa fengið mikla hvatningu til að gefa kost á sér í forystuna frá körlum og konum úr öllum kjördæmum. „Ég fékk fram-an af líka hvatningu til að gefa kost á mér í formanninn en ég sé í Jóni Sigurðssyni þann formann sem flestir geti sameinast á bak við að öllum öðrum ólöstuðum og svaraði mínum stuðningsmönnum því gagnvart formannsembættinu.“

Jónína er sú þriðja sem gefur kost á sér í embætti í forystusveit Framsóknarflokksins fyrir komandi flokksþing. Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur gefið kost á sér í embætti formanns og Haukur Logi Karlsson í embætti ritara. - sdg



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Kosið verður í forystusveit Framsóknarflokksins á flokksþingi sem fer fram dagana 18. og 19. ágúst næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fíkniefnafundur á Seyðisfirði:

## Tveir Litháar á Litla-Hrauni

**FÍKNIEFNI** Litháarnir tveir sem gripnir voru við komu hingað til lands á föstudaginn á Seyðisfirði, með tólf kíló af amfetamíni, sitja nú í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Mennirnir voru úrskurðaðir í fjögurra vikna gæsluvarðhald og eru þeir geymdir í einangrun á Litla-Hrauni á meðan rannsókn málsins stendur yfir.

Lögregla vill ekki gefa upp hvort mennirnir tengist einhverjum vitorðsmanni eða mönnum hér á landi, né hvort þeir tengist Litháanum sem gripinn var með amfetamínvökva í Leifsstöð í febrúar á þessu ári. - æþe



**MOHAMMED AZAWI ALI** Einn sakborninganna átta flytur vörn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöldin yfir Saddam:

## Sakborningar hefja lokavörn

**ÍRAK, AB** Saddam Hussein, þrír aðrir sakborningar og lögmenn þeirra sögðust í gær ekki ætla að taka þátt í lokamálflutningi sakborninga og verjenda þeirra við réttarhöldin í Bagdad, þar sem Saddam og sjö aðrir sakborningar eiga yfir höfði sér þunga dóma.

Lokamálflutningurinn hófst í gær og er búist við að honum ljúki í vikunni, en þá verður réttarhöldum frestað aftur þangað til dómarar hafa komist að niðurstöðu.

Reiknað er með að dómar verði kveðnir upp um miðjan ágúst. - gb

Fjársvik hjá Tryggingastofnun:

## Yfirheyrslur standa enn yfir

**LÖGREGLAN** Yfirheyrslur og rannsókn standa enn yfir hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans en gæsluvarðhald yfir tveimur, sem grunaðir eru um fjár- og bótasvik hjá Tryggingastofnun, rennur út síðdegis á morgun.

„Markmið rannsóknarinnar nú er að reyna að draga allt fram í málinu sem máli skiptir og þarf að liggja fyrir,“ segir Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar. Hann kveðst ekki geta sagt neitt um það hvort sótt verði um framlengingu á gæsluvarðhaldi á morgun. - ghs

# Erlendu starfsfólki tryggð lágmarkslaun

**Félagsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að verktakafyrirtækið Sóleyjarbyggð beri ábyrgð á því að erlendum starfsmönnum þess séu greidd lágmarkslaun. Ekki sé litið á dagpeninga og greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem laun.**

**VINNUMARKAÐUR** Félagsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að íslenska verktakafyrirtækið Sóleyjarbyggð eigi að tryggja að erlendir starfsmenn þess fái laun í samræmi við lágmarkskjör á vinnumarkaði. Dómurinn tekur fram að ekki sé hægt að líta á dagpeninga og aðrar greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem laun.

Samiðn höfðaði mál fyrir Félagsdómi í fyrra vegna þess að litháískir starfsmenn, sem komu hingað til lands á vegum tveggja litháískra fyrirtækja til að vinna við húsbyggingar fyrir Sóleyjarbyggð, fengu greiddar aðeins rúmar tuttugu þúsund krónur í laun á mánuði.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að Félagsdómur taki efnislega afstöðu til þess að fyrirtæki beri notendaábyrgð og geti ekki vísað henni á erlend fyrirtæki. Íslensku fyrirtækin beri ábyrgð á því að kjör erlendra starfsmanna séu í samræmi við íslenska kjarasamninga og geti ekki þvegið hendur sínar af því.

Þorbjörn segir að Samiðn hafi barist fyrir því að fá notendaábyrgð fyrirtækja viðurkennda frá árinu 2003. Árið 2004 hafi náðst samkomulag við Samtök atvinnulífsins um meðal annars samráðsnefnd sem átti að hafa milligöngu um að fá upplýsingar frá notendafyrirtækjum, en íslensku fyrirtækin komist upp með að hafna allri ábyrgð.

Í fyrra var málinu vegna Sóleyjarbyggðar vísað til samráðsnefndarinnar og í framhaldi af því var ákveðið að fara með það fyrir Félagsdóm. Þorbjörn segist telja dóminn nú tímamótadóm að því leyti að það staðfesti að samkomulagið frá 2004 sé í gildi kjarasamnings og því séu íslensk fyrirtæki bundin af því. Þeim beri að ganga úr skugga um að starfsmenn í þeirra þjónustu séu með lágmarkskjör.

„Þessi niðurstaða er endanleg og bindandi. Hún er stefnumótandi fyrir allan vinnumarkaðinn,“ segir Þorbjörn. „Með þessum dómi er dómskerfið búið að segja að það sé ekkert því til fyrirstöðu að setja notendaábyrgðina sem reglu á vinnumarkaðnum.“

Í framhaldi af félagsdómnum verður sest niður með Litháunum og skoðað hvernig best sé að haga innheimtu launa hjá Sóleyjarbyggð. Róbert Jón Jack, eigandi Sóleyjarbyggðar, vildi ekki ræða dóminn í gær. ghs@frettabladid.is



**TÍMAMÓTADÓMUR Í FÉLAGSDÓMI** Félagsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að íslensk fyrirtæki beri svokallaða notendaábyrgð og eigi að sjá til þess að erlendir starfsmenn hljóti lágmarkskjör fyrir störf hér á landi. Fólkið á myndinni starfaði ekki hjá Sóleyjarbyggð meðan það var hér við störf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**UNNIÐ AÐ ENDURBÓTUM** Farið er að sjá á grágrýtishleðslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Endurbótum á Alþingi ólokið:

## Viðhald í fyrsta sinn síðan 1881

**ALÞINGI** Endurbætur á Alþingishúsinu ganga vel, að sögn Karls M. Kristjánssonar, rekstrar- og fjármálastjóra Alþingis. „Við höfum verið í nokkur ár með allsherjar endurbætur á húsinu að innan og utan. Þetta er vandaverk og seinlegt, en vel gert.“

Að sögn Karls munu endurbæturnar ekki trufla þingstörf, en þeim verður þó haldið áfram næsta sumar. „Hluti af þessu er að gera við útveggina. Eitthvað er um að farið sé að sjá á grágrýtishleðslunni sem þarf að laga. Svo erum við að fræsa út fúurnar á veggjunum, en það hefur ekkert svona verið gert síðan húsið var byggt fyrir 125 árum.“ - sgj

Bifhjólaslys við Rauðavatn:

## Ók utan í bíl og datt

**SLYS** Maður rakst utan í bíl á bifhjóli sem hann ók, við hringtorg hjá Rauðavatni um hádegisbilið í gær, með þeim afleiðingum að hann datt af hjólinu.

Maðurinn slasaðist lítillega á hönd og marðist og var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi.

Einhverjar skemmdir urðu á bifhjólinu og var það fjarlægt af kranabíl. Bíllinn skemmdist lítið sem ekkert að sögn lögreglu. - æþe


BÍLL DAGSINS
HONDA ACCORD SPORT
Nýskr 05.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


Furðuleg framkoma Zidanes í úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu:

# Ofbeldisverkið enn óútskýrt

**BERLÍN, AP** Miklar umræður hafa verið um ofbeldisverk Zinedines Zidane á HM í fótbolta, en hann gekk, að því er virtist sallarólegur, upp að Ítalanum Marco Materazzi og skallaði hann beint á brjóstkassann í úrslitaleiknum á sunnudaginn. Materazzi hafði stuttu áður tekið utan um axlir Zidanes í ítölsku vörninni og líklega látið einhver misfalleg orð falla um Frakkann knáa.

Kenningar eru uppi um að Materazzi hafi sagt eitthvað um móður Zidane, en SOS-samtökin frönsku, sem berjast gegn kynþáttahatri, segjast hafa ýmsar heimildir fyrir því að Materazzi hafi kallað Zidane „sóðalegan hryðjuverkamann,“ en Zidane er múslimi af alsírsku bergi brotinn. Materazzi neitaði þeim ásökunum í viðtali við ítalska fjölmiðla í gær, en vildi ekki skýra nákvæmlega frá því hvað hann hefði sagt.

Thierre Henry, sóknarmaður franska liðsins, minnti á að Zidane var alinn upp og lærði að spila fótbolta í fátæku hverfi þar sem eðlilegt var að svara móðgunum með ofbeldi. „Það má fjarlægja manninn úr gettóinu, en það er ekki hægt að fjarlægja gettóið úr manninum,“ sagði Henry.

Þetta þykja raunaleg endalok á ferli hins goðsagnakennda Zidane,s sem var kosinn maður mótsins, áður en atvikið átti sér stað. - kóþ



**ZINEDINE ZIDANE** Mætti í matarboð hjá Jacques Chirac í gær ásamt öðrum meðlimum franska landsliðsins. NORDICPHOTOS/AFP



Síminn
NÝ ÁSKRIFTARLEIÐ • NÝ ÁSKRIFTARLEIÐ •
NÝTT
Síminn býður
Betri leið!
Enn meiri ávinningur
Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Þú velur þá áskriftarleið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun. Borgaðu eitt fast mánaðargjald þar sem fyrirfram ákveðinn mínútufjöldi og fjöldi SMS skilaboða er innifalinn.*
Skráðu þig á sölustöðum Símans um allt land, í síma 800 7000 eða á Þjónustuvef Símans á siminn.is
Það besta við Betri leið!
• Meiri ávinningur – þú sparar!
• Inneignin gildir í kerfi allra símafyrirtækja innanlands
• Meira úrval áskrifta – þú velur það sem þér hentar
• SMS tilkynningar um stöðu inneignar vikulega
Góður GSM 35
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.
Betri GSM 100
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.
Bestur GSM 160
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.
Langbestur GSM 280
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.
*Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá
Kynntu þér skilmálana á siminn.is
800 7000 - siminn.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.7.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,35 | 75,71 |
| Sterlingspund | 138,94 | 139,62 |
| Evra | 96,22 | 96,76 |
| Dönsk króna | 12,897 | 12,973 |
| Norsk króna | 12,072 | 12,144 |
| Sænsk króna | 10,504 | 10,566 |
| Japanskt jen | 00,6619 | 0,6657 |
| SDR | 111,76 | 112,42 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,8628

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag fanga á Litla-Hrauni beitir sér í baráttunni gegn fíkniefnum:

# Undirbúa vímuefnaverkefni

**FÍKNIEFNI** Félag fanga á Litla-Hrauni, AFSTAÐA, ætlar að beita sér enn meira en áður í baráttunni við fíkniefnanotkun. Þeir hafa staðið að undirbúningi vímuefnaverkefnis sem áætlað er að hrinda í framkvæmd í haust. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Tímamóta, fréttablaði fanga á Litla-Hrauni.

Í greininni segir að þrátt fyrir innilokun og erfiðar aðstæður verði ekki hjá því litið að fangar bera sjálfir ábyrgð á neyslunni í fangelsinu. Félagið telur tímabært að fangar axli þá ábyrgð og hefjist sjálfir handa við að sporna gegn almennri neyslu. Samstarf verður hafið við ýmsa í tengslum við fíkniefnaverkefnið, meðal annars fangelsisyfirvöld og erlend samtök sem starfað hafa á þessum vettvangi með góðum árangri. - sþs



**FANGELSIÐ Á LITLA-HRAUNI** Verkefnið verður meðal annars í samstarfi við fangelsisyfirvöld.

Áhrif HM á efnahag:

## Hagvöxtur og mörg ný störf

**EFNAHAGSMÁL** Heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefur aukið hagvöxt í Þýskalandi um 0,3 prósent og hafa meira en fimmtíu þúsund ný störf orðið til vegna mótsins. Búist er við að um helmingur þeirra verði áfram til staðar eftir að mótinu lýkur. Því lauk í fyrradag með sigri Ítala á Frökkum.

Auk þess hefur ferðamannaiðnaðurinn í Þýskalandi tekið kipp vegna mótsins, en tvær milljónir erlendra ferðamanna hafa komið til landsins undanfarinn mánuð. Erfitt er að meta góðar minningar þeirra til fjár, en ljóst er að þær koma efnahag Þjóðverja til góða um ókomin ár. - sþs

Útboð á áætlunarflugi:

## Næsta skref að meta tilboðin

**ÚTBOÐ** Flugfélagið Ernir bauð lægst í áætlunarflug um Vestfjarðasvæðið í útboði Ríkiskaupa, rúma 131 milljón króna. Flugfélag Íslands átti það hæsta, tæpar 205 milljónir. Kostnaðaráætlunin nam tæpum 132 milljónum.

Til Hornafjarðar og Sauðárkróks bauð Flugfélag Vestmannaeyja lægst, annars vegar 97,5 milljónir og hins vegar 21. Ríkið metur kostnaðinn rúmar 97 milljónir fyrir flug til Hornafjarðar og 55 milljónir til Sauðárkróks.

Flugfélag Íslands átti lægsta tilboðið fyrir Norðursvæðið, um fimmtung undir kostnaðaráætlun.

Pétur Pétursson, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum, segir að nú verði farið yfir tilboðin og forsendur þeirra sem og hæfni flugfélaganna metnar. - gag

Bílslysið við Varmahlíð:

## Ástand stúlkunnar óbreytt

**SLYS** Ástand stúlkunnar sem slasaðist alvarlega í bílslysi við Varmahlíð í byrjun mánaðarins er óbreytt, að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild Landspítalans. Hún er enn í öndunarvél en ástand hennar er stöðugt.

Maðurinn sem slasaðist alvarlega í bifhjólaslysi uppi á Akranesi á dögunum, hefur verið útskrifaður af gjörgæsludeild spítalans. Líðan hans er góð eftir atvikum og hann er á batavegi. - æþe

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær er viðtal við Vilhjálm Vilhjálmsson þar sem fjallað er um kostnað séreignarsparnaðar. Í viðtalinu kemur fram að Vilhjálmur sé viðskiptafræðingur en hið rétta er að hann er hagfræðingur og er beðist velvirðingar á þessum mistökum.



**ÓVÆNTUR SNÚNINGUR** Þessum þátttakanda í nautahlaupinu varð ekki um sel þegar á hólminn var komið og hætti við í miðju kafi í gær, en boli lét ekki segjast og elti hann inn á áhorfendasvæðið á nautaatsvellinum við litla hrifningu áhorfenda. Þrettán manns hafa beðið bana í árlegum nautahlaupum í Pamplona síðan árið 1924, en fjölmargir slasast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tveir menn slösuðust illa í nautahlaupinu í Pamplona

**Tveir menn liggja nú illa slasaðir á sjúkrahúsi eftir að hafa tekið þátt í nautahlaupi í Pamplona á Spáni. Þúsundir taka þátt í San Fermin hátíðinni og hlaupa undan nokkrum nautum niður götur borgarinnar.**

**SPÁNN, AP** Spænskur þátttakandi í árlegu nautahlaupi í spænsku borginni Pamplona fékk nautshorn í annað lærið í gær og þurfti að gangast undir aðgerð. Annar þátttakandinn, 31 árs Bandaríkjamaður, dvelur enn á gjörgæsludeild í sjúkrahúsi í borginni, lamaður að hluta eftir að hafa orðið fyrir tarfi á fyrsta degi hlaupsins á föstudag. Fór líðan hans versnandi í gær, að sögn Begona Lopez, talskonu hátíðarinnar.

Hlaupin fara þannig fram að hundruð eða þúsundir manna í leit að spennu hlaupa um þröngar götur Pamplona undan nokkrum stórvöxnum og mislyndum nautum sem er sleppt snemma morguns úr stórgriparétt nokkurri í miðborg borgarinnar. Endar hlaupið svo á nautaatsvelli átta hundruð metrum frá réttinni.

Margir þátttakendanna eru íklæddir hvítum og rauðum fötum, en rauði liturinn er almennt talinn æsa nautin, og fylgir mikil drykkja oft níu daga hátíðinni þrátt fyrir hættuna sem fylgir hlaupinu.

Þrettán manns hafa beðið bana á San Fermin hátíðinni í Pamplona síðan 1924, síðast árið 1995, og tugir manna hafa slasast, margir alvarlega.

Í gær tóku sex vel hyrnd naut þátt í hlaupinu, en það var fjórða hlaupið af átta sem fram fara í ár. Jafnframt tóku meira en fjögur þúsund manns þátt í hlaupinu, sem lokið var á tveimur mínútum og tveimur sekúndum.

Eingöngu einn maður varð fyrir nauti í gær, en auk hans var ungur Madrídarbúi lagður inn á sjúkrahús vegna minniháttar andlitsáverka, að sögn Lopez.

Nautin sem notuð voru í gær komu öll frá sama búgarðinum, sem þekktur er fyrir að rækta sérlega hættuleg naut, en á seinustu tuttugu árum hafa naut þaðan stungið 37 manns í nautahlaupunum í Pamplona.

Dýraverndunarsinnar hafa mótmælt hlaupinu harðlega og halda árlega mótmæli í borginni fyrir hátíðina og meðan á henni stendur. Oft eru þeir lítið eða ekki klæddir, til að vekja frekari athygli.

Rekja má upptök San Fermin hátíðarinnar, sem haldin er árlega í Pamplona, aftur til 16. aldar, en rætur hennar ná þó enn lengra aftur, eða til þess tíma þegar Spánverjar fyrst tóku kristna trú.

Hins vegar náði hátíðin fyrst þeim miklu vinsældum sen hún nýtur nú þegar Ernest Hemingway lýsti henni í skáldsögu sinni „The Sun Also Rises“ árið 1926.

smk@frettabladid.is, khh@frettabladid.is






Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNING VÍÐA UM LAND**

Í dag má búast við úrkomu um mest allt landið, sýnu mest sunnan og vestan til. Á miðvikudag snýr vindur sér á ný til norðanáttar og við vitum nú hvað það þýðir; kólnandi á Norðurlandi en þá verður hann að líkindum bjartur sunnanlands. Þúsundir Íslendinga eru nú í sumarfríi á ströndum Spánar og er hitinn þar kominn vel yfir 30 gráður og fer hækkandi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Suðaustan 8- 11 m/s og rigning. Bjartviðri á miðvikudag og allt að 15 stiga hiti.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »




» á morgun




Norðan 5-15 m/s, hvassast með ströndum sunnan til

» fimmtudagur




Hægt vaxandi suðaustanátt síðdegis.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C heiðskírt | London | 22°C hálfskýjað | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Billund | 18°C skúrir | París | 23°C hálfskýjað | Mallorca | 21°C alskýjað |
| Osló | 25°C skúrir | Frankfurt | 25°C heiðskírt | Algarve | 24°C skúrir |
| Stokkhólmur | 25°C skúrir | Friedrichshafen | 27°C heiðskírt | Krít | 23°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19 °C skúrir | Berlín | 23°C heiðskírt | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# götu markaður

# verðhrun

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verð-lækkun



nú á allt að seljast

**500kr**

**1000kr**

**1500kr**

**2000kr**

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu farið á safn nýlega?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Var Zidane besti leikmaður heimsmeistaramótsins í fótbolta?*

Segðu þína skoðun á Visi.is

Starfshópur samgönguráðherra um rekstrarumhverfi hópbifreiða:

# Rútukaup verða áfram niðurgreidd

**SAMGÖNGUR** Framlengja á heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts af nýjum innfluttum hópbifreiðum. Starfshópur samgönguráðherra, sem fjallaði um rekstrarumhverfi hópbifreiða, komst að þeirri niðurstöðu, en að öllu óbreyttu rennur heimildin út um næstu áramót.

Hópnum var gert að taka saman yfirlit um aðgerðir stjórnvalda og aðrar aðgerðir sem snert hafa rekstur hópbifreiða undanfarin ár og meta hvernig tekist hafi, leggja mat á afkomu greinarinnar og kosti þess og galla að greinin verði virðisaukaskattskyld.

Í skýrslu hópsins kemur meðal annars fram að farþegum á sérleyfisleiðum hefur fjölgað undanfarin ár. Árið 2002 voru þeir 377 þúsund en 413 þúsund árið 2004. Farþegum á sérleyfisleiðum hefur þó fækkað mjög frá því sem var árið 1960 þegar þeir voru 635 þúsund. Þá hefur sérleyfisleiðunum sjálfum fækkað á undanförnum árum úr um 140 á sjötta áratugnum niður í 32 árið 2004. Þó ber að hafa í huga að einhverjar sérleiðir hafa verið sameinaðar.

Hagnaður var af reglulegri starfsemi hópbifreiðafyrirtækja árið 2004 en rétt innan við eitt hundrað fyrirtæki eru í greininni. Eins og gengur högnuðust sum þeirra en önnur töpuðu. Á síðasta ári voru rúmlega 1.900 hópbifreiðar til á Íslandi og er meðalaldur þeirra um tíu ár.

Starfshópur samgönguráðherra kemst meðal annars að því að upptöku olíugjalds í stað þungaskatts fyrir rúmu ári hafi almennt fylgt kostnaðarauki fyrir hópbifreiðafyrirtækin. Á því séu þó undantekningar.

Fólksflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti og þó ýmis rök mæli með því að slíkur skattur verði greiddur af greininni telur starfshópurinn sig ekki í aðstöðu til að leggja til virðisaukaskattskyldu greinarinnar. **- bþs**



**HÓPBIFREIÐ** Farþegum með rútum fer fjölgandi.

Forseti Grikklands í Höfða:

## Borgarstjórinn sæmdur orðu

**ORÐUVEITING** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri var sæmdur grísku Fönix-orðunni af forseta Grikklands, Karolos Papoulias, sem var í opinberri heimsókn á Íslandi.

Borgarstjóri bauð gríska forsetanum til hádegisverðar í Höfða föstudaginn síðastliðinn ásamt íslensku forsetahjónunum. Framámönnum reykvískra fyrirtækja var einnig boðið með það í huga að efla viðskipti milli Íslands og Grikklands.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Fönix-orðan er stórriddarakross með stjörnu og er veittur þeim sem hafa styrkt tengslin við Grikkland á erlendri grundu. **- sdg**

Hólar í Hjaltadal:

## Saga biskupsstólanna kynnt

**SAGA** Bókin Saga biskupsstólanna verður kynnt í Auðunnarstofu að Hólum í Hjaltadal í kvöld. Óskar Guðmundsson, annar ritstjóra bókarinnar, kynnir þá verkið og svarar fyrirspurnum.

Bókin geymir viðamikil skrif um Skálholt og Hóla og er rituð í tilefni af 950 og 900 ára afmælis staðanna. Í bókinni fara fjölmargir fræðimenn ofan í kjölinn á þessum valdamiklu miðstöðvum trúar og menningar. Að kynningu bókarinnar lokinni verður farið í Hóladómkirkju þar sem Marta Halldórsdóttir syngur við orgelleik Arnars Magnússonar. **- shá**

Hermaður fyrir rétti:

## Vitni ræðst á ákærða

**FILIPPSEYJAR, AP** Filippseysk kona réðst á bandarískan hermann í dómssal í Filippseyjum í gær, en maðurinn er ákærður fyrir að hafa nauðgað henni í nóvember síðastliðnum.



**DANIEL SMITH** Sakaður um að hafa nauðgað filippseyskri konu í nóvember.

Konan réðst á manninn þegar hún var á leið í vitnastúkuna, og sagði móðir hennar að maðurinn hefði reynt að fella hana.

Hermaðurinn bar þær ásakanir af sér, sem og þær að hann hafi nauðgað stúlkunni. Þrír aðrir hermenn eru sakaðir um að hafa hvatt hann til gjörðarinnar.

Eftir að lögmaður stúlkunnar hafði róað hana, héldu réttarhöldin áfram.

Hermennirnir geta átt von á allt að 40 ára fangelsi, verði þeir fundnir sekir. **- smk**



**SUMARHÚSABYGGÐ Í BREKKUSKÓGI** Sveinn Guðmundsson, formaður Landssambands sumarhúsaeigenda, segir nauðsynlegt að breyta lögum um sumarhúsaeignir.

# Réttarstaða sumarhúsaeigenda slæm

**Nýir landeigendur í Borgarfirði krefja sumarhúsaeigendur til áratuga um fjórfalt hærri leigu í nýjum leigusamningi. Leigjendunum býðst að kaupa lóðina á milljónir. Talsmaður sumarhúsaeigenda segir lagabreytinga þörf.**

**SUMARHÚS** Sumarhúsaeigendum í Borgarfirði hafa verið settir afarkostir, að greiða annað hvort tæplega fjórfalt hærri ársleigu undir bústaði sína eða að kaupa landið langt yfir markaðsverði. Þetta segir Sveinn Guðmundsson, formaður Landssambands sumarhúsaeigenda. Haldi eigendurnir kröfum sínum til streitu gæti deilan farið fyrir dómstóla: „Líkurnar eru meiri en minni að það gerist.“



**SVEINN GUÐMUNDSSON**

Sveinn vill ekki greina frá því hvert sumarhúsasvæðið sé, þar sem viðræður við nýja landeigendur séu á viðkvæmu stigi, en segir að bóndinn sem átti landið upphaflega hafi selt það fjárfestum af höfuðborgarsvæðinu á nítíu milljónir. „Svo gerist það að kaupandinn hefur samband við leiguliðana og segir að nú séu nýir tímar. Leigan að renna út og gerðir verði nýir leigusamningar sem hljóði upp á allt aðrar tölur en áður,“ segir Sveinn. Ársleigan hafi verið milli þrjátíu og fjörutíu þúsund en fólkinu verði gert að greiða 150 þúsund krónur. Nýi eigandinn hafi jafnframt boðið leiguliðunum að kaupa lóðirnar á uppsprengdu verði, tíu til fimmtán milljónir á hektarann, sem áður kostaði eina til tvær milljónir króna. Hann hafi síðan ætlað að fá skipulagi svæðisins breytt, en hugmyndunum hafi verið hafnað í grenndarkynningu. Nýi landeigandinn hafi þá selt sumarhúsasvæðið öðrum kaupahéðni af höfuðborgarsvæðinu á ríflega þrjú hundruð milljónir króna: „Sá fer í sama gír, nema að hann ætlar ekki að leigja heldur þvinga fólkið til að kaupa,“ segir Sveinn. Sumarhúsaeigendurnir á svæðinu séu sjötíu til áttatíu: „En þeim skiptir hundruðum á landinu sem gætu lent í þessari stöðu eða eru í henni núna.“

Eiríkur Ólafsson, skrifstofustjóri hjá Borgarbyggð og sveitarstjóri í forföllum, segir áhyggjuefni að braskað sé með sumarhúsalóðir í sveitarfélaginu: „Æskilegast er að áfram verði hægt að nýta svæðið eins og verið hefur.“ Eiríkur tjáir sig ekki um ofursöluna milli auðkýfinganna, því hann hafi ekki fengið tíðindin staðfest.

Sveinn segir að breyta þurfi lögum um sumarhúsaeignir. Sumarhúsaeigendur þurfi til að mynda að hafa forkaupsrétt að lóðunum svo þeir þurfi ekki að þola að markaðsverðið margfaldist á stuttum tíma. Landssamband sumarhúsaeigenda hafi bent hinu opinbera á það, því fjárfestar leiti nú að sumarhúsasvæðum þar sem leigusamningarnir séu við það að renna út. **gag@frettabladid.is**

Húsafriðunarnefnd er á móti deiliskipulagi á Ellingsen-reitnum:

# Alliance hús verði ekki rifið

**FRAMKVÆMDIR** Svokallað Alliance hús sem stendur á Ellingsen reitnum við Mýrargötu, á að rífa ásamt öðrum húsum sem þar standa samkvæmt deiliskipulagi. Þar á að rísa sjö hæða íbúðablokk en Húsafriðunarnefnd leggst gegn niðurrifi hússins.

Þorsteinn Gunnarsson arkitekt er formaður nefndarinnar og segir hann mikil menningarsöguleg verðmæti fara forgörðum ef húsið verður rifið. „Þetta hús hefur mikið varðveislugildi, bæði byggingarlist þess og tenging þess við atvinnusögu Reykjavíkur,“ segir Þorsteinn. „Við viljum eindregið koma þeim skoðunum á framfæri svo að horfið verði frá niðurrifi þess.“



**ALLIANCE HÚSIÐ** Húsafriðunarnefnd vill að horfið verði frá áætlunum um að rífa húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fyrirhugaður er fundur með borgarstjóra á miðvikudaginn vegna málsins og kveðst Þorsteinn hæfilega bjartsýnn. „Ég vona að borgarstjóri hlusti á okkar sjónarmið og taki mark á þeim,“ segir Þorsteinn.

Ekki náðist í borgarstjóra vegna málsins og Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu, hún vildi kynna sér það betur.

Húsið var byggt árin 1924 til 1925 og dregur nafn sitt af útgerðarfyrirtæki Thors Jensen, Alliance, sem þar var til húsa. Húsið er að sögn borgarminjavarðar á meðal síðustu minja um saltfiskvinnslu í Reykjavík. **- æþe**

Rallíslys um helgina:

## Útskrifaður af gjörgæsludeild

**SLYS** Ökumaðurinn sem slasaðist í rallaksturskeppni á laugardaginn hefur verið útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítalans.

Maðurinn hlaut slæma áverka, þar á meðal hryggbrot. Að lokinni aðgerð á manninum í gær var hann færður til og liggur hann nú á bæklunardeild spítalans. Að sögn vakthafandi læknis er líðan mannsins góð og mun hann ná sér að fullu að lokinni endurhæfingu. **- æþe**

Lögreglan í Reykjavík:

## Ók á 169 kílómetra hraða

**HRAÐAKSTUR** Ökumaður á nítjánda aldursári var mældur á 169 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi um helgina.

Lögreglan í Reykjavík stöðvaði alls 44 ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina.

Á Suðurlandsvegi var ökumaður stöðvaður fyrir að aka á 162 kílómetra hraða. Sá reyndist vera með útrunnið ökuskírteini.

Þá stöðvaði lögreglan í Reykjavík fimmtán ökumenn um helgina sem grunaðir eru um ölvunarakstur. **- æþe**



**SORGARDAGUR** Rússar syrgðu í gær 127 farþega sem fórust í flugslysi á sunnudag. Vladimír Pútín sést hér í þingsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslysið í Rússlandi:

## Efast um flugöryggi Rússa

**RÚSSLAND, AP** Þrjú óhöpp í rússneskum flugvélum í gær urðu til þess að fjölmargir Rússar ásökuðu flugmálayfirvöld um slakt eftirlit með flugvélum landsins.

Á sunnudag fórust 127 manns í flugslysi í Síberíu. Sjötíu og fimm manns lifðu slysið af, en margir þeirra liggja þungt haldnir á sjúkrahúsi. Talið er að bremsukerfi vélarinnar hafi bilað.

Óhöpp gærdagsins voru tvær nauðlendingar farþegaþotna, sem og misheppnað flugtak. Slösuðust þrír hermenn í því síðastnefnda.

Í maí fórst farþegavél í Svartahafinu og fórust 113 manns með vélinni. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Rán í Þingholtunum** Maður framdi rán í verslun í Þingholtunum um miðbik seinni hálfleiks í úrslitaleik Frakka og Ítala á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Maðurinn ógnaði starfsfólki með sprautunál og hafði á brott með sér eitthvað fé. Málið er í rannsókn lögreglunnar en maðurinn er ófundinn.

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum á frábæru verði o.m.fl.

## Slökunarsófar

Vandaður og afar þægilegur slökunarsófi með leðri á slitflötum og skemlum



Tilboðsverð aðeins kr.
**139.000.-**

Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.

## Slökunarstólar
í miklu úrvali

Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli

Tilboðsverð aðeins kr.
**54.000.-**






Vandaður "tungusófi" m/slitsterku áklæði - Litir: Ljóst, brúnt




Vönduðu sænsku KWA garðhúsgögnin eru komin!




Vandaður "tungusófi" m/áklæði - Einnig til 3ja sæta m/"tungu" kr. 89.000.-




Afar vandað leðursófasett 3+1+1 - Litir: Ljóst, rautt - Einnig til m/ákl. kr. 216.000.-

## Slökunarstólar
í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.
**58.500.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt






Vandaður "tungusófi" m/leðri - Einnig til 2ja sæta m/"tungu" kr. 99.000.-

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Kíktu í dag...**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375**

KORTER.IS



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir leiðtogi Norður-Kóreu?

2 Hver sigraði keppnina um Vestfjarðavíkinginn?

3 Hvað heitir nýjasti erfingi Russells Crowe?

SVÖR Á BLS. 34

Kæra vegna ráðningar framkvæmdastjóra dvalarheimilisins Höfða á Akranesi:

# Jafnréttislög ekki brotin

**JAFNRÉTTISMÁL** Dvalarheimilið Höfði á Akranesi braut ekki jafnréttislög með ráðningu Guðjóns Guðmundssonar í stöðu framkvæmdastjóra, samkvæmt áliti kærunefndar jafnréttismála sem gert var opinbert í gær.

Annar umsækjandi, Brynja Þorbjörnsdóttir, kærði ráðninguna í júlí 2005 til kærunefndarinnar og óskaði eftir afstöðu nefndarinnar til þess hvort brotið hefði verið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við ráðninguna.

Í álitinu koma fram bæði sjónarmið Brynju og stjórnarinnar. Brynja vísar til þess að hún búi yfir umtalsverðri reynslu og meiri menntun en Guðjón. Brynja vekur athygli á að stjórn dvalarheimilisins sé skipuð þremur sjálfstæðismönnum og að Guðjón hafi setið á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Stjórnin greiddi atkvæði um ráðninguna og hlaut Guðjón þrjú af fimm atkvæðum og Brynja hlaut tvö atkvæði.

Stjórnin rökstyður ráðninguna með því að Guðjón hafi mjög víðtæka reynslu og þekkingu af stjórnsýslu auk annarra fjölbreyttra starfa.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir að veita þurfi atvinnurekanda svigrúm til að meta og ákveða hvað ræður mestu við ráðningu í tiltekið starf og er þannig heimilt að ákveða hvort vegi þyngra, menntun eða reynsla umsækjenda. - sdg



**AÐALTORGIÐ Á AKRANESI** Ráðið var í starf framkvæmdastjóra dvalarheimilisins 3. maí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Slys í Þrengslunum:

## Einn tognaði í baki eftir veltu

**BÍLSLYS** Maður á þrítugsaldri tognaði í baki eftir að bifreið sem hann var farþegi í valt í Þrengslunum á leið til Þorlákshafnar aðfaranótt laugardags.

Ökumaðurinn, kona á svipuðum aldri, missti stjórn á bifreiðinni er einn hjólbarðanna hvellsprakk. Unga fólkið kallaði ekki eftir aðstoð lögreglu heldur eftir dráttarbifreið til að koma jeppanum aftur upp á veg. Jeppinn var illa ökufær og mikið skemmdur. Lögreglan á Selfossi segir óalgengt að hún fái ekki boð um bílveltur. Það sé mikilvægt að skrá atburðinn komi áverkar á fólki síðar í ljós, eins og í þessu tilviki. - gag

Breskir biskupar:

## Mótmæla kjarnorku

**BRETLAND, AP** Nítján biskupar ensku biskupakirkjunnar hafa sent bresku ríkisstjórninni opið bréf þar sem þeir fara fram á að hún endurskoði kjarnorkuáætlun Bretlands. Bréfið var birt í dagblaðinu The Independent í gær.

Ríkisstjórnin, sem Tony Blair forsætisráðherra leiðir, ætlar að taka ákvarðanir síðar á þessu ári um endurnýjun fjögurra kjarnorkuknúinna kafbáta í eigu hersins, en hver þeirra getur borið allt að sextán kjarnorkueldflaugar sem ganga undir nafninu Trident.

„Kjarnorkuvopn eru bein afneitun á kristilegum skilningi á friði og sáttum,“ segir í bréfinu. - smk

Kaupmannahafnarháskóli:

## Aldrei fleiri arabískunemar

**DANMÖRK** Tvöfalt fleiri hafa sótt um arabískunám við Kaupmannahafnarháskóla í vetur en í síðasta ári. Telja ráðamenn að hér sé helst að þakka athygli fjölmiðla á deilum milli Austurlanda- og Vesturlandabúa undanfarið. Þetta kemur fram á fréttavef danska blaðsins Politiken í gær.

„Ég held þetta sé sambland af vaxandi áhuga á Miðausturlöndum og því að fleiri börn innflytjenda sækja nú um háskólavist,“ segir Jakob Lange, yfirmaður skrifstofu skólans.

Jafnframt kemur fram að mun fleiri hafa sótt um nám í trúarbragðafræði í ár en áður, en á sama tíma sækja færri um nám í þýsku og frönsku. - smk

# Hækkun íbúðaverðs eykur greiðslubyrði

**Verðhækkun fasteigna síðustu misseri hefur leitt til meiri hækkunar á greiðslubyrði íbúðalána en vaxtahækkanir. Hagfræðingur segir eðlilegt að fasteignaverð fari lækkandi eftir verðhækkunina síðustu misseri.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Verðhækkun fasteigna hefur leitt til mun meiri hækkunar á greiðslubyrði íbúðalána heldur en vaxtahækkunin. Þetta sýna útreikningar sem Samtök atvinnulífsins hafa gert.

Borin eru saman kaup á 85 fermetra, þriggja herbergja íbúð í Grafarholti. Í öðru tilvikinu var íbúðin keypt í maí 2006 og var greiðslubyrði af sextán milljóna króna láni með 4,95 prósenta vöxtum tæpar 77 þúsund krónur á mánuði.

Ef íbúðin hefði verið keypt í nóvember 2004 og tekið áttatíu prósenta lán upp á rúmar 11,5 milljónir króna með 4,15 prósenta vöxtum hefði greiðslubyrðin verið tæpar fimmtíu þúsund krónur. Þarna munar því rúmum 27 þúsund krónum, þar af eru ríflega 21 þúsund krónur vegna verðhækkunarinnar og aðeins tæpar sex þúsund krónur vegna vaxtahækkunar.



GUÐLAUGUR STEFÁNSSON

„Fyrir unga fólkið, sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn, skiptir öllu máli að fasteignaverðið hætti að hækka og helst að það lækki,“ segir Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins. „Það getur verið skynsamlegt fyrir fólk að fresta því að festa kaup á sinni fyrstu íbúð meðan verðið er svona hátt. Ástæðan fyrir aukinni greiðslubyrði er þetta háa fasteignaverð en ekki svo mjög hækkandi vaxtabyrði. Vaxtabyrðin vegur í rauninni fremur létt eins og útreikningarnir sýna. Ef það væri vaxtabyrðin sem yki greiðslubyrðina þá fengi fólk það að hluta til bætt í vaxtabótum, en það er ekki í raunin í þessu tilviki.“

Guðlaugur telur hugsanlegt að fasteignaverð fari lækkandi og telur það eðlilegt en segir ekki æskilegt að það verði neinar „kollsteypur þarna frekar en annars staðar. Það liggur ljóst fyrir að verðið hefur hækkað töluvert umfram framleiðslukostnað. Það er mikið framboð af nýju húsnæði á markaðnum en upplýsingar benda til að það sé einhver sölutregða að verða og ekki er ólíklegt að það komi til einhverrar lækkunar. Fyrir þá sem ekki eiga húsnæði fyrir skiptir það máli.“

Guðlaugur bendir á að þróunin hafi sýnt að það hafi stundum orðið allt að þrjátíu til fjörutíu prósenta verðhækkun á ári og segir ekki óeðlilegt að það gangi að einhverju leyti til baka. Fasteignaverð hafi hækkað það mikið og langt umfram verðlag ef litið sé mörg ár aftur í tímann.

ghs@frettabladid.is



**UPPBYGGING Í NORÐLINGAHOLTI** Nýtt íbúðahverfi er nú í byggingu í Norðlingaholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DÆMI UM BREYTINGAR Á GREIÐSLUBYRÐI**

**Dæmi um ung hjón sem kaupa 85 fermetra þriggja herbergja íbúð í Grafarholti 2004 og 2006**

Heimild: Samtök atvinnulífsins

| | Kaupverð | 80% lán | Vextir | Greiðsla á mánuði |
|---|---|---|---|---|
| Nóvember 2004 | 14,5 milljónir | 11,6 milljónir | 4,15 prósent | 49.602 krónur |
| Maí 2006 | 20,0 milljónir | 16,0 milljónir | 4,95 prósent | 76.817 krónur |
| Hækkun vegna vaxtahækkunar | | | | 5.963 krónur |
| Hækkun vegna verðhækkunar | | | | 21.252 krónur |
| Samtals hækkun á greiðslubyrði | | | | **27.215** krónur |



**GRJÓTHNULLUNGUR ÚR ÓSHLÍÐINNI** Eins og sjá má var ekki um neina smá steina að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/KÁRI

Grjóthrun í Óshlíð:

## Fóru í gegnum varnargirðingu

**VESTFIRÐIR** Lögreglunni í Bolungarvík var tilkynnt um töluvert grjóthrun úr Óshlíðinni um eittleytið í fyrrinótt.

Þegar lögregla kom á staðinn sá hún hvar fjórir stórir hnullungar lágu á veginum. Að sögn lögreglu voru steinarnir um einn og hálfur metri að breidd og hæð og höfðu þeir farið tiltölulega auðveldlega í gegnum járnnet, sem búið er að setja upp við hlið vegarins til varnar grjóthruni sem þessu.

Ekki þarf að spyrja að leikslokum ef bíll hefði verið á ferðinni um hlíðina þegar steinarnir ultu. - æþe

Skotárásin í Hafnarfirði:

## Varðhald stytt um tvær vikur

**GÆSLUVARÐHALD** Hæstiréttur stytti gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir mönnunum tveimur sem grunaðir eru um aðild að skotárásinni í Hafnarfirði í síðasta mánuði.

Héraðsdómur Reykjaness hafði áður dæmt mennina í gæsluvarðhald til 29. ágúst næstkomandi en Hæstiréttur stytti úrskurðinn um tvær vikur. Þeim skal verða sleppt 15. ágúst næstkomandi. - æþe

## AFGANISTAN

**Flugskeytaárás á Finna** Finnskir hermenn urðu fyrir flugskeytaárás í búðum sínum í Kabúl um helgina. Þremur skeytum var skotið að búðunum en enginn særðist í árásinni. Þetta kemur fram í Dagens Nyheter.



**NÝTT SKIP SAMHERJA** Nafni þess verður breytt í Margrét en Samherji hefur gert út skip með því nafni undanfarna tvo áratugi.

Samherji á Akureyri:

## Nýtt skip bætist í flotann í dag

**SJÁVARÚTVEGUR** Samherji hf. hefur keypt skip til veiða á uppsjávarfiski og er það væntanlegt til Akureyrar í dag. Skipið er keypt frá Hjaltlandseyjum en það var smíðað í Noregi 1998. Skipið heitir Serene og ber einkennisstafina LK-297 en nafni þess verður breytt í Margrét EA 710. Samherji hefur gert út skip með Margrétarnafninu í tuttugu ár.

Skipið er 71 metri á lengd og 13 metrar á breidd. Vél þess er 10.000 hestöfl og burðargeta 2.100 tonn í sjókælitönkum.

Samherji tekur formlega við skipinu síðar í vikunni og er áætlað að það haldi fljótlega til veiða. - bþs

Flugvél fórst í Pakistan með fjögurra manna áhöfn og 41 farþega:

# Skall til jarðar skömmu eftir flugtak

**PAKISTAN, AP** Fjörutíu og fimm manns fórust með pakistanskri farþegaflugvél sem hrapaði til jarðar stuttu eftir flugtak frá flugvelli í borginni Multan í austurhluta Pakistans.

Flugvélin, sem var af gerðinni Fokker F-27, brotlenti á hveitiakri skammt fyrir utan borgina. Ekki er vitað um orsök slyssins, en vélin hafði snúist í hringi í loftinu áður en hún skall til jarðar þar sem hún varð strax alelda.

Fjögurra manna áhöfn vélarinnar fórst ásamt 41 farþega, pakistanskir að uppruna. Meðal farþeganna voru tveir dómarar við hæstarétt í Lahore og yfirmaður ríkisrekins háskóla í Multan. Ein flugfreyja, sem var lifandi þegar fólk kom að slysstaðnum, lést á sjúkrahúsi skömmu síðar.

Vélin var í innanlandsflugi og var ferðinni heitið til Lahore, héraðshöfuðborgar í Punjab, sem er hérað í austanverðu Pakistan.

„Það varð gríðarmikil sprenging eftir að vélin skall til jarðar,“ sagði Mohammed Nadeem, skartgripasali sem býr skammt frá slysstaðnum.

Flugvélin hefur verið í notkun frá því árið 1979 og hefur nokkrum sinnum þurft að nauðlenda henni á síðustu árum. Ekkert benti til þess að hún hefði farist af völdum hermdarverka. - gb



**SKAMMT FRÁ SLYSSTAÐNUM** Margir ættingjar og vinir þeirra sem fórust komu fljótt að slysstaðnum, sem var skammt frá flugvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# MP4 ER KOMIÐ með Archos AV 500

## TÓNLIST og BÍÓ í einu tæki

Með Archos AV 500 getur þú geymt allt að 100 kvikmyndir, 400.000 ljósmyndir og allt tónlistarsafnið þitt.




### Þú getur hlustað á MP3

» Þú getur einnig tengt Archos við stereo-græjurnar.

» Archos geymir allt tónlistarsafnið þitt.



### Þú getur tekið beint upp úr sjónvarpinu

» Og eigið efni af DVD.

» Þú getur geymt allt að 100 kvikmyndir í Archos.

» Tengdu stafrænu myndavélina þína við Archos og færðu myndirnar yfir í spilarann.

» Þú getur fært efnið yfir í tölvu eða horft á það á innbyggða skjánum.

### Innbyggt 100 GB minni*

» Auðvelt er að tengja Archos við tölvu, bæði PC og Mac og færa gögn á milli.

» 4 tommu 262.000 lita LCD skjár með 480x272 pixla upplausn. Frábær myndgæði.

* Að meðaltali, miðað við 100 GB harðan disk, 3,5 mín./lag og 64 kbit/s WMA (meiri gæði fást með 128 kbit/s eða meira), 500 kbit/s MPEG-4 hljóð-/myndstaðal og eina og hálfa klukkustund á kvikmynd (fyrir DVD-gæði er mælt með 1500 kbit/s eða meira), JPEG, VGA.

## Archos MP4 er framtíðin

Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

piper / SÍA



**Í SUMARSKÓLA HAMAS-SAMTAKANNA** Innrás Ísraelsmanna truflaði ekki þessa pilta, sem voru að æfa leikfimi í gær í sumarskóla Hamas-samtakanna á Gaza-ströndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Fólk ætti að koma verðmætum í vörslu áður en haldið er í ferðalög:

# Fleiri innbrot í stærri eignir

**INNBROT** Af innbrotum í íbúðahúsnæði er algengast að brotist sé inn í einbýlis- og raðhús að sögn Árna Vigfússonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík. Lögreglan brýnir fyrir fólki að ganga vel frá heimili sínu áður en haldið er í ferðalag. Innbrotsþjófar eru á ferðinni allan ársins hring, en eiga sérstaklega auðvelt með að athafna sig þegar fjölskyldur landsins eru að heiman í sumarfríum.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar, segir mikilvægt að ganga vel frá öllu og læsa gluggum og hurðum áður en haldið er í frí. „Þá er mikilvægt að skilja ekki eftir upplýsingar um ferðatilhögun á símsvaranum.“ Hörður segir mynstrið í innbrotum orðið þannig að jafnt sé brotist inn að degi og nóttu og því ættu nágrannar sem standa vaktina að gefa grunsamlegum mannaferðum allan sólarhringinn gaum og hringja á lögreglu ef þörf er á.

Árni Vigfússon, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að fólk ætti að passa sérstaklega upp á fartölvur og myndavélar og koma þessum hlutum í örugga vörslu áður en haldið er í frí. „Það er gott ráð að láta líta út eins og einhver sé heima, skilja eftir ljós í íbúðinni og láta hirða póst úr pósthólfinu þannig að hann hlaðist ekki upp.“ - hs



**BRÝNT AÐ GANGA VEL FRÁ** Fólk ætti að ganga vel frá áður en haldið er í frí og fá nágranna til að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum.

Öryggisupplýsingar:

## Bretar breyta um kerfi

**LONDON, AP** Bretar hyggjast breyta viðbúnaðarstigskerfi sínu sem gefur til kynna mögulega hættu vegna hryðjuverka en ríkisstjórn landsins hefur sætt gagnrýni vegna núverandi kerfis.

Haft er eftir manni í öryggisnefnd breska þingins að eftir hryðjuverkaárásirnar í London á síðasta ári sé enn meiri þörf á því að almenningur sé vel upplýstur og verða upplýsingar um viðbúnaðarstig aðgengilegar á netinu. Líklegt er talið að nýja flokkunin verði að bandarískri fyrirmynd en samkvæmt dagblaðinu The Sunday Telegraph verða viðbúnaðarstigin þó ekki litaflokkuð. - khh

Ráðning bæjarstjóra:

## Tíu sóttu um í Bolungarvík

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Frestur til að sækja um stöðu bæjarstjóra í Bolungarvíkurkaupstað rann út á miðnætti aðfaranótt mánudags. Höfðu þá tíu sótt um stöðuna.



**SOFFÍA VAGNSDÓTTIR**

Soffía Vagnsdóttir, nýr forseti bæjarstjórnar, segir að beðið verði eftir pósti í dag, en ákvörðun verði líklega tekin í vikulok og ráðning fari fram. Nýr meirihluti Bæjarmálafélags Bolungarvíkur og Afls til áhrifa var myndaður í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í maí. Soffía fagnar því hve mikill áhugi er fyrir stöðu bæjarstjóra í Bolungarvík, en vill ekkert gefa upp um hverjir sóttu um stöðuna. - sgj



**KÍNVERSKIR SJÚKLINGAR** Í Taívan er gert út á ferðamennsku með boðum um bætta heilbrigðisþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsvarsmenn heilbrigðisþjónustu í Taívan:

## Vilja viðskipti við Kína

**TAIPEI, AP** Fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum í Taívan vonast til þess að fá fleiri velstæða kínverska kúnna til að sækja sér læknisþjónustu þar í landi og segja hana betri en hjá sambærilegum kínverskum fyrirtækjum.

Um tíu þúsund kínverskir ferðamenn heimsækja landið í hverjum mánuði þrátt fyrir að beinar samgöngur séu bannaðar milli landanna, en löndin hafa ekki átt í opinberu sambandi síðan árið 1949 þegar borgarastyrjöld klauf bandalag þeirra.

Einkafyrirtæki í báðum löndunum vinna að því að aflétta ferðabanninu, en stjórnvöld í löndunum eru tregari til slíks og vísa til öryggisákvæða. - khh



**SJAMÍL BASAJEV** Basajev er talinn hafa verið forsprakki einnar hrikalegustu hryðjuverkaárásar síðustu ára, gíslatökunnar í Beslan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Basajev deyr í næturárás

**Tsjetsjenskur uppreisnarleiðtogi var drepinn af rússneskum stjórnvöldum í næturáhlaupi. Rússlandsforseti kallar morðið réttláta hefnd fyrir Beslan-árásina.**

**RÚSSLAND, AP** Sjamíl Basajev, uppreisnarleiðtogi frá Tsjetsjeníu, var drepinn í gær í aðgerð rússneskra stjórnvalda, að sögn yfirmanns rússnesku alríkislögreglunnar, Nikolai Patrúsjev.

Patrúsjev tilkynnti Vladimír Pútín Rússlandsforseta, í beinni sjónvarpsútsendingu, að Basajev hefði verið drepinn í næturáhlaupi aðfaranótt mánudags í sjálfstjórnarhéraðinu Ingúsetíu. Basajev var fjörutíu og eins árs að aldri. Auk hans létust margir aðrir uppreisnarmenn í árásinni.

Pútín kallaði morðið „réttláta hefnd“ fyrir árásirnar í september 2004, þegar um þrjátíu tsjetsjenskir byssumenn tóku skóla í bænum Beslan í Norður-Ossetíu herskildi og héldu börnum og kennurum í gíslingu. Gíslatakan endaði í blóðbaði tveimur dögum seinna og 331 óbreyttur borgari lét lífið. Basajev lýsti því yfir í kjölfarið að hann bæri ábyrgð á árásunum.

Rússnesk stjórnvöld töldu að aðskilnaðarsinnar mundu láta til sín taka á fundi G-8 ríkjanna í Pétursborg sem hefst um næstu helgi.

Forseti héraðsstjórnar Tsjetsjeníu, sem studd er af rússneskum stjórnvöldum, sagðist vona að lát Basajevs markaði endalok baráttunnar gegn vígahópum aðskilnaðarsinna. steindor@frettabladid.is

**GLÆPIR OG HRYÐJUVERK SEM SHAMIL BASAJEV VAR SAKAÐUR UM AÐ EIGA AÐILD AÐ**

**13. október 2005** Byssumenn gera árás á lögreglu í Nalchik í héraði nálægt Tsjetsjeníu. 139 farast í árásinni, þar af 94 árásarmenn.

**1. september 2004** 30 tsjetsjenskir aðskilnaðarsinnar hertaka skóla í Beslan í Norður-Ossetíu. 331 ferst í sprengingum og kúlnahríð eftir tveggja daga umsátur.

**24. ágúst 2004** Tvær flugvélar hrapa nær samtímis á flugvelli í Moskvu beint eftir flugtak vegna sjálfsmorðsárásar. 90 láta lífið.

**9. maí 2004** Sprengja springur á leikvangi í Grozní, höfuðborg Tsjetsjeníu. Meðal 24 látinna er forseti landsins, Akhmad Kadyrov.

**5. desember 2003** 44 farast í sjálfsmorðssprengju í lest, tveimur dögum fyrir þingkosningar í Rússlandi.

**27. desember 2002** Bílsprengja eyðileggur aðsetur héraðsstjórnar Tsjetsjeníu í Grozní og 72 láta lífið.

**23. október 2002** Tsjetsjenskir vígamenn taka um 800 manns í gíslingu í rússnesku leikhúsi. Tveimur dögum seinna ráðast rússneskar sérsveitir inn í leikhúsið. 129 gíslar og 41 gíslatökumannanna látast, en flestir dóu vegna taugagassins sem sérsveitirnar notuðu til að yfirbuga árásarmennina.

**Ágúst 1999** Fjórar íbúðabyggingar í Moskvu springa og um 300 manns deyja. Basajev neitar ábyrgð, en árásin er notuð sem ein af ástæðum Rússa fyrir innrás í Tsjetsjeníu.

**14. júní 1995** Basajev leiðir vígahóp í spítalann í Budyonnovsk. 1000 manns eru teknir í gíslingu og um hundrað eru drepnir. Fleiri deyja þegar rússneski herinn ræðst inn í spítalann þremur dögum síðar.




Vertu á hellu í sumar fyrir

4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar

FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Staðgreiðslulán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði

# VERKLEGIR VINNUPALLAR

KRAUSE

Í Múrbúðinni er glæsilegt úrval af vinnupöllum og - tröppum á sérlega hagstæðu verði



KRAUSE STABILO 3,7m
kr. 94.500,- m/vsk



KRAUSE PROTEC 6,3m
kr. 188.556,- m/vsk



CORDA MOBILE kr.18,900 m/vsk





Stigi/trappa kr. 8.655,-
(margar stærðir og gerðir)



MACC vinnupallur
á hjólum kr.118.569,-

Tröppur fyrir fagmenn





KRAUSE STABILO 4,7 m
kr.139.800,- m/vsk



KRAUSE STABILO 82 m²
kr. 479.325,- m/vsk
(aðeins hluti sýndur hér)



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## „ORÐRÉTT"

*Fótboltahjátrú*

**„Þráinn var klæddur hátíðabúningi að tógóskum hætti og bar vúdúheillagrip um hálsinn."**

HILMAR BJÖRNSSON, FORSTÖÐUMAÐUR SÝNAR, SAGÐI AÐ ÞRÁINN BERTELSSON HEFÐI VERIÐ EFTIRMINNILEGASTI GESTURINN Í MYNDVERINU MEÐAN Á HM STÓÐ.

*Misheppnaðar gellur*

**„Ég er að gera andlitsmyndir af stelpum, misheppnuðum gellum sem klæða sig eins og þær séu svartar, en þær komast ekki upp með það af því að þær eru rauðhærðar og freknóttar."**

LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR, NEMI Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, ER ÖNNUR TVEGGJA SEM STANDA AÐ SÝNINGUNNI „STRAIGHT OUT OF SKAFTAFELL" Á SEYÐISFIRÐI SEM ER BLANDA AF HIPPHOPP VERULEIKA OG UNGLINGAMENNINGU.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HRÖNN GREIPSDÓTTIR HÓTELSTJÓRI Á HÓTEL SÖGU

# *Annar besti júnímánuður í sögunni*



Hrönn Greipsdóttir, hótelstjóri á Radisson SAS Hótel Sögu, er í sumarfríi þegar Fréttablaðið nær af henni tali. ¿Maður reynir að taka dag og dag. Á þessum tíma árs er mikið að gera alls staðar í ferðaþjónustunni þannig að maður fer ekkert langt í burtu,¿ segir Hrönn glaðlega. Hún segir að starfsfólkið á Hótel Sögu sé til mikillar fyrirmyndar og sjái um að allt gangi vel fyrir sig, þrátt fyrir að hún sé í fríi. ¿Ég fæ yfirleitt að vera nokkuð mikið í friði,¿ segir hún.

Sumarið hefur leikið við Hrönn, að minnsta kosti það sem af er, og er hún sérstaklega ánægð með hvernig hótelreksturinn hefur gengið. ¿Júní var alveg hreint frábær og við náðum annarri bestu nýtingu í 44 ára sögu Hótel Sögu. Það var aðvitað mjög ánægjulegt.¿ Hrönn er sérlega ánægð með árangurinn í ljósi breyttra aðstæðna í hótelheimi borgarinnar, en eins og kunnugt er hefur töluvert verið byggt af nýjum hótelum í höfuðborginni. ¿Greinilegt er að margir ferðamenn eru að koma til landsins og að þrátt fyrir aukið gistirými hér í Reykjavík hefur okkur tekist að halda góðri nýtingu yfir sumarmánuðina, þó svo veturinn sé alltaf dálítið erfiðari,¿ bætir Hrönn við.

Að sögn Hrannar átti Hótel Saga ekki í miklum vandræðum með að manna stöður vegna sumarleyfa, þótt hún hafi vissulega greint áhrif mikils framboðs á vinnu. ¿Það er erfiðara en oft áður að finna starfsfólk, því miður. Okkur hefur þó tekist að manna allar þær stöður sem hafa losnað hingað til. Einhvern veginn virðist það samt vera þannig að hótelin þykja alltaf mjög spennandi,¿ segir Hrönn Greipsdóttir.

## SJÓNARHÓLL
**ÚRSLITALEIKUR HM Í FÓTBOLTA**

### *Hættulegri en síkópat með öxi*



**LOGI ÓLAFSSON**

„Mér fannst leikurinn ágætis skemmtun á að horfa," segir Logi Ólafsson, fyrrum landsliðsþjálfari í knattspyrnu og núverandi þjálfari upprennandi knattspyrnunörda, í væntanlegum sjónvarpsþætti á Sýn. „Ítalirnir voru kannski með yfirhöndina í fyrri hálfleiknum en síðan fannst mér nú Frakkarnir vera betri í seinni hálfleik og hefðu kannski getað knúið fram sigur með því að vera svolítið ákafari í því að koma með fleiri menn inn í vítateiginn. Ég held að Ítalir séu vel að sigrinum komnir þótt maður hafi borið smá von í brjósti um að Zinedine Zidane myndi enda sinn feril sem besti maður keppninnar og heimsmeistari en það fór nú öðruvísi en á horfðist."

Loga var ekki skemmt þegar Zidane stangaði Materazzi, varnarmann Ítala, í brjóstkassann. „Maður varð fyrir andlegu sjokki þegar maður sá hvað gerðist og þurfti nánast áfallahjálp á eftir. Ég hef nú samt tilhneigingu til að fyrirgefa Zidane þótt hann missi sig í nokkrar sekúndur á löngum og gifturíkum ferli því ég hef reynslu af Materazzi úr leik Íslands við Ítalíu á Laugardalsvelli. Ég get alveg fullyrt að hann er ekki hvers manns hugljúfi sá drengur. Materazzi í fótboltaskóm er hættulegri en síkópat með öxi. Honum líður örugglega illa eftir þetta og ég vona nú bara að Materazzi líði ekki vel heldur," segir Logi, sem þó er sammála því að Zidane hafi verið besti leikmaður mótsins.

# Mikið að gera á HM

**Heimsmeistarakeppninni í fótbolta er lokið og ljóst að mörg fyrirtæki hafa grætt verulega á mótinu. Efnahagslegra áhrifa HM gætir hér á landi þar sem ýmis fyrirtæki, stór og smá, fundu fyrir söluaukningu í beinum tengslum við keppnina.**



**FÓTBOLTATREYJURNAR VINSÆLAR Á HM** Valdimar Magnússon, eigandi knattspyrnuverslunarinnar Jóa útherja, segir að salan á fótboltatreyjum hafi slegið öll met meðan á heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Valdimars Magnússonar, eiganda knattspyrnuverslunarinnar Jóa útherja, sló salan á fótboltatreyjum öll met meðan á HM stóð. Einnig fjárfestu fleiri en gengur og gerist í fótboltum og fótboltaskóm undanfarnar vikur, enda grípur marga löngun til að æfa knattleikni þegar meistararnir sýna hvernig fótboltinn gerist bestur. Athygli vekur að í aðdraganda mótsins voru treyjur ítölsku heimsmeistaranna ekki efstar á vinsældalista Íslendinga. Þeir kusu frekar treyjur Argentínu og Þýskalands, svo dæmi séu tekin, en Valdimar segir annars að engin ein treyja hafi selst áberandi mest. „Í fyrsta lagi var bara erfitt að fá þessa ítölsku því það var svo lítið til af henni. Ítalir gerðu þetta líka bara eins og alltaf þegar þeir vinna, brjótast allt í einu fram og vinna mótið," segir Valdimar.

Aðspurður um hvort salan í Jóa útherja eigi eftir að dragast verulega saman, nú þegar fótboltaveislunni er lokið, segir Valdimar að það sé af og frá. „HM er bara búið, heimurinn er ekki búinn," bætir hann við og segir að í fótboltaheiminum reki hver stórviðburðurinn annan. „Fótboltinn er ekki búinn þótt Zidane hafi hætt."

Fjölmargir fótboltaaðdáendur völdu að fylgjast með liðinu sínu keppa á börum borgarinnar. Glaumbar í Tryggvagötu er einn þeirra staða sem sinna fótboltavertíðinni og segir Ófeigur Friðriksson, annar eigandi staðarins, að mikið hafi verið að gera meðan á mótinu stóð. „Við gerðum gagngerar breytingar á staðnum fyrir heimsmeistarakeppnina til að gera aðstöðuna betri. Það hefðum við aldrei gert nema af því að við vissum að þetta myndi skila sér," segir Ófeigur. Fjöldi þeirra sem fylgdust með HM-leikjunum á Glaumbar fór hátt í annað hundrað þegar best lét.

Ófeigur viðurkennir að staðurinn verði tómlegur nú þegar keppninni er lokið. Í næstu viku er meira að segja ætlunin að loka Glaumbar í nokkra daga og verður tíminn notaður til að gera þar breytingar. „Við hefðum aldrei getað lokað meðan á HM stóð," segir Ófeigur.



**BIKARINN EFTIRSÓTTI** Keppnin um heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu hefur bein áhrif á sölu ýmissa fyrirtækja á Íslandi.

Veitingastaðir fóru ekki varhluta af aukinni sölu í kringum HM, enda kusu margir að láta aðra sjá um matinn svo þeir gætu horft óáreittir á fótboltann. Pizzukeðjan Domino`s auglýsti sérstakt HM-tilboð og fylgdi því aukin sala. „Það var yfirleitt mikið að gera hérna rétt fyrir leiki og í hálfleik, því margir pöntuðu mat til að geta sótt í hálfleik," segir Baldur Baldursson, framkvæmdastjóri Domino`s pizza. Hann segir að í söluáætlun fyrir þær vikur sem HM stóð yfir hafi verið gert ráð fyrir aukinni sölu sem fylgir móti af þessari stærðargráðu og því verði aðeins rólegra á veitingastöðunum núna þegar mótinu er lokið.






Hvítlaukspressa m/glasi **kr. 5.450**

Sjálfvökvandi pottar frá **kr. 2.340**

# Gjafavörur
**frá** eva solo



Salatskál 26 cm **kr. 5.470**

Líf & List
SMÁRALIND
sími 544 2140


# Lalla lúðu bjargað

Yngstu viðskiptavinir Sorpu geta nú lært um umhverfismál á skemmtilegan hátt. Á heimasíðu fyrirtækisins, sorpa.is, er að finna nýja leiki þar sem krakkar geta meðal annars bjargað Lalla lúðu úr menguðum sjónum með því að henda spilliefnum í eiturefnakörfu, búið til moltu úr lífrænu rusli og flokkað rusl af færibandi.

„Við höfum ekki fengið neitt nema góð viðbrögð," segir Sif Svavarsdóttir, fulltrúi á gæða- og þjónustusviði Sorpu. Leikjavefurinn hefur verið opinn frá því í síðustu viku og er hannaður til að styðja við þá fræðslu sem Sorpa veitir börnum á öllum aldri. „Hugmyndin er að fræða börnin okkar um hvað við erum að gera hjá Sorpu, úrgangsmál og umhverfismál almennt," segir Sif.



**LEIKJASÍÐA SORPU** Yngsta kynslóðin ætti að geta skemmt sér vel á heimasíðu Sorpu.

Leikirnir eru hannaðir fyrir yngstu kynslóðina en á leikjasíðunni er einnig að finna upplýsingar fyrir foreldra. „Leikjasíðan á því líka að vera vettvangur fyrir foreldra að skoða þetta með börnunum sínum," segir Sif.

# Sigu niður hæsta foss landsins

Félagar úr björgunarsveitinni Suðurnes í Keflavík sigu niður hæsta foss Íslands, Glym í Botnsá í Hvalfirði, síðasta laugardag en ekki er vitað til þess að nokkur hafi lagt í slíka svaðilför fyrr enda er fossinn nærri tvö hundruð metrar á hæð.

Lagt var upp fimm um morguninn því örðugt er að komast að fossinum og þurfti hópurinn að ganga síðustu þrjá kílómetrana með 180 kíló af búnaði. „Það voru tveir minni stallar sem við sigum að fyrst til að koma fyrir tryggingum og slíku en svo létum við vaða niður fossinn,“ segir Haraldur Haraldsson, annar sigmannanna. „Tilfinningin var mjög góð en þetta var líka mjög erfitt og hættulegt, þetta tók svakalega á – ekki aðeins fyrir þá sem sigu heldur allan mannskapinn.“ Alls voru ellefu manns í hópnum en ákvörðun var tekin um að aðeins tveir myndu siga, Haraldur og Samúel Albert Ólafsson. „Ég neita því ekki að þetta voru skrítnar tilfinningar þegar maður fór fram af, fossinn er skráður 198 metrar og því er þetta vel yfir tvær Hallgrímskirkjur.“ Ferðin niður tók rúmar tíu mínútur.

Haraldur segir að ferðin hafi verið mikil ögrun og líklega það erfiðasta sem hann hafi gert. „Þetta gerir maður bara einu sinni. Auðvitað færi ég aftur ef nauðsyn krefði en ekki bara fyrir sjálfan mig.“ **- khh**



**VÍGALEGUR HÓPUR** Smáskvettur úr fossinum urðu að steinhnullungum þegar komið var niður í 100 metra hæð. MYND/SAMÚEL ALBERT ÓLAFSSON



**HÁTÍSKA Í PARÍS** Þessi skrautlega fyrirsæta sýnir hér hönnun Johns Galliano fyrir Christian Dior á Haute Couture-sýningunni sem haldin var í París. NORDICPHOTOS/AFP



**ARTEMIS** Gyðjan má víst muna fífil sinn fegri, en aldrei er að vita nema höfuð hennar snoppufrítt leynist enn í rústunum. NORDICPHOTOS/AFP

# Fundu Artemis í rústunum

Fornleifafræðingar hafa greint frá fundi tvö þúsund ára gamallar styttu af Artemis, gyðju veiða, villidýra, frjósemi og tunglsins. Dóttir Seifs og Letóar og systir Appolóns er nú höfðinu styttri og útlimalaus, en þó áttatíu og tveggja sentimetra há. Hún fannst í bænum Lárissa í Þessalóníku, miðhluta Grikklands.

Gyðjan fannst meðal tuga brotinna stólpa og áletrana, sem talin eru hafa myndað leikhús í Grikklandi til forna. Í marmarastyttuna er mótaður hefðbundinn stuttur kyrtill og dádýrsfeldur.

Fornleifafræðingarnir fundu einnig mikið af unnum kalksteini og marmarastólpum og um eitt hundrað áletraða steina, sem taldir eru geta varpað nýju ljósi á sögu bæjarins. Einnig er órannsakaður fjöldi muna sem gætu verið enn merkilegri, því uppgröftur er skammt á veg kominn.

Leikhúsið sem geymdi gyðjuna var reist á þriðju öld fyrir okkar tímatal, en hrundi til grunna í jarðskjálfta tveimur öldum síðar. Rómverjar nýttu svo rústir þess til að leggja gangstétt, líklega fyrir leikvang skylmingaþræla. **- kóþ**


Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Blautur stútur og mallakútur
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566
sturta.is

www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil

+„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“



B-súper 120
Góð blanda B vítamína sem talin eru styrkja ónæmis og taugakerfi og stuðla að betri orkunýtingu líkamans.



PGX - Drykkjarblanda
Bylting í þyngdarstjórnun.
Misstu fituna - ekki vöðvamassa eða vökva.



tilboð
EAS fitubrennslutvenna
CLA + EVERLEAN
aðeins 1.985,- kr.*
* á meðan birgðir endast



TREK hráfæðis próteinbar
Náttúruleg orka, tilvalið í nestispokann, engin aukaefni og enginn viðbættur sykur.



Aloevera gel
Alovera Gel 99,3% róar magann og kemur jafnvægi á þarmastarfsemina. Hefur einnig kælandi og græðandi áhrif á húð t.d. vegna sólbruna.



kaupauki
VEGA Acidoph+detox
Þú kaupir eitt glas af Vega Champignon og færð eitt glas af Vega Acidophilus bifidus complex í kaupbæti. Champignon+FOS og Spirulina léttir undir með hreinsunarferli líkamans. Acidophilus Bifidus Complex+FOS hjálpar til að viðhalda góðri meltingaflóru.*
* á meðan birgðir endast

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33406 07/2006

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási




Gildir 11. júlí á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.
Pagen kanilsnúðar
99 kr/pk.
Myllu Baguette 2 stk
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/pk.
Pagen bruður
99 kr/stk.
Eðal ítalskt salat 200 g
99 kr/stk.
Stjörnusalat 210 g
99 kr/pk.
Holta pylsur
99 kr/2 pk.
Tuc kex m/salti og pipar
99 kr/stk.
Rice Dream 1 ltr.
99 kr/stk.
Hunts grillsósur
99 kr/stk.
GK ís vanillu, súkkulaði
99 kr/kg.
Vatnsmelónur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Heildarfjöldi símtala á Íslandi (Í þúsundum mínútna)




Heimild www.pta.is

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÓLYMPÍULEIKAR ANDLEGA FATLAÐRA

# *Eykur sjálfstraust og félagshæfni*

Ólympíuleikar andlega fatlaðra, eða Special Olympics, eru íþróttahátíð sem haldin er á fjögurra ára fresti, líkt og Ólympíuleikarnir og Ólympíuleikar fatlaðra, Paralympic Games. Keppnin var stofnuð af Eunice Kennedy Shriver á sjöunda áratugnum en systir hennar, Rosemary Kennedy, sem var andlega fötluð, varð henni innblástur til að koma keppninni á fót. Slagorð keppninnar er „Gefðu mér færi á að sigra. En ef ég get ekki sigrað, leyfðu mér að gera hugrakka tilraun til þess.“

**Hvert er markmið keppninnar?**
Keppnin snýst um að hjálpa andlega fötluðum að öðlast sjálfstraust og félagshæfni með íþróttaiðkun og keppnisanda. Keppendurnir fá einnig mikilvæga líkamlega þjálfun og bæta þannig heilsu sína. Það er trú skipuleggjenda að líðan andlega fatlaðra einstaklinga sé hægt að stórbæta með íþróttaiðkun og félagslegum samskiptum við þjálfara sína og mótherja. Takmark hefur verið sett um að fjölga þátttakendum í leikunum til muna.

**Hvernig er skipulag keppninnar?**
Yfir tvær milljónir keppenda, frá börnum til fullorðna, taka þátt í íþróttastarfinu í meira en 150 löndum. Samtökin bjóða upp á þjálfun fyrir keppendur allan ársins hring og keppni í 26 vetrar- og sumaríþróttum. Þátttaka kostar ekkert og keppt er í mörgum flokkum eftir getu og aðstæðum hvers og eins. Seinustu sumarleikar voru haldnir í Dyflinni á Írlandi árið 2003, en þeir voru þeir fyrstu sem haldnir voru utan Bandaríkjanna. Næstu sumarleikar verða í Shanghai á næsta ári. Árið 2005 var svo vetrarkeppni í Nagano, en næsta vetrarkeppni verður haldin í Idaho-ríki í Bandaríkjunum.



## SPURT OG SVARAÐ
GAGNAEYÐING

### *Sent utan til endurvinnslu*



SÆMUNDUR SVERRISSON Í GAGNAEYÐINGU

Sæmundur Sverrisson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Gagnaeyðing sem sérhæfir sig í að eyða gögnum og trúnaðarupplýsingum.

**Hverjir nýta sér þjónustu fyrirtækisins?**
Við þjónustum alla þá sem þurfa á gagnaeyðingu að halda, allt frá einstaklingum til fyrirtækja og ríkisstofnana.

**Hvernig fer eyðingin fram?**
Gögnin berast okkur eða eru sótt og síðan fer eyðingin fram á lokuðu öryggissvæði. Þar eru gögnin tætt í kurl, geisladiskar og harðir diskar út tölvum eru muldir í smátt og síðan er öllu komið í endurvinnslu erlendis.

**Nýta margir sér þjónustu fyrirtækisins utan hefðbundins skrifstofutíma?**
Það eru ekki margir en það kemur fyrir, bæði á kvöldin og um helgar. Sendingar utan af landi berast oft seint á daginn og víða er verið að taka til utan venjulegs opnunartíma, til dæmis ef fyrirtæki eru að flytja og þá bjóðum við upp á að hreinsa út hjá þeim.

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölnis Elvarssonar og Rósu Svövudóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

# Sjóræningjar fá sínu framgengt

**Koma svokallaðra sjóræningjatogara til veiða á úthafskarfa, rétt utan við íslensku efnahagslögsöguna suðvestur af Reykjanesi, er árviss viðburður. Íslensk stjórnvöld reyna að stemma stigu við veiðum þeirra en samstaða þeirra þjóða sem hagsmuna hafa að gæta mætti vera meiri.**

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hringdi á dögunum til norska kollega síns, Helgu Pedersen, til að kvarta yfir því að sjóræningjatogarinn Juanita hefði fengið þjónustu í norskri höfn. Togarinn, sem er á svörtum lista Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), fékk veiðarfærin í skrúfuna þegar hann var að veiðum á úthafskarfamiðunum á Reykjaneshrygg. Einar sendi í kjölfarið formlegt bréf til að árétta sjónarmið sitt og krefjast frekari skýringa. Einar hefur lýst furðu sinni á þeirri ákvörðun norskra stjórnvalda að veita skipinu þjónustu, ekki síst í ljósi þess að íslensk stjórnvöld höfðu nýlega lýst stuðningi sínum við aðgerðir Norðmanna við baráttu við sjóræningjaskip sem veiða í Barentshafi og að samþykktir NEAFC voru þverbrotnar með því að veita Juanitu þjónustu.



**STUGGAÐ VIÐ SJÓRÆNINGJUM** Landhelgisgæslan hefur talið tólf þjónustuskip á úthafskarfamiðunum. Þau sem veita sjóræningjaskipum þjónustu fara á svarta lista NEAFC. MYND/LHG

### Samstarf í orði

Á ársfundi NEAFC árið 2003 var boðað að tekið yrði upp stóraukið eftirlit með fiskiskipum, með það að markmiði að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar. Á þeim fundi fiskveiðinefndarinnar var samþykkt að farið yrði um borð í fiskiskip á hafi úti og hafnir yrðu heimsóttar og allt kapp yrði lagt á að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar. Þá var ákveðið að útbúa svokallaðan svartan lista með nöfnum viðkomandi skipa og koma í veg fyrir að þau gætu landað ólöglegum afla í höfnum í Evrópu og víðar og á hafi úti. NEAFC samþykkti síðan nýlega að banna skipum sem stunda ólöglegar veiðar að koma til hafnar aðildarríkja sinna og víkkuðu á þann hátt út þær takmarkanir sem settar voru árið 2003.

Á árlegum fundi sjávarútvegsráðherra í júní hélt Helga Pedersen ræðu þar sem hún skilgreindi sjóræningjaveiðar sem helstu ógnun við fiskistofna heimsins. Hún hefur einnig látið frá sér fara ályktanir þar sem hún fagnar aukinni hörku í aðgerðum gegn sjóræningjaskipum. Þrátt fyrir þetta virðist sem norsk stjórnvöld séu ófær um að koma í veg fyrir komur sjóræningjaskipa til Noregs. Knud Arne Höjvik, upplýsingafulltrúi Sambands norskra útvegsmanna, telur norsk yfirvöld ekki taka nægilega hart á skipum sem stunda sjóræningjaveiðar. Hann vill meina að norsk stjórnvöld ættu þar að taka þau íslensku sér til fyrirmyndar og segir sambandið fordæma þjónustu við sjóræningjaskip í öllum tilfellum.

### Ekkert einsdæmi

Aðstoðin sem Juanita fékk í Noregi er aðeins eitt fjölmargra dæma um þjónustu við sjóræningjaskip í norskum höfnum. Í byrjun maí vöktu Greenpeace-samtökin athygli á þeirri staðreynd að fimm sjóræningjatogarar lágu í höfn í Kirkenes í Norður-Noregi á sama tíma og þá voru aðeins nokkrar vikur síðan tveir rússneskir sjóræningjatogarar lágu í þeirri sömu höfn. Þessir togarar fengu þar alla þjónustu, þrátt fyrir að vera á svörtum lista norsku fiskistofunnar. Bent hefur verið á að norsk lög banna aðeins landanir slíkra skipa en ekki að þeim sé veitt þjónusta. Johan Williams, skrifstofustjóri í norska sjávarútvegsráðuneytinu, sagði nýlega í viðtali við norska blaðið Fiskaren að norsk stjórnvöld myndu tapa dómsmáli fyrir að vísa skipum úr höfn og neita þeim um þjónustu.

Norðmenn eru þó ekki einir um að sjá í gegnum fingur sér þegar kemur að þjónustu sjóræningjatogara. Vitað er að slík skip fá þjónustu í Þýskalandi og yfirvöld þar hafa ekkert gert til að reyna að kyrrsetja skipin, þrátt fyrir að þeim hafi verið bent á þetta vandamál ítrekað. Einnig hafa sjóræningjaskip fengið þjónustu í höfnum í Póllandi, Litháen og víðar. Þar virðist lítið eftirlit og léleg skráning gera skipum, sem sigli undir hentifánum og veiði ólöglega í úthöfunum, kleift að landa afla sínum og fá þjónustu.



**JUANITA** Þessi togari var dreginn þúsund mílna leið til Noregs þar sem hann fékk þjónustu. Íslensk stjórnvöld hafa ávítað þau norsku fyrir vikið. MYND/LHG

### Landhelgisgæslan

Landhelgisgæslan getur ekki fært erlenda togara, sem stunda ólöglegar veiðar á úthafinu, til hafnar en tilkynnir þess í stað um athafnir þeirra til NEAFC sem gerir viðeigandi ráðstafanir. Skipin fara á svartan lista og það verður til þess að þau eiga ekki að fá neina þjónustu í höfnum aðildarríkja ráðsins. Þar er um að ræða Evrópusambandslöndin öll, Rússland, Eistland, Færeyjar, Grænland og Noreg, auk Íslands. Ljóst er að þessar aðferðir duga skammt á meðan samstarf þjóða sem hagsmuna hafa að gæta er ekki betra en raun ber vitni.

Kannski er tillaga Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, það eina sem getur skilað árangri en hann sagði í viðtali við Fiskifréttir nýlega að tími væri kominn til að fara út í mun harðari aðgerðir en til þessa. Hans tillaga er að annað hvort þurfi að taka skipin og færa þau til hafnar eða beita jafnvel togvíraklippunum sem skiluðu góðum árangri í þorskastríðunum. Kristján Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, segir að ekkert mæli á móti því að beita öðrum aðferðum en nú er gert en til þess þurfi lagaumhverfið að breytast.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

# JÚLÍTILBOÐ – NÚ ER FJÖR...







## JÚLÍTILBOÐ

SPRING AIR
AMERÍSK RÚM

**KYNNINGAR-AFSLÁTTUR**

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ Á
NÝRRI LÍNU – NÝ HÖNNUN





## JÚLÍTILBOÐ

GRAVITY ZERO
STILLANLEG HEILSURÚM

**VERÐ**

SEM EKKI HEFUR
SÉST ÁÐUR

MARGAR STÆRÐIR OG GERÐIR





## JÚLÍTILBOÐ

TEMPUR HEILSUVÖRUR

**15%**

AFSLÁTTUR

HEILSUDÝNUR, HEILSUKODDAR,
SESSUR, BAKSTOÐIR, INNISKÓR,
FERÐAKODDAR O.M.FL.

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júlí

www.design.is ©2006

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Þörf er á viðhorfsbreytingu í baráttunni gegn neyslu fíkniefna.

## Níu af tíu smygl-tilraunum takast

Samkvæmt áætlun yfirvalda má gera ráð fyrir að lögreglan nái að jafnaði að klófesta um það bil einn tíunda af þeim fíkniefnum sem er reynt að smygla til landsins. Hin níutíu prósentin komast sem sagt óhindrað inn í landið þar sem þeirra er neytt.

Þetta er ekki uppörvandi tölfræði. Sérstaklega ekki þegar fréttir berast af því að erlendir eiturlyfjasalar eru farnir að teygja hingað anga sína með tilheyrandi hættu á auknu framboði fíkniefna, enda harðsnúnari og stórtækari ef eitthvað er en íslenskir kollegar þeirra. Þannig stöðvaði tollgæslan í síðustu viku til dæmis tilraun tveggja Litháa til að smygla til landsins tólf kílóum af amfetamíni, sem falin voru í bíl um borð í Norrænu, og er það með mesta magni sem hefur náðst hér í einu lagi.

Slíkt magn og tilhugsunin um öll þau kíló af dópi sem sleppa fram hjá laganna vörðum, leiðir ósjálfrátt hugann að því hvort núverandi baráttuaðferðir gegn eiturlyfjaneyslu séu ekki heldur gagnslitlar? Það er erfitt að ætla annað en að áherslan á sölumenn og innflytjendur eiturlyfja sé of veigamikil, því víst er að aldrei verður hægt að loka landinu fyrir smygli.

*Staðreyndin er sú að hið gamla lögmál um framboð og eftirspurn á jafnt við á þessum markaði eins og öðrum.*

Staðreyndin er sú að hið gamla lögmál um framboð og eftirspurn á jafnt við á þessum markaði eins og öðrum. Á meðan eftirspurnin er mikil eftir eiturlyfjum verður framboðið af þeim nóg. Og hvatinn fyrir þá sem vilja auðgast á óheiðarlegan hátt er nægur því eiturlyfjamarkaðurinn veltir gríðarlegum fjármunum. Til að setja þær tölur í samhengi er talið að verslun með ólögleg fíkniefni sé á heimsvísu meira virði en samanlögð heimsviðskipti með olíu.

Ef litið er yfir sögu Vesturlanda í baráttunni gegn fíkniefnum undanfarna áratugi sést að ávinningurinn er skelfilega lítill. Neyslan minnkar ekki, sama hversu mörg kíló yfirvöld gera upptæk og hversu marga eiturlyfjasala þau fangelsa.

Án þess að gera lítið úr starfi fíkniefnalöggreglunnar, þá virðist það þjóna litlum tilgangi að setja meiri fé til löggæslunnar. Miklu nær er að beina auknum kröftum og fjármunum í þá átt að ná fram viðhorfsbreytingu gagnvart eðli fíkniefnaneyslunnar í þjóðfélaginu. Það er sjaldnast eiturlyfjasölunum að kenna að einhver verður háður efnunum, enda fær stór hluti af verst settu sprautufíklum landsins til dæmis ekki skammtinn sinn hjá þeim heldur í næsta apóteki með lyfseðli úr hinu opinbera heilbrigðiskerfi.

Það er lítil von að nokkur árangur náist gegn fíkniefnaneyslu fyrr en almenn sátt er um að neyslan sé á ábyrgð einstaklingsins og hann sjálfur ákveði hvort hann vilji einhvern tíma byrja þá mögulegu heljarferð að neyta efnanna eða halda sig fjarri þeim. Það stendur hins vegar upp á samfélagið, skóla og aðrar opinberar stofnanir að aðstoða fjölskyldur landsins við að hamra sífellt á því hversu hættuleg misnotkun fíkniefna er, sama hvaða nöfnum þau nefnast. Sú vinna þarf að verða mun markvissari og beinskeyttari en hún er í dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Annir í embætti

Öfugt við svo marga sem nú eru í sumarleyfum frá vinnu og liggja með tærnar upp í loft þeysist Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, á milli landa og landshluta í opinberum erindagjörðum. Á mánudag í síðustu viku var hann í Boston og hélt þar ræðu á alþjóðlegu þingi Lionsmanna. Daginn eftir var hann kominn til Íslands til að taka á móti fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Daginn þar á eftir ræddi hann meðal annars við Bjarna Tryggvason geimfara og á fimmtudag hófst opinber heimsókn Grikklandsforseta hingað til lands og stóð hún fram á föstudag. Á laugardag var Ólafur Ragnar kominn til Siglufjarðar til að opna Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar og nú er hann aftur kominn til Bandaríkjanna til að borða með Bandaríkjaforseta.



### Oft í Bandaríkjunum



Annars eru Bandaríkin tíður viðkomustaður forseta Íslands. Á þessu ári eru heimsóknir hans þangað orðnar tvær og árið aðeins rétt rúmlega hálfnað. Á síðasta ári fór Ólafur Ragnar fimm sinnum til Bandaríkjanna í opinberum erindagjörðum en árið þar áður voru heimsóknirnar tvær. Árin 2003 og 2 fór hann þrívegis hvort ár til Bandaríkjanna, einu sinni 2001 en tvisvar árið 2000.

### Bannað að reykja

Frá og með 1. október verða reykingar alfarið bannaðar á sjúkrahúsinu á Akureyri – sem raunar heitir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Starfsfólki hefur verið meinað að reykja á spítalanum í áratug og nú á að ganga skrefi lengra og taka fyrir reykingar sjúklinga sem fram til þessa hafa mátt reykja í þar til gerðum herbergjum. Ekki er nóg með að bannað verði að reykja innan veggja spítalans heldur nær reykingabannið einnig til lóðar hans. Sjúklingum á Landspítalanum – sem raunar heitir Landspítali - háskólasjúkrahús – er heimilt að reykja í sérstökum herbergjum en líkt og nyrðra eru reykingar starfsfólks bannaðar.

bjorn@frettabladid.is

## Gistiskálar í óbyggðum

Í DAG
FERÐALÖG



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Skálasamfélag er sérstakur og heillandi heimur sem flestir þyrftu að kynnast af eigin raun og læra að njóta.*

„Tú alfagra land mitt“. Þannig hefst þjóðsöngur Færeyinga – og vonandi fer ég rétt með, en mér hafa alltaf þótt þessi orð ekki síður geta átt við um Ísland. Þetta land sem alltaf og alls staðar er fagurt og ekki síður fjölbreytilegt. Þessa dagana og vikurnar streyma ferðamenn um landið, jafnt innlendir sem erlendir, og margt ber fyrir augu. Fámennir og litlir þéttbýlisstaðir þar sem heimamenn kalla alla gesti elskurnar sínar eru ljúfir heim að sækja og gestrisni einstök. Gróðurperlur eru víða og skógar landsins hafa tekið vaxtarkipp á síðustu árum. Jöklar, eyðisandar, stórár og litlir lækir, geldingahnappur og lambagras á heiðum uppi og svo mætti lengi telja upp það sem gleður augað á ferðalögum um landið.

Gistiskálar í óbyggðum, jafnt á hálendi sem láglendi, eru heillandi áningarstaðir í huga þeirra sem slíku hafa vanist. Mörgum þykir þó óþægileg tilhugsun að leggjast til svefns í almenningi, í næsta rúmi við bláókunnugt fólk, enda mikið traust í því fólgið. En þessi nánd við ókunnuga er líka skemmtileg og jafnvel svolítið holl fyrir sálina, að minnsta kosti fyrir sálir þéttbýlisbúa þar sem fólk býður ekki góðan dag nema kunnugum. Í skálum myndast skemmtilegt samfélag þar sem allir sitja og spjalla, enginn er að flýta sér og heimsgátan er leyst oft á dag.

Þessir gistiskálar eru nokkuð merkilegt fyrirbæri. Fæstir þeirra standa undir rekstri og í örfáum duga tekjur fyrir launakostnaði starfsmanna. Þá er ótalinn kostnaður svo sem tryggingar, afskriftir og ýmislegt fleira. En skálarnir eru ómissandi og enn er verið að byggja nýja gistiskála sem fjármagnaðir eru með styrkjum og fjárframlögum og reistir í sjálfboðavinnu. Í sumum þeirra eru jafnvel ólaunaðir skálaverðir sumarlangt og þykir mörgum fráleit hugmynd enda efnishyggjan allsráðandi í samfélaginu. En eigi að síður eru þeir þó fjölmargir sem njóta þess að takast á við slík verkefni án þess að ætlast til launa í formi peninga. Launin eru hinsvegar umtalsverð og verða seint metin til fjár. Þar má nefna einveru, því alltaf koma dagpartar án gesta, skálarnir eru í litlu eða jafnvel engu símasambandi og lítið eða ekki heyrist í útvarpi. Umhverfi þeirra er heillandi en þó með ólíkum hætti eftir því um hvaða skála er rætt og gestirnir eru velkomnir og skemmtilegir. Gestirnir eiga það yfirleitt sameiginlegt að hafa sérstakan áhuga á landinu, náttúru þess og sögu. Þeir skiptast á reynslusögum af fjallaferðum, rekja saman ættir og tengsl af ýmsu tagi og miðla fróðleik um örnefni og sögur af svæðinu. Skálasamfélag er sérstakur og heillandi heimur sem flestir þyrftu að kynnast af eigin raun og læra að njóta.

Rekstur skálanna er erfiður því alla aðdrætti þarf að sækja úr byggð, oft yfir vegleysur. Flytja þarf gas og aðrar rekstrarvörur langar leiðir og sorp þarf að flytja úr óbyggðum á löglega förgunarstaði. Það má nærri geta að slíkt er kostnaðarsamt en oft eru þessi verkefni leyst af sjálfboðaliðum sem jafnvel bera sjálfir kostnað af akstrinum á milli staða. Þess eru jafnvel dæmi að allt þurfi að bera á bakinu til og frá skála, jafnt gaskúta sem timbur. Ef eitthvað bilar þarf að bregðast við úr byggð svo það má nærri geta að skálarekstur er oft flókinn og fyrirhafnarsamur. Það er því brýnt að gestir skálanna kunni gott að meta og sýni þakklæti sitt fyrir húsaskjólið með góðri umgengni. Í sumum skálum er ekki tekið á móti sorpi enda má til sanns vegar færa að hafi gestir komið með eitthvað með sér í óbyggðir geti þeir eins vel tekið það með sér heim aftur. Stundum skortir þó á skilning og fyrir kemur að ferðamenn reyna að losa sig við ruslið á laun, þannig að aðrir rekast á það bak við stóran stein eða jafnvel að húsabaki. Í öðrum skálum er tekið á móti sorpi og þá er mikilvægt að gestir gangi vel og snyrtilega frá því þannig að sem minnst fari fyrir því. Ekki síður er mikilvægt að gestir virði sorpflokkun þar sem hún er fyrir hendi.

Óbyggðir Íslands eru mikil verðmæti og þeir sem reynt hafa þekkja þá næringu sem felst í ferðalögum um fjöll og firnindi. Vonandi fá sem flestir tækifæri til að sækja sér góðar birgðir af slíkri næringu í sumar og njóta landsins okkar fjölbreytta og fagra.

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871



## HEILANDI JURTIR

Íslenskar jurtir eru margar hverjar taldar gæddar lækningamætti.

HEILSA 2

## ÞRÖNGIR, ÞÉTTIR OG VEITA GÓÐAN STUÐNING

Þegar konur fara út að skokka eða gera annað það sem felur í sér mikið af hoppi er mikilvægt að vera í góðum íþróttatoppi til að halda brjóstunum á sínum stað.

HEILSA 4





## ALLT HITT

### HEILSA

**Dúkkur** og bangsar geta hjálpað sjúklingum með Alzheimer-sjúkdóm að hafa samskipti við aðra, samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var við Newcastle-sjúkrahúsið í Bretlandi. Sjúklingarnir bindast dúkkunum og hugsa um þær og hafa því eitthvað um að tala við aðra. Með tímanum geta Alzheimer-sjúklingar misst félagslega- og tilfinningagreind en dúkkurnar draga úr stressi hjá sjúklingum og hjálpa þeim að komast yfir samskiptaörðugleika.



**Fyrsta** tilfelli fuglaflensunnar á Spáni greindist á dögunum í héraðinu Alava á Norður-Spáni. Heilbrigðisyfirvöld á Spáni segja ekkert að óttast og þessi fundur ætti ekki að hafa áhrif á neyslu fuglakjöts í landinu. Fuglaflensuvírusinn hefur valdið rúmlega 130 dauðsföllum síðan árið 2003, flestum í Austur-Asíu.

**Konur** sem stunda kynlíf á meðgöngu eru óléttar örlítið lengur. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var við Ohio-háskóla í Bandaríkjunum. Kemur í ljós í rannsókninni að kynlíf seint á meðgöngu kemur fæðingu ekki af stað. Konur sem stunduðu kynlíf á meðgöngu gengu með börn sín örlítið lengur en hinar sem stunduðu ekki kynlíf.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 11. júlí, 192. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.28 | 13.33 | 23.36 |
| Akureyri | 2.38 | 13.18 | 23.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Eygló Rós Agnarsdóttir (t.h.) og Valdís Fjölnisdóttur hjá Heilsuakademíunni standa fyrir íþrótta- og leikjanámskeiðum fyrir börn en uppselt er á þau í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sérhannaður Boot Camp-völlur

***Heilsuakademían býður upp á fjölbreytta og heilsusamlega afþreyingu fyrir alla sem vilja stunda skemmtilega hreyfingu án keppni. Nýtt húsnæði undir starfsemina verður opnað við Egilshöll í haust, þar sem mörg spennandi námskeið verða á boðstólum.***

„Við verðum með margar nýjungar í boði," segir Eygló Rós Agnarsdóttir, einkaþjálfari og næringarráðgjafi, um námskeið sem haldin verða á vegum Heilsuakademíunnar í haust. „Má þar nefna svokallað „five-a-side" sem nýtur mikilla vinsælda erlendis. Keppendur spila fótbolta á yfirbyggðum völlum sem verða á stærð við stóra tennisvelli. Hópar og fyrirtæki geta skráð sig í keppni og þar með erum við að setja á fót fyrirtækjadeild í fyrsta sinn á Íslandi."

Eygló nefnir einnig til sögunnar sérhannaðan Boot Camp-völl, sem er sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. „Þátttakendur fara þar í gegnum ýmsar þrautir, en námskeiðin henta bæði byrjendum og þeim sem lengra eru komnir. Heragi verður að sjálfsögðu viðhafður á námskeiðunum, enda lofum við fullum árangri," bætir hún við hress í bragði.

Auk þessara nýjunga verða lífsstílsnámskeið í boði í Heilsuakademíunni, bæði fyrir þá sem vilja komast í feiknagott form eða eru illa á sig komnir og vilja umturna lífi sínu, eins og Eygló orðar það. Hún segir að mataræði, matarinnkaup, fæðubótarefni og fleira verði þar einnig tekið til ítarlegrar skoðunar.

„Námskeiðaúrval verður fjölbreytt og tillit tekið til ýmissa þátta, svo sem kyns, aldurs, líkamlegs ástands og áhugamála viðkomandi," útskýrir Eygló. „Við erum til að mynda með sérsniðin námskeið fyrir unglinga og eldra fólk og sund-, dans-, jóga- og hlaupanámskeið. Ekki má gleyma Fit Pilates, Rope Yoga og Scientific Fighting, sem er lítið þekkt bardagaíþrótt hérlendis. Mörg námskeiðanna henta líka fjölskyldum, þannig að hér er eitthvað við allra hæfi."

*roald@frettabladid.is*



Hættulegt getur verið að anda að sér helíumi úr blöðrum.

## Í yfirlið af blöðrulofti

MISNOTKUN Á HELÍUMBLÖÐRUM GETUR VERIÐ VARASÖM.

Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Sjóvá Forvarnahúss, hefur varað við misnotkun á helíumblöðrum. Hún segir algengt að börn og fullorðnir andi að sér helíum úr blöðru í góðri trú um að það sé með öllu skaðlaust. Hins vegar séu dæmi um að fólk hafi misst meðvitund við að anda að sér loftinu úr blöðru síendurtekið. Helíum sé hættuleg lofttegund sem geti orsakað tímabundið meðvitundarleysi og geti fólk meitt sig þegar það detti niður. Herdís segir mikilvægt að foreldrar sýni gott fordæmi og brýni fyrir börnum sínum þær hættur sem leiknum fylgja.



**Jafnvel** þótt það sé skýjað og kalda rokið sjái til þess að lítið verði af sólböðum er íslenska sólin sterk og því nauðsynlegt að muna eftir sólarvörninni. Sérstaklega á viðkvæma húð barnanna sem leika sér úti allan daginn.








Túnfífill er ein mest notaða lækningajurtin hérlendis.

# Heilandi jurtir

***Íslenskar jurtir eru margar hverjar taldar gæddar lækningarmætti. Þessar jurtir, sem sumar vaxa í heimreiðinni, ætti ekki að vanmeta enda lögðu Íslendingar traust sitt á þær öldum saman.***

Hér á eftir eru taldar upp nokkrar plöntur sem vaxa villtar víðs vegar um landið. Fróðleikurinn er fenginn úr bókunum Íslenskar læknajurtir eftir Arnbjörgu L. Jóhannsdóttur og Íslenskum lækninga- og drykkjarjurtum eftir Björn L. Jónsson.

**Hjartaarfi:** Þetta er arfinn sem fyllir beð og kartöflugarða öllum til ómældrar óánægju. Hann er ekki alslæmur. Hann getur stöðvað blæðingar jafnt innvortis sem útvortis um leið og hann herpir saman æðar. Hann er einnig þvagdrífandi og styrkjandi fyrir slímhúð þvagfæra.

**Blóðberg:** Það er sýkladrepandi og slímlosandi og því mikið notað við flensu. Það minnkar einnig vindverki. Blóðberg er einnig afbragðs kryddjurt.

**Birki:** Það er notað gegn hvers konar gigt og þá sérstaklega ef nýrun starfa ekki eðlilega. Birki má einnig nota gegn exemi. Birkið er betra fyrri part sumars svo nú er síðasta tækifærið.

**Ætihvönn:** Hún er mjög góð fyrir fólk sem er að ná sér eftir erfið veikindi og er með litla lyst og erfiðar hægðir. Ætihvönnin er styrkjandi fyrir meltinguna og vermandi. Nú er rétti tíminn til að safna blöðum ætihvannar en rótum skal safnað á sumrin og fræjum þegar þau eru fullþroskuð.

**Víðir:** Mikil töfraplanta. Hún inniheldur saliýlöt sem eru virku efnin í magnýl. Hún hefur svipuð áhrif og er hita- og verkjastillandi auk þess sem hún minnkar bólgur.

**Túnfífill:** Hann er ein mest notaða lækningarjurtin hérlendis. Hann minnkar bjúg, styrkir lifur og gallblöðru og á víst að veita vörn gegn svefnleysi og þunglyndi. Fíflamjólkina má líka nota á vörtur og líkþorn. Túnfífil skal tína áður en hann blómgast.

**Njóli:** Í smyrslformi er hann góður við húðertingu og brunasárum. Einnig er hann góður á sár sem gróa illa og ígerð.

**tryggvi@frettabladid.is**



Birki er notað gegn hvers konar gigt.



Blóðberg er mikið notað við flensu.



Njóli virkar á húðertingu og brunasár.










## Aukin hætta á ristilkrabba

NÝ RANNSÓKN SÝNIR AÐ ÞEIR SEM BERA MEIRI FITU UM SIG MIÐJA ERU LÍKLEGRI TIL AÐ FÁ RISTILKRABBA.

Samkvæmt nýrri rannsókn kemur fram að þeir sem bera meiri kviðfitu eru líklegri til að fá ristilkrabba. Rannsóknin var gerð í níu Evrópulöndum og tóku um 370 þúsund einstaklingar þátt. Niðurstöðurnar sýndu að bæði konur og karlar sem höfðu meiri fitu um sig miðja voru líklegri til að fá ristilkrabba en þeir sem höfðu grannt mitti. Kviðmiklir karlar voru 39 prósentum líklegri og konur 48 prósent líklegri til að greinast með ristilkrabbamein. Hlutfall milli mittis og mjaðmaummáls gefur góða vísbendingu um kviðfitu og er jafnvel betri mælieining við mat á hættu á ristilkrabba en heildarþyngd einstaklingsins, segja rannsakendur. Rannsóknin birtist í Journal of the National Cancer Institute í Bretlandi.



Mikil kviðfita getur aukið áhættu á ristilkrabbameini. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Þeir sem sofa of lítið eru líklegri til að vera yfir kjörþyngd.

# Mikilvægt að sofa nóg

***Góður svefn getur skipt höfuðmáli fyrir þá sem vilja losa sig við aukakílóin.***

Það hefur löngum verið vitað að svefninn er ákaflega mikilvægur fyrir heilsuna. Nú hefur nýleg bandarísk rannsókn leitt í ljós að svefninn skiptir miklu máli þegar aukakílóin eru annars vegar. Það er ekki nóg að hreyfa sig vel og borða hollan mat - það er líka mikilvægt að sofa nóg.

Það voru vísindamenn við Læknaháskólann í Austur Virginíu sem gerðu rannsóknina. Þeir komust að því að ónógur svefn veldur hormónabreytingum sem auka hungurtilfinningu og matarlyst, sérstaklega í feitan og hitaeiningaríkan mat. Svipaðar niðurstöður höfðu áður fengist úr sambærilegum rannsóknum, þannig að sterk tengsl virðast vera á milli svefns og offitu. Til að mynda skoðuðu fræðimenn við Háskólann í Chicago tengsl svefns og offitu á dögunum. Nokkrir menn á þrítugsaldri voru látnir sofa einungis í fjórar klukkustundir tvær nætur í röð. Matarlyst þeirra jókst um 24 prósent og þeir kvörtuðu sáran undan hungri.

Þetta þýðir þó ekki að það sé skynsamlegt að leggjast bara með fæturna upp í loft og sofa allan daginn. Of mikill svefn er ekki góður fyrir heilsuna og getur einnig skilað sér í þyngdaraukningu. Hér er það því hinn gullni meðalvegur sem gildir. Sjö til átta tíma svefn á sólarhring virðist vera töfratalan og þeir sem sofa að meðaltali í sjö til átta klukkustundir eru upp til hópa líklegri til að vera í kjörþyngd en þeir sem sofa allt of mikið eða allt of lítið.

# Öryrkjum vegna offitu fjölgar

***Mun fleiri teljast nú öryrkjar vegna offitu en áður.***

Öryrkjum á Íslandi hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Í grein sem birtist nýverið í Læknablaðinu kemur fram að þeim sjúklingum sem hafa örorku sem fyrstu sjúkdómsgreiningu hefur fjölgað úr 37 árið 1992 í 111 árið 2004. Aukningin er 183 prósent hjá konum en 263 prósent hjá körlum. Greinin byggir á niðurstöðum sem fengust úr örorkuskrá Tryggingastofnunar ríkisins og Hagstofu Íslands og er skrifuð af Sigríði Thorlacius, dósent við Háskóla Íslands, Sigurjóni B. Stefánssyni, sérfræðingi á Landspítalanum, og Laufeyju Steingrímsdóttur, sviðstjóra hjá lýðheilsustöð.

Í greininni kemur fram að offita verður æ oftar orsök örorku. Tilfellum þar sem offita var meðal sjúkdómsgreininga, jafnvel þótt hún væri ekki aðalorsök, hafði fjölgað mjög mikið.

Niðurstöðurnar benda til þess að Íslendingum sem glíma við offitu fari fjölgandi.



Offita verður æ oftar hluti af orsök örorku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## rannsókn }

### Mýs finna til

KANADÍSKIR VÍSINDAMENN VILJA MEINA AÐ MÝS HAFI HÆFILEIKA TIL AÐ UPPLIFA KÆRLEIK OG SAMKENND.

Sálfræðiprófessor við McGill-háskólann í Kanada og samstarfsmenn hans komust að því að mýs sem urðu vitni að öðrum músum verða fyrir þjáningu sýndu merki um að þjást með þeim.

Niðurstöðurnar sýna í fyrsta skipti ákveðna tilfinningasemi hjá dýrum á lægri stigum þróunar. Rannsóknin birtist í vísindatímaritinu Science hinn 29. júní í ár.



af persona.is







# Aukin heilbrigðisútgjöld

***Ísland hlýtur þann vafasama heiður að eiga hæstu hlutfallslegu aukninguna á heilbrigðisútgjöldum síðustu 14 árin.***

Hlutfallsleg aukning útgjalda til heilbrigðismála miðað við landsframleiðslu er mest á Íslandi af öllum ríkjum OECD. Að meðaltali námu útgjöld til heilbrigðismála í löndum OECD 7 prósent af vergri landsframleiðslu árið 1990 en árið 2004 var meðaltalið komið í 8,9 prósent. Árið 1990 námu útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi 8 prósent af vergri landsframleiðslu en árið 2004 var hlutfallið komið í 10,2 prósent.

Á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins, www.sa.is, segir að aukin hætta sé á að útgjaldaaukningin muni draga úr hagvexti á Íslandi í framtíðinni ef ekkert verður að gert.

Upplýsingarnar á heimasíðu Samtakanna byggja á nýútkomnu gagnasafni OECD-ríkjanna um útgjöld í heilbrigðismálum. Í skýrslunni kemur fram að haldi áfram sem horfir þurfi ríkin að hækka skatta, skera niður útgjöld til annarra málaflokka eða auka kostnaðarþátttöku sjúklinga til að viðhalda heilbrigðisþjónustunni.



Útgjöld til heilbrigðismála námu 8 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 1990 og höfðu hækkað í 10,2 prósent árið 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
• GELNEGLUR • LITUN OG PLOKKUN
• HANDSNYRTING • BRÚNKUMEÐFERÐIR
• FÓTSNYRTING • HÚÐSLÍPUN
• VAXMEÐFERÐIR • SÝRUMEÐFERÐIR
• ANDLITSBÖÐ
S N Y R T I S T O F A N
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460



Kínastofan
NUDD OG SNYRTING
Tan Guan nuddmeðferðin
Vöðvabólgan burt á 7 dögum
• Á aðeins 7 dögum færðu árangur sem jafnast á við margra vikna nuddmeðferð
• Það slaknar á líkamanum og vöðvabólgan hverfur
• Öflugasta nuddmeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
• 4 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
• 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...
Verð: 15.600,-
Ef þú pantar strax í dag Tan Guan nuddmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 10.900,-
Hringdu núna, síminn er:
☎ 577 7007
Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk


# Þröngir, þéttir og veita góðan stuðning

***Þegar konur fara út að skokka, taka þátt í maraþoni eða í öðrum tómstundum sem fela í sér mikið af hoppi er mikilvægt að vera í góðum íþróttatoppi til þess að halda brjóstunum á sínum stað.***

„Ég mæli sérstaklega með tveimur íþróttatoppum sem henta vel fyrir hlaup. Sérstaklega fyrir þær sem eru með stór brjóst eða sem komnar eru á þann aldur að brjóstin þurfi meiri stuðning,“ segir Berglind Magneudóttir, deildarstjóri fatadeildar í Intersport, en þar er mikið úrval af alls kyns íþróttatoppum og -brjóstahöldurum. „Íþróttabrjóstahaldarar með spöngum eru meira fyrir létta hreyfingu en þær sem stunda hlaup þurfa að vera í góðum toppum sem halda vel við. Helst langar mann að líma brjóstin niður en sem betur fer fást toppar sem virka næstum því jafnvel og þá er um að gera að taka þá nógu þrönga og úr góðu öndunarefni,“ segir Berglind.

„Við erum með einn topp frá Röhnisc sem er gerður úr sérstaklega þéttu teygjuefni sem gefur sig ekki of fljótt. Svo erum við með toppa frá Casall sem fást bæði heilir og hnepptir að aftan. Kosturinn við þá hnepptu er að þá er hægt að þrengja. Efnið í toppnum gefur eftir og verður mýkra eftir hálftíma hlaup og þá er gott að geta þrengt hann betur til að stuðningurinn sé góður allt hlaupið,“ segir Berglind.

Heilsuræktin Hreyfing hefur nýlega fengið nýja sendingu af toppum frá Fitnessfit og hafa þeir vakið mikla lukku meðal kúnnanna. „Topparnir veita góðan stuðning við brjóstin og eru auk þess hlýrabolir þannig að maður þarf í rauninni ekki að vera í neinu öðru,“ segir Guðný Katla Guðmundsdóttir, starfsmaður Hreyfingar. „Topparnir eru gerðir úr hágæða brasilískri bómull og efnið er svolítið eins og kafarabúningsefni, rosalega þétt og helst þröngt á líkamanum. Það besta er að efnið gefur ekki eftir þrátt fyrir marga þvotta og mikla notkun. En þrátt fyrir það andar efnið og það er þægilegt að vera í toppnum,“ segir Guðný Katla.

Það er ekki gott að hlaupa og hafa það á tilfinningunni að brjóstin séu að detta af. Því er um að gera að vanda valið vel, kaupa íþróttatopp sem veitir brjóstunum góðan stuðning og vera fær um að hoppa og skoppa að vild.

*erlabjorg@frettabladid.is*



Hlýrabolur sem einnig er íþróttatoppur og veitir brjóstum og maga góðan stuðning, enda gerður úr sérstaklega þröngu og þéttu efni. Bolurinn kemur frá Fitnessfit og fæst í Hreyfingu á 3.500 krónur.



Íþróttatoppur frá Röhnisc sem er gerður úr mjög þéttu teygjuefni. Hann fæst í Intersport og kostar 3.490 krónur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Íþróttatoppur frá Casall sem hægt er að fá heilan eða hnepptan að aftan. Þannig er hægt að þrengja toppinn eftir þörfum. Toppurinn fæst í Intersport og kostar 4.990 krónur.



**Persona.is**

**EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

## Áfallahjálp

Fólk hefur upplifað áföll um ómunatíð. Stríð, hungursneyð og hamfarir hafa ávallt haft áhrif á líf okkar og svo virðist sem nútíminn einkennist einna helst af hamförum. Hvort heldur sem það er flóðbylgja eða fellibylur sem veldur dauða og hörmungum, eða hryðjuverk og stríð sem skilja eftir sig sviðna jörð, virðast slík áföll gerast sífellt oftar og hvert þeirra orsakar meiri harm en það síðasta. Þó eru það ekki einungis náttúruhamfarir og stríð sem geta haft eyðileggjandi áhrif, heldur gerast ótal áföll daglega eins og umferðarslys, dauði einhvers nákomins eða veikindi sem geta haft hrikaleg áhrif á þá sem upplifa þau. Undanfarið hefur til að mynda borið talsvert á umferðarslysum hér á landi og hafa herferðir til að sporna við þeirri þróun sprottið fram.

Þéttbýlismyndun nútímasamfélagsins hefur gert fólk mun viðkvæmara fyrir áföllum og nálægð fólks hefur leitt til þess að áfall eins verður óhjákvæmlega sameiginleg reynsla margra. Tölfræðin segir okkur að allt að 84 prósent okkar muni upplifa í það minnsta eitt alvarlegt áfall um ævina. Þrátt fyrir þetta ótrúlega algengi búum við öll yfir ótrúlegri hæfni til að takast á við slík áföll en á endanum getum við aðeins tekist á við ákveðið mikinn harmleik áður en við bugumst.

Þegar við upplifum mikið áfall er mikilvægt fyrir okkur að takast á við það og vinna úr því, en þegar áföllin hrannast upp verður það erfitt og jafnvel okkur ofaukið. Eðli áfallsins og tengsl þess við okkur ræður hversu mikil áhrif áfallið hefur en þegar ákveðnum punkti er náð getum við hreinlega ekki meir. Það hvernig við vinnum úr þessum áföllum ræður úrslitum um það hvort okkur muni farnast vel eða illa. Ef illa er unnið úr áfalli upplifir fólk mikið tilfinningalegt óöryggi og rót, sem gerir það aftur viðkvæmara fyrir frekari áföllum. Þessi viðkvæmni stafar af því að áfallið hefur brotið varnarkerfi einstaklingsins og því verður hann einnig líklegri til að reyna að flýja vandann með því, til dæmis, að drekka sig frá honum, vinna mikið eða álíka. Ef ekki er að gáð getur slæm úrvinnsla áfalls leitt til þess að einstaklingurinn upplifir svokallaða áfallastreitu en það er mjög alvarlegt form af streitu sem einkennist meðal annars af svefntruflunum, einbeitingarskorti og mikilli vanlíðan. Miðað við nýlega tölfræði má áætla að á Íslandi þjáist rúmlega 25.000 manns af áfallastreitu og hjá allt að 15 þúsundum þeirra verður þessi streita þrálát. Það er því afar mikilvægt þegar áföllin dynja yfir að fólki sé hjálpað að takast á við áfallið og vinna úr því. Sé rétt unnið úr áfallinu getur það styrkt einstaklinginn og gert honum kleift að lifa eðlilegu lífi að því loknu.

Samkvæmt nýlegri norskri rannsókn vildu 85 prósent allra sem lent höfðu í áfalli fá aukna hjálp við að vinna úr því. Hér á landi líkt og í Noregi er áfallahjálp í flestum tilfellum af skornum skammti og ósjaldan hefur maður heyrt um eða hitt fólk sem ekki býðst nein slík hjálp. Þó þurfum við ekki að horfa langt til að sjá áfallahjálp sem virkar, en nágrannar okkar í Danmörku hófu innlimun áfallahjálpar inn í heilbrigðiskerfi sitt fyrir tuttugu árum síðan. Í dag finnur maður eitt umfangsmesta og viðurkenndasta áfallahjálparprógram í heimi hjá Dönum en þar eru fleiri áfallasálfræðingar og sérfræðingar á hvern íbúa en nokkurs staðar í heiminum.

Afleiðingar áfalls birtast oft ekki strax í sinni réttu mynd og því getur fólk hæglega talið sér trú um að það hafi ekki orðið fyrir neinum áhrifum. Almennt erum við Íslendingar ekki neitt sérstaklega sérhlífnir heldur hugsum sem svo að þetta muni lagast af sjálfu sér og því verður ennfremur að bjóða fólki hjálp og gera því þannig auðveldara að sækja sér þá aðstoð sem það þarf. Ef fólk fær aðstoð eða nær að vinna úr áfallinu strax er hægt að koma í veg fyrir að það þrói með sér alvarlegri vanda í kjölfarið.

*Eyjólfur Örn Jónsson*
*sálfræðingur*



Við notum hendurnar allan daginn.

# Með hreina putta

***Handþvottur er mikilvæg sýklavörn.***

Rannsóknir hafa leitt í ljós að margir virðast ekki þvo sér nægilega oft og vel um hendurnar og fæstir hugsa um hvernig þeir þvo sér.

Handþvottur er mikilvægasta sýkingavörnin sem hægt er að beita enda notum við hendurnar allan daginn og getum þannig borið sýkla frá öðrum inn í slímhúðir í munni, nefi, augum og kynfærum. Nauðsynlegt er að þvo sér um hendurnar...

- áður en maður byrjar að meðhöndla matvæli.
- milli meðhöndlunar mismunandi hrárra matvæla.
- fyrir máltíðir.
- eftir salernisferðir.
- eftir hósta, hnerra eða snertingu við nef.
- eftir meðhöndlun sára.
- eftir frágang á rusli eða óhreinindum.
- eftir bleyjuskipti.
- eftir snertingu við dýr.

**af www.doktor.is**

# allt - sem þig vantar

**[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 13.30**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18**
**LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16**

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bifreiðasalan**
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



MERCEDES BENZ ML 350 árg.2006 silfurgrár, ekinn 40 þús. einn með flestu nema DVD, til sýnis og sölu á staðnum. Verð 6.700.000.-

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**

**Bílalíf.is**
Bílasala Matthíasar



Lincoln Mark LT árg. 2006 Nýr Bíll. M/öllu verð 4.890 þ. Sjá fleiri myndir á www.bilialif.is. Uppl. í s. 562 1717 eða 898 1742.

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**




**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Bílasalan Bílfang**
www.bilfang.is



Hummer H3 árg. 2006 3.5 lítra V5 vél sem eyðir minna heldur en Jeep Che. Sjálfskipt. Hlaðinn aukabúnaði. Bókaðu reynsluaktur!!! Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



Dodge Durango LTD Hemi. Nýr bíll árg. 2006. Þessi er með nýju 5.9 lítra Generation II vélinni. Bíll með öllu. Fáir svona bílar til. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



BMW 320 IA. Árg. 3/2000 sjálfskiptur, glertopplúga, viðarinnrétting, álfelgur o.fl Glæsilegur bíll. V. 1.890 þús. Tilboð 1.490 þús. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



Jeep Cherokee Laredo. Árg. 2005 ek. 30 þ.km sjálfskipt, spólvörn. 4x4, litað gler o.fl V. 3.400 Frekari upplýsingar í síma 567 2000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN**
567-4840 og 660-0565
Kletthálsi 2



DODGE DAKOTA CLUB SPORT Árgerð 2003. Ekinn 43 þ.km. þúsund km. Áhvílandi kr. 2100 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 34 þúsund. Verð kr. 2390.000. Skipti: Ódýrari

**Höfðahöllin**
**Kletthháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

**SPARI bill**



Nýr 2006 Renault Master Millilangur Háþekju, 2,5 L dísel, hliðarhurðir báðu megin, 270° opnun á afturhurðum, skilrúm með glugga. Til sýnis á staðnum. Verð án vsk. sjálfskiptur 2.420 þús. Beinskiptur 2.320 þús. langt undir listaverði.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

**VÍKUR V·E·R·K**



Víkurverk býður Sun-Lite pallhýsi til sölu. Eru með rafmagnsknúnum tjökkum. Hægt að tengja beint við 220V. Sturta, heitt og kalt vatn. 3 hellu gaseldavél og 2 kw Truma gasmiðstöð. Verð 1.890.000. Upplýsingar í síma 557 7720. Til sýnis að Tangarhöfða 1

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 557 7720**
**www.vikurverk.is**

## Bílar til sölu




NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnarbliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í Íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Svartur eðalvagn, BMW 320i, árgerð 1997, ekinn aðeins 167.000, glæsileg bifreið, jafnt að utan sem innan og allt um kring, tveir dekkjagangar á álfelgum. Glæsilegur sportbíll í topp lagi (radarvari fylgir). Verð kr. 888.888, upplýsingar í síma 691 0029.



Toyota Yaris árg. '00, ek. 124 þús. cd-spilari, vetrard. Verð 480 þús, áhv. 250 þús. Uppl. í s. 899 2605.



Toyota Land Cruiser 80 VX árgerð 1995, ekinn 239.000 km, topplúga, dráttarkrókur og vel með farinn bíll. Verð tilboð. Upplýsingar í síma 868 9822.



### Dísel

BMW X3 2,0 dísel, sk. 04.05, ek. aðeins 11 þús. umboðsbíll. Sportpakki 18" felgur eins og nýr. Áhv. lán ca. 3,1. Ásett verð 4,1. Uppl. í s. 820 4469 & nonnivett@hotmail.com



### Auðveld kaup

Ford Mustang GT premium '03 ek. aðeins 50 þús. km, ssk., sk. '08, 17 " bullitt felgur, filmur. leður og rafmagn í öllu. Innfluttur heill og ótrúlega vel með farinn. Ásett 3.250 þús. fæst við yfirtöku 2.590 + 250 stgr. Uppl. í s. 820 4469 & nonnivett@hotmail.com



### Frábært verð

Pajero 2,8 dísel árg. '98, 33" breyttur, mikið endurnýjaður, ný dekk, ásett verð 1 millj. áhv. ca. 500 þ. 18 þús. á mán. Uppl. í s. 692 2609.



Econoline 350 Club Wagon '95, 15 manna, ek. 200 þ. km, 7,3 power stroke. Uppl. í s. 893 3669.

Fjórir góðir til sölu. Ford Mondeo '97, 5 dyra, ek. 103 þ. Ford Mondeo '98, 4 dyra, ek. 113 þ. Subaru Impreza, sjálfsk., árg. '00, ek. 65 þ. GMC Jimmy '88 í mjög góðu ástandi. Uppl. í s. 899 3084.

Toyota Corolla G6 árg. '00, 3 dyra, 6 gíra, 1300 vél, ek. 109 þús., ný tímareim, verð 615 þús. tilboð 440 þús. stgr. Uppl. í síma 695 4337 & 534 4337.

### Ódýr bíll!

Nissan Sunny '92, ek. 130 þús. Tilboð óskast. S. 865 5962.

Yaris árg '01. Sk. '07. Ek. 129 þús. Sumar/vetrardekk. Góður bíll. Verðtilb. Uppl. í s. 849 5000.

### Útsala Útsala

Til sölu Renault Megane '97, ek. 138 þ. bsk. Verð 130 þ. Uppl. í s. 898 8835.

## 0-250 þús.



50-60% afsl. Vel með farinn reyklaus Ford Escort "97 ek. 99 þús., þarfnast smávægilegra lagfæringa, fæst fyrir aðeins kr. 97.000,- uppl. í 864 6600 & 896 4000.

Toyota Carina E. GLI árg. '96. Ssk., 2000 cc. og vetrardekk. Tilboð 210 Þús. Sími 893 1998.

Honda Civic árg. '91 1500, sk. '07 á nýjum sumardekkjum, svört að lit. Verð 150 þús. S. 848 7066.

Til sölu Nissan Almera 1,4 '98, 5 dyra, ek. 92 þ., sk. 07, græn, CD, smá beygla að aftan. S. 692 1416.

## 250-499 þús.



Econoliner '79. 302, sjálfsk., hár toppur. Gluggar á hlið. U-bekkur. 100% lán möguleiki. Verð 250 þús. Þarfnast lagfæringa. S. 822 4167.

Daihatsu Terios '98 ek. 59 þús. Sjálfsk., fjórhjólad., 5 dyra. Verðtilb. S. 846 8822.

Pajero '92 ekinn 174 þ. Ný skoðaður í góðu ástandi, verð 450 þ. Ath skipti sími 856 2717.

Izuzu Double Cap Diesel, árg. '97 til sölu. S. 897 7999.

## 500-999 þús.



### Honda 1.6 DOCH VTI

Til sölu Honda Civic 1.6 DOCH V-TEC. 160 hestöfl. Árgerð 2000. Ekinn 123 þús. Álfelgur, CD, topplúga, Spoiler. Verð 790.000 kr. Upplýsingar í síma 848 0944



Renault Laguna RTE 2.0 station ssk. nýsk.11 / '99 álfelgur, dráttarkr., vetrard., hraðast, cd. ABS og fl. Vel með farinn bíll, ek. 73.000 Ný endurn. bremsubún., tímareim og fl. Næsta skoðun júní '07 verð 940 þús. Uppl. s 896 0134.



VW Passat 1800 4Motion 1999, ek. 112 þ. km, 5 gíra, rafm. í rúðum, nýsk. '07, dráttarkúla, búið að skipta um tímareim. Verð 890 þús. b.lán 565 þ., afb. 19 þ. S. 690 6465.



### Flottur 4x4 Golf á 100% Láni !!!

VW Golf 4Motion, árg. '01, ek.71 þ., 5 gíra, dk. '07, Cd, V. 1050 þ. Fæst á 100% Yfirtöku 919 þ., 661 8197.



### Gott eintak af Malibu

Chevrolet Malibu, árg. '78, 305 vél, 350 skipt, sk. '07, mikið endurnýjaður. Verð 520 þ. 661 8185.



Til sölu er VW Golf. Árgerð 2000. Skoðaður '07. 1600cc beinskiptur. Ekinn 184 þús. Cd. Góður bíll. Verð aðeins 550.000 kr. Upplýsingar í síma 892 7852.

Subaru Legacy '98 ek. 122 þús. Skoðaður, nýjar bremsur. Góður ferðabíll verð 490 þús. S. 844 4360.

## 2 milljónir +



Til sölu BMW 740 IA árg. '99, ek. 87 þ. Allir hugsanlegir aukahlutir, 19" álfelgur. Ásett verð 2.450 þ. Ýmis skipti koma til greina. S. 892 1882.

## Bílar óskast

Toyota-skipti. Er með Toyota Corolla station '99, ssk., ek. 100 þús. Óska eftir eins bíl '04. Milligjöf staðgreidd. Uppl. í 567 3379 og 698 8991.

0-150 þ. staðgreitt, ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

## Jeppar



Til sölu Land Cruiser 80 Tdi 38" breyttur 1991. Beinskiptur ekinn 250 þ. Topplúga. uppl. í s. 892 0466.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

PÍTAN

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Erum með laus störf í vaktavinnu í kvöld- og helgarvinnu bæði í sal og í eldhúsi. Einnig með lausar stöður í full störf.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is. Umsækjendur þurfa að geta haft störf sem fyrst.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

TEITUR

**Bifreiðastjórar óskast til starfa**
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til framtíðarstarfa. Einnig óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til aksturs á kvöldin og um helgar, um hlutastörf er að ræða. Störfin henta jafnt konum sem körlum.
**Upplýsingar í síma 515 2700 frá 9-17 Jónas eða Ágúst.**

**Gröfumenn**
Vantar menn á hjólavél, beltavél og traktorsvél. Góð laun í boði fyrir vana menn.
**Upplýsingar í síma 822 2661.**

**Cafe Bleu**
Óskum eftir að ráða vana þjóna í sal. Einungis gott fólk kemur til greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300 & 690 1074**

**Veitingahúsið Vegamót**
Óskar eftir barþjónum í helgarvinnu og fólki í glasatínslu.
**Upplýsingar á staðnum.**

aktu taktu

**Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

**Atvinna í boði!**
Iðnaðarmenn og byggingaverkamenn óskast til starfa nú þegar.
**Upplýsingar gefur Sigurður í síma 896 1075.**

**Óskum eftir starfsmanni**
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í skyndibita eldhús. Vinnutími frá 11 til 17 virka daga og aðra hvora helgi.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða 663 4403 eða á www.keiluhollin.is**

Olíudreifing

**Meirabílprófsbílstjórar - Reykjavík**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í framtíðar- og tímabundin störf á Höfuðborgarsvæðinu. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 550 9937 / helgim@odr.is Störfin standa báðum kynjum til boða.**

**Vélamaður óskast!**
Vantar vélamann á nýja hjólagröfu. Uppl. í s. 896 6676.

**Lager/útkeyrsla**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hraustan og laghentan starfskraft í framtíðarstarf við vörutiltekt og útkeyrslu, ásamt öðrum störfum innanhúss. Viðkomandi þarf að vera með bílpróf og geta unnið sjálfstætt. Æskilegur aldur 40+. Nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofutíma í síma 587 3111.

**Barnasmiðjan**
Okkur vantar starfsmann í söludeild. Viðkomandi þarf að vera vinnusamur og geta unnið sjálfstætt. Góð íslenskukunnátta og Tölvukunnátta æskileg. Vinsaml. Sendið upplýsingar á barnasmidjan@barnasmidjan.is

Spennandi möguleikar fyrir jákvætt og duglegt fólk, digital myndir, vefmyndir.ws

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra um er að ræða sumarafleysingar á sendibíl sem er á stöð, nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 896 4002.

Óska eftir bílstjóra með meiraprófið, vanan akstri í Rvk. Uppl. í s. 894 5476, Hákon.

**Café Konditori**
Okkur vantar starfsmann í afgreiðslu í 100% starf. Uppl. í s. 664 7411, Marí-anna.

Íscafé Suðurlandsbraut óskar eftir starfsfólki í afgreiðslustörf, vaktar og helgarvinna. Upplýsingar í síma 699 5112.

Veitingahúsið Tveir Fiskar við Reykjavíkurhöfn óskar eftir starfsfólki í sal og eldhús, vinsamlega hringið í síma 691 0339 fyrir kl. 19:00 alla daga. ( Árni )

**Flísalagningamaður.**
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

Krydd & Kavíar veitingaþjónusta óskar eftir tveimur sjálfstæðum manneskjum til að starfa í mötuneytum sem Krydd & Kavíar annast. Vinnutími er frá 10 - 14 alla virka daga. Við gerum kröfu um að starfsfólk sé snyrtilegt, jákvætt og hafi áhuga á matargerð. Upplýsingar gefur Garðar í síma 824 7731 milli 9 - 17 eða senda umsókn á kryddogkaviar@kryddogkaviar.is.

## Atvinna óskast

AWM STARFSMANNARÁÐGJÖF

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
Traust Fyrirtæki með reyndum, færum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum, færir verkamenn og fleira. Frá Bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í s. 897 8978.
**Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fáanleg.**

32 ára pólskur húsgagnasmiður með reynslu, tréhús, trébygging og járnabindingar leitar að vinnu. Uppl. í s. 865 7293.

Pólsur kranamaður leitar að vinnu strax. Uppl. í s. 869 8197.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál










Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Dömurnar á Rauða Torginu! Rúmlega 10 dömur hafa verið að leika sér í hressandi símaspjalli undanfarið. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín.).

Sögurnar á Rauða Torginu eru áhrifaríkar upptökur íslenskra kvenna. Upptökurnar eru alls um 400 og er nýjasta upptakan afskaplega góð, sú besta um langa hríð!. Þú hlustar í símum 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín.) og 535 9930 (Visa, Mastercard, kr. 19,90 mín.).

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# FASTEIGNIR

HÚSA NAUST FASTEIGNASALA
**Borgartúni 29 - Sími 530 7200**
*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

**BAUGAKÓR - 4ra herb.**




Falleg ný íbúð á annarri hæð í fjórbýlishúsi við Baugakór, Kópavogi. Sérinngangur. Húsið er steinað að utan og frágangur allur hinn vandaðasti. Þrjú rúmgóð svefnherbergi með skápum. Eldhús opið inn í stofu. Eldhús, baðherbergi, forstofa og geymsla flísalögð. Eftir er að setja endanleg gólfefni á aðra hluta íbúðarinnar. Stórar suðursvalir. Bílskúr, steinlagt upphitað bílaplan. Laus til afhendingar.
**Verð 36,8 millj**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

**Opið h s milli kl 17 og 19 dag**

**Fannborg 9 - Glæsilegt útsýni**




Mjög björt og skemmtileg 85,7 fm 3ja herb. enda íbúð með glæsilegu útsýni á 3 vegu og stórar svalir til vesturs. Þriggja fm sérgeymsla er ekki inni í fm. tölu eignar á hæðinni. Parket og flísar á gólfum. Svefnherbergi einnig með frábæru útsýni. Baðherbergi m. innréttingu og baðkari. Þvottahús/geymsla innaf eldhúsi. Stofa er björt og rúmgóð með stórum svölum og stórkostlegu útsýni. Stutt í alla þjónustu.
**Verð 16,9 millj**

**Brynja og Sveinn taka vel m ti gestum í dag milli kl 17 og 19 Bjalla merkt Brynja og Sveinn úeikningar á staðnum**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI




# TILKNNINGAR

***Bjóst þú á stúdentagörðunum Solbakken í Kaupmannahöfn?***

*Þann 26. ágúst fagnar Solbakken 50 ára afmæli sínu, þar sem allir núverandi og fyrrverandi íbúar eru velkomnir. Í boði verður ýmis skemmtun, tónlist og matur fyrir bæði börn og fullorðna. Komdu og upplifðu gömlu góðu Sólbakkastemninguna!*

***Allar nánari upplýsingar má finna á http://info.solbakken.dk.***

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

## AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI ÆGISBORG

**Leikskólinn Ægisborg, Ægisíðu 104, er fjögurra deilda skóli þar sem dvelja 86 börn samtímis. Markmið leikskólans er að nota nánasta umhverfi barnanna til að virkja sköpunarafl og alhliða tjáningu þeirra.**

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er framlengdur til 31. júlí n.k. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen leikskólastjóri í síma 551-4810.

Einnig veita mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000.

Nánari upplýsingar um laus störf á Menntasviði er að finna á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

MS HEIMILIÐ

## Sjúkraliði - hlutastarf

Hjá dagvist og endurhæfingamiðstöð MS sjúklinga (d&e MS) er laus staða sjúkraliða. Um hlutastarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. d&e MS er fyrst og fremst starfrækt fyrir einstaklinga með MS sjúkdóm.

Nánari upplýsingar veitir Þuríður R. Sigurðardóttir, hjúkrunarforstjóri, í sími 568 8630 / 663 0469
thuridur@msfelag.is

## Gólflausnir Malland ehf. óskar eftir starfsmönnum í gólflagningarstörf.

Um er að ræða framtíðarstörf. Boðið er upp á góða tekjumöguleika.

Leitað er eftir hraustum einstaklingum eldri en 18 ára og hafa áhuga á mikilli vinnu.

Umsækjendur skili inn umsóknum á kristinn@malland.is

GÓLFLAUSNIR MALLAND

FASTEIGNIR

RE/MAX SENTER










# Skaftahlíð 28

Reykjavík
Opið hús Í dag kl. 17:30 - 18:00

**Verð: 31,0**
Stærð: 117,9
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1961
Brunabótamat: 14800000

Efsta sérhæð í fjórbýli á fallegum stað, stigi er dúklagður en pallar með kókosteppi. Stór stigapallur fyrir framan íbúð, hægt að breyta í forstofu. Parketlögð forstofa/borðstofa, stórir v. gluggar, mikil lofthæð, fataskápur. Rúmgott eldhús með viðar innréttingu, v. og n. gluggar, borðkrókur, korkflísar. Stór parketlögð stofa með stórum v. og s. gluggum, mikil lofthæð, s. svalir. Á svefnh.gangi eru miklir skápar, þá flísalagt bað með innréttingu og baðkari, parketlagt barnaherbergi með fataskáp, innst hjónaherbergi með fataskáp, góðum gluggum og a. svölum. Parketlagt barnaherbergi með aðgengi af stigapalli. Garður fallegur og gróinn, húsi vel við haldið, málað 2005, dren nýlegt, þak gott. Í kjallara er geymsla, sam. þvottahús, og hjólag. Stutt er í leikskóla, skóla, verslanir, kirkju, útivistagarð, listasafn, strætisvagna


Þórunn Gísladóttir
lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali


Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali


Bjarni
Sölufulltrúi
**821-0654**
bjarni@remax.is

allt
hús
Alla mánudaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Sölusýning þriðjudaginn 11. júlí milli 18 og 19 að Öldutúni 8, Hafnarfirði







Glæsileg eign á draumastað í Hafnarfirði örstutt frá Öldutúnsskóla. Í dag skiptist húsið í tvær íbúðir en eignin er alls 222,2 fermetrar. Á neðri hæð er ca 75 fermetra, 3ja herbergja, íbúð í útleigu. Á efri hæð og í risi er 5 herbergja björt og rúmgóð íbúð. Samkvæmt Fasteignamati Ríkisins er hún 95 fermetrar en raunstærð hennar er mun meiri þar sem risið telst ekki í fermetratölunni. Húsinu hefur verið vel viðhaldið en stutt er síðan það var klætt að utan og þak einangrað. Einnig var skipt um alla ofna fyrir stuttu. Nýlegt parket er á gólfum að stórum parti og er húsið allt hið fallegasta. Stutt er í skóla, íbúðin er miðsvæðis í Hafnarfirði og því þægilegt að nálgast alla þjónustu og verslanir. Með eigninni fylgir 26 fm bílskúr.


Guðrún Árnadóttir
lögg. fasteignasali

Albert Björn Lúðvígsson
sölumaður, s. 840 4048



HÚSAKAUP

- sími 530 1500 - heimasíða www.husakaup.is -

# SJÓNARHORN



Þessir kátu strákar af leikskólanum Rauðuborg skemmtu sér ævintýralega vel í heita pottinum í Nauthólsvík á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# HVUNNDAGURINN

## *Ný andlit á hverjum degi*

„Ég vakna um klukkan 6:30 og fer þá út að hlaupa, skelli mér svo í sturtu og er mættur í vinnuna stundvíslega klukkan 08:00," segir Ólafur Guðbjörn Skúlason, nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur, um morgunverkin sín.

„Mitt fyrsta verk á morgnana er að fá upp planið fyrir daginn í tölvunni, sjá hvert ég fer í heimahjúkrun þann daginn, en það skipulegg ég viku fram í tímann. Ég sé líka hverjir eiga pantaðan tíma og þess háttar og skipulegg daginn allan," segir Ólafur, sem er á vakt til klukkan 16 á hverjum degi og á bakvakt til klukkan 20:00. Hann er einnig á bakvakt allar helgar frá 8 til klukkan 20.

„Núna er ég að vinna sem afleysingarhjúkrunarfræðingur í Mývatnssveit. Vinnan er mjög fjölbreytt en ég vinn á heilsugæslustöð, svokallaðri H-stöð, sem þýðir að læknir hefur ekki fasta viðveru. Læknir kemur tvo daga í viku en ég hef alltaf aðgang að lækni á Húsavík. Starfið sjálft felst í að sinna heimahjúkrun, almennum heilsugæslustörfum, svo sem mæðravernd, ungbarnavernd og því sem til fellur, svo sem slysum og óhöppum. Einnig er ég með útibú Lyfju apóteks sem ég afgreiði í."

„Mér finnst allt mjög skemmtilegt við starfið mitt. Hjúkrunarstarfið er mjög fjölbreytt starf og mér finnst heimahjúkrun afar skemmtileg. Þar sinni ég fólki á þess heimasvæði og það er allt öðruvísi en að sinna fólki inni á heilbrigðisstofnunum. Skemmtilegast finnst mér að hitta svona mikið af skemmtilegu fólki, en maður sér ný andlit á hverjum degi," segir Ólafur, sem hefur ekki rekist á neitt leiðinlegt. „Ætli pappírsvinnan sé ekki minnst skemmtileg."

Ólafur dvelur í Mývatnssveit með kærustu sinni, Svanhvíti Friðriksdóttur, og syni þeirra, Friðriki Rafni, sem er eins og hálfs árs. Allur frítími næstu daga fer í að kynnast svæðinu í faðmi fjölskyldunnar. „Við eigum eftir að skoða helstu staðina á Mývatnssveit, svo sem Dimmuborgir, jarðböðin, sem eru að sögn yndislegur staður, og margt fleira."



Ólafur útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands fyrir stuttu.

www.velaborg.is S: 414 8600

CASE CX 130 BELTAGRAFA

CASE





Eigum á lager Case CX 130 beltagröfu með eftirtöldum búnaði:

- Liðbóma (articulated)
- Heildarþyngd 13 tonn
- Eitt vökvahraðtengi
- 1200mm skófla, 800 lítra
- 600mm gúmmíbelti
- Isuzu turbo mótor, 69kw (94hö)
- 3.10m dipper
- Tvívirk fleyglögn
- Fallventlar á bómu
- 3.6 metra ýtublað
- Sjálfvirkt smurkerfi á legur og liði í bómu

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Vélaborg ehf

Reykjavík • Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri • Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

belladonna

REGNBOGADAGAR

Núna er hægt að gera frábær kaup

20%-50%

afsláttur af völdum vörum

Vertu þú sjálf
– vertu Bella Donna

RÉTTU STÆRÐIRNAR (st. 38-60)

Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM

OUTLET FISKISLÓÐ 75

Mikið úrval af sumarskóm á góðu verði




OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407

X18 SKECHERS every1

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.335 **-0,13%** **Fjöldi viðskipta:** 223 **Velta:** 11.838 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Tryggingam.** 4,71%
**KB banki** 1,11%
**Atlantic Petr.** 0,71%

MESTA LÆKKUN

**Strau.-Burð.** 2,98%
**Landsbanki** 1,00%
**Össur** 0,93%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 +0,00% ... Alfesca 3,99 +0,00% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,71% ... Atorka 6,12 -0,49% ... Avion 31,90 +0,00% ... Bakkavör 44,00 -0,68% ... Dagsbrún 5,61 +0,54% ... FL Group 16,90 +0,00% ... Glitnir 16,80 -0,59% ... KB banki 730,00 +1,11% ... Landsbankinn 19,80 -1,00% ... Marel 70,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,30 -0,65% ... Straumur-Burðarás 16,30 -2,98% ... Össur 107,00 -0,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Mikill áhugi á bréfum Standard Life

Gengi hlutabréfa í tryggingafyrirtækinu Standard Life hækkaði um fimm prósent í frumútgáfu með bréf í fyrirtækinu í kauphöll Lundúna í Bretlandi í gær.

Tryggingafélagið var stofnað fyrir áttatíu árum og hefur það fram til þessa verið í eigu viðskiptavina þess, sem eru 2,4 milljónir talsins. Fyrir tveimur árum var hins vegar ákveðið að skrá tryggingafélagið í kauphöll Lundúna.

Standard Life var fyrir útboðið metið á 4,6 milljarða punda, jafnvirði rúmra 642 milljarða íslenskra króna og verður í kjölfar skráningar fimmta stærsta tryggingafélag í Bretlandi.

Að sögn forsvarsmanna Standard Life var geysimikill áhugi á útboðinu. Við upphaf þess stóð gengið í 230 pensum á hlut en hækkaði fljótlega um fimmtán pens eða 6,5 prósent. Við lok útboðs stóð gengið í 241 pensum á hlut og er vonast til að með því hafi tekist að auka




**FRÁ HLUTHAFAFUNDI STANDARD LIFE** Meirihluti hluthafa kaus um skráningu Standard Life fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hlutafé tryggingafélagsins um 1,1 milljarð punda, jafnvirði rúmra 153 milljarða íslenskra króna.

Verði það raunin má búast við umsnúningi á rekstri félagsins. Hagnaður þess á síðasta ári nam 152 milljónum punda, jafnvirði rúmlega 21 milljarðs króna, en það náðist í kjölfar uppsagnar rúmlega þrjú þúsund starfsmanna og endurskipulagningar í rekstri. - jab

## Hamleys í leikfangaútrás

Hamleys-leikfangakeðjan, sem er í eigu Baugs, Pálma Haraldssonar í Fons og stjórnenda, hefur samið við fjárfesta í Miðausturlöndum um að opna sérleyfisverslanir á svæðinu á næstu árum.



Fyrsta verslunin verður opnuð í Dubai í Kúveit haustið 2007 og fylgja fleiri verslanir í Kúveit og Sádi-Arabíu í kjölfarið, auk flugvallarverslana. Stjórnendur Hamleys eiga einnig í viðræðum við fjárfesta í Indlandi og Kína.

Hamleys rekur fimm verslanir á Bretlandseyjum. - eþa

# Eignastýring KB banka vex hratt

## Óx næstmest á Norðurlöndum á síðasta ári.

Í úttekt tímaritsins Investment pension Europe (IPE), sem er fagtímarit á sviði lífeyrismála, kemur fram að eignastýring KB banka hafi verið með næst mestan vöxt á Norðurlöndunum í fyrra. Óx eignastýringin um 136 prósent á síðasta ári og námu eignir í stýringu tæpum 1.400 milljörðum króna í árslok.

IPE birtir árlega lista yfir fjögur hundruð stærstu eignastýringarfyrirtæki Evrópu og situr eignastýring KB banka í 227. sæti og hækkaði um 56 sæti á síðasta ári. Af þessum fjögur hundruð fyrirtækjum sýndi eignastýring bankans fjórtánda mesta vöxtinn á síðasta ári.

Fram kemur hjá Þórarni Sveinssyni, framkvæmdastjóra



**EIGNASTÝRING KB BANKA ÓX NÆSTMEST** KB banki var með eignir upp á 1.400 milljarða króna í stýringu um áramót.

eignastýringarinnar, að eignir í stýringu hafi vaxið um fjórðung það sem af er þessu ári og má því ætla að bankinn hafi færst enn ofar á lista IPE. - eþa

# Ráðleggja sölu bréfa í HB Granda

Glitnir hefur gefið út nýtt verðmat á HB Granda sem er langt undir síðasta markaðsgengi, sem stóð í 12,2. Metur bankinn hlutinn í HB Granda á 7,4 krónur og hækkar eldra verðmat um nærri fimmtung. Ráðleggur bankinn fjárfestum að undirvega bréf í HB Granda til skemmri tíma og selja þau þegar til lengri tíma er litið.

Í verðmatinu er ekki reiknað upplausnarvirði félagsins með endurmati á eigin fé en væntingar um yfirtöku á HB Granda hafa sett mark sitt á verðþróun í félaginu. Hefur Glitnir 13,2 prósenta ávöxtunarkröfu til grundvallar.

Landsbankinn gaf einnig út nýtt verðmat á HB Granda á dögunum upp á 11,75 krónu á hlut en það miðast við að félagið sé leyst upp og aflaheimildir seldar. Mælir bankinn með sölu bréfanna gangi áform stjórnar HB Granda eftir að færa félagið af Aðallista Kauphallar Íslands yfir á nýja iSEC-markaðinn. - eþa



**HB GRANDI** Bæði Glitnir og Landsbankinn mæla með sölu út frá ólíkum forsendum.




HJÓLAÐU Í ALLT SUMAR




Herrahjól

Dömuhjól

**Jamis Explorer 2.0**

**Stell:** 6061 álstell, m/eilífðarábyrgð.
**Bremsur:** TekTro V-bremsur.
**Gírskiptir:** Shimano Acera, 21 gíra.
**Dempari:** SR Suntour M3070.
Einnig dempari í sætispósti fyrir aukin þægindi.
**Helstu kostir:** Fínmynstruð dekk henta vel innanbæjar en halda nægri breidd til að þau nýtist á malarvegunum uppi í sumarbústað. Breiður hnakkur, dempari í sætispósti og hátt, stillanlegt stýri fyrir upprétta setstöðu. Dömuhjólið er einnig til silfurlitað með rauðu.

**Sumartilboð: 26.990** kr. Verð áður 32.990 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 33430 07/2006

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Zophonías Jósepsson**

Ægisgötu 25, Akureyri,

lést í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 6. júlí.

**Jósep Zophoníasson** **Ingibjörg Salóme Egilsdóttir**
**Þóra Zophoníasdóttir**
**Húni Zophoníasson** **Anna Tryggvadóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



*Viljum þakka öllum sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts*

**Konráðs Guðmundssonar**

Fyrir hönd vandamanna,

**Guðmundur Konráðsson.**



*Móðir okkar,*

**Ásdís Lárusdóttir**

frá Austur- Meðalholtum í Flóa,

lést laugardaginn 8. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólafur Ó. Lárusson**
**Hannes Lárusson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær faðir okkar, bróðir og vinur,*

**Örn H. Bjarnason**

rithöfundur,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 7. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásta Júlía Arnardóttir** **Grétar Skúlason**
**Alda Arnardóttir** **Pétur Eggert Pétursson**
**Oddur Bjarnason**
**Halldór Bjarnason**
**Gunnar Bjarnason**
**Valdimar Jóhannesson**
**Björn Jóhannesson**
**Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ernu Sigurbjargar Ragnarsdóttur**

hárgreiðslumeistara, Löngufit 24,
210 Garðabæ.

Færum starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Holtsbúð sérstakar þakkir.

**Jón Boði Björnsson**
**Jóhanna Eiríksdóttir**
**Gréta Boða** **Sveinn Gaukur Jónsson**
**Guðbjörg Jónsdóttir** **Þröstur Gestsson**
**Hafdís Jónsdóttir** **Björn Leifsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Guðmundur Bergmann Jónsson**
**og barnabörn.**

*Guð blessi ykkur öll*

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**GIORGIO ARMANI (1934) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**



*„Ég hanna fyrir raunverulegt fólk. Ég hugsa um viðskiptavininn allan tímann. Það er engin dyggð að hanna föt eða fylgihluti sem ekki eru nýtilegir.“*

***Giorgio Armani er eftirsóttur ítalskur hönnuður.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 11. JÚLÍ 1993

# Debut kemur út



Með útgáfu Debut í Bretlandi hóf Björk sólóferil sinn í Bretlandi en platan fór beint í þriðja sætið á breska breiðskífulistanum. Björk varð fyrsti íslenski listamaðurinn til þess að koma plötu í eitt af fyrstu tíu sætum listans. Áður hafði Mezzoforte komist í sautjánda sæti breska listans, árið 1983 með lagið sitt Garden Party. Debut hefur nú selst í yfir fimm milljónum eintaka úti um allan heim og komst meðal annars í 91. sæti yfir hundrað bestu plötur allra tíma í skoðanakönnun sem gerð var meðal 36 þúsund plötukaupenda í Bretlandi.

Björk er sá íslenski tónlistarmaður sem hefur náð lengst á alþjóðavísu og hefur verið tilnefnd til fjölda íslenskra og erlendra verðlauna. Hún var meðal annars valin besta leikkonan á Cannes fyrir leik sinn í myndinni Dancer in the Dark eftir danska leikstjórann Lars von Trier. Hún vann einnig fern verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 1995 og fimm árið 1998 og var kosin söngkona ársins af áhorfendum MTV árið 1995.

Árið 1982 kom Björk fram í mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Rokk í Reykjavík og vakti þar mikla athygli, en á þeim tíma var hún í hljómsveitinni Tappi tíkarrass. Björk söng einnig um árabil í Sykurmolunum en hljómsveitin náði nokkrum frama erlendis og hitaði meðal annars upp fyrir írsku hljómsveitina U2.

## ÚTFARIR

13.00 **Guðmundur Magnússon**, fyrrverandi skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar, Árskógum 8, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Bragi Jónsson** frá Brekku í Aðaldal, síðast til heimilis í Akurgerði 39, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Einar Sæmundsson**, fyrrverandi formaður KR, Jökulgrunni 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju

14.00 **Fjóla Eiríksdóttir**, Kirkjuvegi 1, áður Framnesvegi 16, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Heiðar Þórarinn** Jóhannesson, Lundargötu 10, Akureyri, verður jarðsunginn frá Glerárkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.


Tímamót
FRÉTTABLAÐ FANGA Á LITLA-HRAUNI
2. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR
AFSTAÐA beitir sér í baráttunni við vímuefni

**FORSÍÐA TÍMAMÓTA** Sigurbjörn Grétarsson er annar ritstjóra blaðsins en það fjallar um málefni fanga og er dreift í öll fangelsi.

## FRÉTTABLAÐ FANGA: FÆR NÝTT NAFN

# Í upphafi skyldi endinn skoða

Fréttablað fanga á Litla-Hrauni hefur fengið nýtt nafn, Tímamót, en blaðið hefur komið út um nokkurra ára skeið. Sigurbjörn Sævar Grétarsson, annar ritstjóra blaðsins, segir nýja nafnið betra og virðulegra, en blaðið hét áður Hraunbúinn. Þetta er þriðja tölublað Sigurbjarnar sem ritstjóra en blaðið kemur að jafnaði út þrisvar á ári, á jólunum, páskunum og á sumrin. Því er dreift meðal fanga í fangelsum landsins



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Helgason**

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 12. júlí kl. 15.00. Kistulagning verður í Fríkirkjunni sama dag kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Stómasamtökin, s: 540 1900.

**Jóna G. Hermannsdóttir** **Haraldur Árnason**
**Sigurður Hermannsson** **Vilborg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Systir okkar, mágkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Þórarinsdóttir**

lést þann 7. júlí síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 13. júlí kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.

**Guðlaug Þórarinsdóttir**
**Ólöf Þórarinsdóttir**
**Sveinn Þórarinsson** **Halla Aðalsteinsdóttir**
**Elín Sigurðardóttir** **Magnús Óskarsson**
**Dóra Stefánsdóttir** **Stefán Rafn Geirsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Eiríksdóttir**

Kirkjuvegi 1, áður Framnesvegi 16, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 26. júní sl., verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju í dag kl. 14.00.

**Hreinn Líndal Haraldsson**
**Eiríka Haraldsdóttir**
**Aldís Haraldsdóttir**
**Sólveig Haraldsdóttir** **Arnbjörn Óskarsson**
**Sveinbjörg Haraldsdóttir**
**Haraldur L. Haraldsson** **Ólöf Thorlacius**
**Ágúst Líndal Haraldsson** **Valgerður Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,*

**Margrét Halldóra Bjarnadóttir**

Maríubakka 18,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 26. júní, var jarðsungin í kyrrþey 6. júlí síðastliðinn frá Fossvogskapellu.

**Daníel Kjeldal**
**Henríetta Kjeldal**
**Jannick Kjeldal**
**Guðrún Haraldsdóttir**
**Bragi Snævar Ólafsson** **Sigþrúður Bergsdóttir**
**Kristinn Guðmundur Bjarnason** **Sigurlaug Ásgeirsdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Óla Hauks Sveinssonar**

Háengi 19, Selfossi.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hann í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Lilja Friðbertsdóttir.**

## MERKISATBURÐIR

**1911** Konur fengu fullt jafnrétti til menntunar og embætta við karla þegar konungur staðfesti lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

**1914** George Herman (Babe) Ruth lék sinn fyrsta leik í atvinnumannadeildinni í hafnabolta fyrir Boston Red Sox.

**1971** Útvarpsþátturinn Matthildur var fluttur í fyrsta sinn í útvarpinu en umsjónarmenn þáttarins voru þeir Davíð Oddsson, Þórarinn Eldjárn og Hrafn Gunnlaugsson.

**1972** Einvígi aldarinnar hófst í Reykjavík þegar Bandaríkjamaðurinn Bobby Fischer og Sovétmaðurinn Boris Spasskí kepptu um heimsmeistaratitilinn í skák.

**1998** Hvalfjarðargöngin voru opnuð fyrir umferð. Göngin stytta hringveginn um 42 kílómetra og kostuðu 4,9 milljarða króna en þau voru opnuð átta mánuðum á undan áætlun.

en einnig er hægt að nálgast það á vef Fangelsismálastofnunar ríkisins, fangelsi.is.

Sigurbjörn segir að tímaritið sé núna notað meira sem málgagn en áður, en það eru ritstjórarnir tveir, þeir Sigurbjörn og Rúnar, sem skrifa flestar greinarnar. Eitt af því sem fréttablað fanga leggur áherslu á er að minnka endurkomur í fangelsin en Sigurbjörn segir að þær séu mjög miklar og telur meðal annars mikilvægt að bjóða upp á meðferð fyrir þá fanga sem eru háðir fíkniefnum eða áfengi. „Við erum að fara af stað með verkefni núna með haustinu sem ég held að við kynnum 23. september næstkomandi,“ segir Sigurbjörn. Hann vill að fangar verði betur meðvitaðir um afleiðingar gjörða sinna, „í upphafi skyldi endinn skoða,“ segir hann. Hann segir þó ýmislegt í boði fyrir fanga, meðal annars geti þeir stundað skóla þar og líkamsrækt. Enn betur megi þó gera. Hann segir einnig slæmt að ungir fangar séu með þeim eldri, en þegar unglingar ná sextán ára aldri er hægt að fangelsa þá á Litla-Hrauni.

Á Íslandi eru fimm fangelsi, Fangelsið á Akureyri, Hegningarhúsið í Reykjavík, Kvennafangelsið Kópavogi, Litla-Hraun og Kvíabryggja. Sigurbjörn segir að um sjötíu fangar sitji á Litla-Hrauni en það er skilgreint sem öryggisfangelsi. Hann segir að engin lög eða reglur séu til um öryggisfangelsi og að fangelsið sé allt of stórt til þess að geta verið öryggisfangelsi. Í nýjasta tölublaði blaðsins er meðal annars fjallað um farsímanotkun á Kvíabryggju, sem ekki er leyfð á Litla-Hrauni, en Sigurbjörn segir að aðbúnaður á Litla-Hrauni sé mjög skertur miðað við Kvíabryggju.

„Fyrst kem ég með hugmyndir og reyni að virkja menn með mér en þetta er bara unnið hérna inni í klefa hjá mér. Ég er með tölvu og ágætisforrit og svo er það skrifstofan á Litla-Hrauni sem fjölfaldar þetta fyrir okkur. Maður byrjar strax að pæla í næsta blaði þegar þetta er komið út. Þetta er alveg búið að bjarga mér, að hafa eitthvað að gera,“ segir Sigurbjörn en hann er búinn að afplána fimmtán mánuði af fjögurra ára dómi.

gudrun@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Grétar Örvarsson** tónlistarmaður er 47 ára.



**Ari Edwald**, forstjóri 365, er 42 ára.



**Hermann Hreiðarsson** knattspyrnumaður er 32 ára.

# Laxveiði gengur vel í Refasveit

Laxá í Refasveit opnaði núna í byrjun júlí og hefur veiðin gengið mjög vel að sögn Stefáns Sigurðssonar. Hann segir fyrsta hollið hafa fengið níu laxa og að meðalþyngdin hafi verið yfir tíu pund sem telst nokkuð gott. Eftir það voru tveggja daga holl og um síðustu helgi var sett í sautján fiska en það tókst að landa átta þeirra. Stefán segir mikinn fisk vera í ánni en hún er á mitt á milli Blönduóss og Skagastrandar. Áin er tveggja stanga og enn eru nokkur leyfi eftir í september.



**AFRAKSTUR HELGARINNAR** Á myndinni eru þeir Sigurður Helgi, Stefán og Örvar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÍSLENSKIR UNGLINGAR** Fæstir þeirra þurfa sem betur fer að hafa áhyggjur af hungursneyð og alnæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Dagur jarðarbúa

Í dag er haldinn hátíðlegur dagur jarðarbúa og í ár er einblínt á ungt fólk. Það er UNFPA, Mannfjöldastofnun Sameinuðu Þjóðanna, sem stendur fyrir deginum en það er alþjóðleg stofnun sem leggur áherslu á rétt allra til þess að eiga heilbrigt líf og jafna möguleika.

Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum er helmingur jarðarbúa undir 25 ára aldri og í 57 þróunarlöndum er yfir fjórtíu prósent fólksins undir fimmtán ára aldri.

Hjá framkvæmdastjóra Mannfjöldastofnunarinnar kemur fram að ungt fólk sé hugmyndaríkt og hafi orku til þess að að framkvæma og minnka fátækt og ójöfnuð. Ungt fólk vill lifa heilbrigðu lífi og búa við öryggi og það vill eiga möguleika á betri framtíð. Þrátt fyrir þetta ógnar ólæsi, fátækt, ótímabærar þunganir og alnæmi ungu fólki. Á hverjum degi smitast sex þúsund ungar manneskjur af alnæmi og fimm hundruð milljónir ungmenni á aldrinum 15 til 24 ára lifa á minna en tveim dollurum á dag.



**RISAPANDAN CUB TAI SHAN** Hér fagnar hún fyrsta afmæli sínu með því að borða frosna ávexti, sultu og epli í dýragarðinum í Washington. Risapöndur er aðallega að finna í Kína en þær hafa verið í útrýmingarhættu undanfarin ár. Kínverjar hafa þó reynt ýmislegt til þess að viðhalda þessari sætu dýrategund. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


SONATA
Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

Með bílinn handa þér

**Dæmi um staðalbúnað:**
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými

Lúxusbíll á fólksbílaverði
1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0l
kr. 2.290.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524




## STUÐ MILLI STRÍÐA Hetjan reyndist breysk

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** VARÐ FYRIR MIKLUM VONBRIGÐUM



Ég á varla orð til að lýsa tilfinningum mínum á því augnabliki þegar ég sá Zidane skalla Marco Materazzi beint í bringuna í úrslitaleiknum á HM síðastliðinn sunnudag. Síðasti leikur Zidane þar sem ég, og svo margir aðrir, var búin að sjá fyrir mér að hann myndi enda ferilinn sem heimsmeistari og hetja brosandi með gullstyttuna í hönd, en ekki skúrkur. Hvað gekk manninum eiginlega til? Hvað fékk hann til að missa stjórn á skapi sínu? Var hann ekkert að hugsa? Hvað var málið?!

Sem aðdáandi Zidane leyfi ég mér að hugsa að Materazzi, sem kom aftan að Zidane og hélt honum þétt að sér og hvíslaði í eyra hans, ætti það skilið að fá þetta þrumuhögg í hjartastað frá Zidane. Hann hefur sagt eitthvað hræðilegt. Ég er ekki ein þeirrar skoðunar, því þar sem ég fylgdi syni mínum í knattspyrnuskólann næsta morgun, heyrði ég á tali félaga hans að þeim var mikið niðri fyrir út af þessu máli, og eins og ég, vissir um að Ítalinn hefði hvíslað einhverju mjög hættulegu. Já, Materezzi hefur legið á sprengju, leynivopni sem ef til olli því að Ítalir unnu og orðunum sem skotið var í eyra Zidane reyndist gullmarkið sem færði þeim sigurinn. Það getur bara ekki verið að Zidane sé svona vitlaus og skapbráður. Hann er góði gæinn.

En þetta eru bara orð biturrar konu sem langaði í hetju. Því hetjur blása manni krafti í brjóst og maður trúir að allt sé hægt. Hetjan snertir jafnvel við hetjunni í sjálfum manni og hvetur mann áfram, því það sem einn maður getur gert, getur annar haft eftir. Auk þess langaði mig heil ósköp til þess að liðið sem ég hélt með myndi sigra, því liðin sem ég held vanalega með sigra nánast aldrei.

Sjálfur Zidane hefur eflaust viljað vera þessi hetja, og sennilega hafa fáir verið undir jafnmikilli pressu á úrslitaleik HM eins og hann. Hann átti bara að vinna, liðin skiptu ekki máli, bara hann. Og sennilega þurfti lítið til að ýta honum yfir brúnina, því allar hetjur sem taka áhættu og leggja sig allar fram dansa á brúninni og reyna á ofumannslega krafta sína. Því miður missti hann jafnvægið og sýndi að hann er mannlegur og breyskur rétt eins og við hin.

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



CITROËN

Sjáðu

# C1

Sjáðu flotta hönnun
**Frumsýning C1**
Komdu í Brimborg. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën að Bíldshöfða 8.
**Komdu í kaffi og kleinur**
**Sóltilboð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.**




# Sniðugir Frakkarnir.

Þegar tveir bílar mætast fara þeir hvor í sína átt. Ólíkt því þegar Toyota mætti Citroën. Tveir stórir bílaframleiðendur tóku mál hvor af öðrum og fannst sniðugt að nýta þann mun sem er á þeim og hanna saman mætan bíl. Samvirknin gaf af sér risasmáa tvíbura: Citroën C1 og Aygo frá Toyota. Nú er mál að skipta. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 - í nýjum sýningarsal Brimborgar, Bíldshöfða 8.
Sniðugir Frakkarnir. Eigðu franskan tvíbura: 3 eða 5 dyra.

**Veldu Citroën. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú nýjan bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.




**Citroën C1 SX 1,0i**
**3 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án sóltilboðs 1.395.000 kr.
Sóltilboð 1.355.000 kr.

**Skoðaðu úrval risasmárra Frakka: C1, C2 og C3**



**Citroën C1 SX 1,0i**
**5 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.866 kr.
Rekstrarleiga 27.500 kr.
Verð án sóltilboðs 1.435.000 kr.
Sóltilboð 1.395.000 kr.



**Citroën C2 VTS 1,6i**
**3 dyra 5 gíra 125 hö***
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.
Sóltilboð 1.749.000 kr.



**Citroën C3 SX 1,4i**
**5 dyra 5 gíra 75 hö***
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.
Sóltilboð 1.599.000 kr.

**Sóltilboð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.**

**sóltilboð**

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímailinu. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**!** **Kl. 21.00**
*Leikfélagið Vér morðingjar frumsýnir Penetreitor eftir Anthony Neilson að Grandagörðum 8.*

# menning

menning@frettabladid.is

## 101 bekkur í póstnúmeri 101

Unnur Malin Sigurðardóttir er nýútskrifuð af myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti, en í lokaverkefni sínu útbjó hún risastórt plakat sem sýnir myndir af 101 bekk á 101-svæðinu í Reykjavík.

„Ég fékk þessa hugmynd einn daginn þegar ég veitti því eftirtekt að bekkir eru tvist og bast um bæinn, án þess að nokkur sitji á þeim og svo eru þeir á hinum fáránlegustu stöðum. Til að mynda er fullt af svona bekkjum við sjóinn á 101-svæðinu og þegar hvasst er í veðri, eins og algengt er hér á landi, gusast sjórinn yfir þá sem bekkina verma og jafnvel sjávarþang," segir Unnur Malín og hlær.

Bekkirnir í miðbæ Reykjavíkur eru merkilega margir og forvitnilegt að sjá þá samankomna á einu veggspjaldi.

„Þá vakti það einnig athygli mína að bekkir á 101-svæðinu snúa oft ekki rétt, þeir snúa frá því útsýni sem nánasta umhverfi hefur annars upp á að bjóða".

Plakatið verður til sölu í bókabúðinni Iðu í Austurstræti. **-brb**



**UNNUR MALÍN SIGURÐARDÓTTIR** „Bekkir á 101 svæðinu snúa oft ekki rétt." FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**> Ekki missa af…**

sumarsýningu í **Listasafni Íslands**. Yfirskrift sumarsins er „**Landslagið og þjóðsagan**" og þar gefur að líta úrval verka úr eigu safnsins eftir þekktustu málara landsins.

óvæntum uppákomum **Skapandi** sumarhópa Hins hússins og Reykjavíkurborgar. Ótrauðir ungir listamenn með aragrúa hugmynda og hæfileika dúkka upp á **ólíklegustu** stöðum.

tónleikum **Kvartetts Eriks Qvick** á **Kaffi Kúltúre** kl. 21.30 í kvöld. Með trommaranum geðþekka leika **Erik Qvick**, Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson og Thomas Markuson.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**JÚLÍ**

8 9 10 **11** 12 13 14

**Þriðjudagur**

**TÓNLEIKAR**

☐ 21.30 Kvartett **Eriks Qvick** leikur á **Kaffi Kúltúre**. Með trommaranum geðþekka leika **Thomas Markusson**, **Haukur Gröndal** og **Ásgeir Ásgeirsson**.

**LEIKLIST**

☐ 21.00 Leikfélagið **Vér morðingjar** frumsýnir verkið **Penetreitor** eftir **Anthony Neilson** að Grandagörðum 8.

**SÝNINGAR**

☐ 10.00 **Helena Ragnarsdóttir** sýnir ónefnt akrýlverk unnið á pappír í skartgripaversluninni **aurum** í **Bankastræti**. Sýningin stendur yfir í 2 vikur, opið er á opnunartíma verslunar mán-fös 10-18 og lau 11-16.

☐ 11.00 Verk eftir dáðustu málara Íslands má finna á sumarsýningu **Listasafns Íslands**, **Landslagið og þjóðsagan** en verkin eru úr sameign safnsins og Safni Ásgríms Jónssonar.







# Hin blíðu hraun í Hafnarborg

**Tólf listamenn sýna í Hafnarborg. Yfirskrift sýningarinnar „Hin blíðu hraun" er tilvitnun í Jóhannes Kjarval, en með henni er sjónum beint að hrauninu sem er í Hafnarfirði allt um kring.**

Um síðustu helgi opnaði sýning tólf listamanna í Hafnarborg, en þeir sækja allir innblástur sinn í hraunið líkt og Kjarval forðum daga. Listamennirnir eru Anna Líndal, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðrún Kristjánsdóttir, Erling TV Klingenberg, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Kristbergur Pétursson, Patrick Huse, Ragna Róbertsdóttir, Spessi og Steina Vasulka.

Unnið er með hina ýmsu miðla á sýningunni, allt frá málverkum, skúlptúrum, lágmyndum, til myndbandsverka. Að sögn Jóns Proppé listfræðings eru verkin mjög fjölbreytileg, allt frá að hafa beina vísun í viðfangsefnið, yfir í að vera mjög abstrakt. „Hér á ferðinni listamenn sem allir hafa sýnt víða og lagt drjúgan skerf til listalífsins undanfarin ár. Þeir eru á ýmsum aldri, en þeir yngstu eru um þrítugt og þeir elstu eru að nálgast sextugt."



**HRAUNIÐ Í ÍSLENSKRI SAMTÍMALIST** Fjölbreytileg verk er að finna á sýningunni í Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Jón segist lengi hafa alið með sér þann draum að skipuleggja sýningu tengda hrauni. „Ég ólst upp hér í Hafnarfirði og naut þess að búa við fegurð hraunsins sem umlykur allt. Þegar til kom að ræða þessa hugmynd við réttu aðilana var henni tekið fagnandi og listamennirnir sem koma að sýningunni hafa allir fengist við hraun í verkum sínum eða efni sem tengjast hrauni. Það er frábært að sjá að þetta viðfang, sem Kjarval kenndi okkur ef til vill fyrstur að meta, lifir í samtímalist, jafnt hjá ungum sem öldnum."

Stærsta verkið á sýningunni er jafnframt gjörningur sem listamaðurinn Halldór Ásgeirsson mun sýna, en hann verður unninn fyrir utan listasafnið á hverjum laugardegi. „Halldór hefur lengi unnið með hraun, brætt það og teygt á alla vegu en nú vinnur hann með vikurstein sem hann bræðir með logsuðutæki. Við smíðuðum risastóran múraðan steinkassa sem er mikið meira en mannhæðahár og jafn á alla kanta. Hann er alls staðar lokaður, hliðar, loft og gólf, en Halldór mætti á laugardaginn með logsuðugræjurnar og bræddi sér leið inn í steininn á tveimur stöðum. Hann heldur síðan gjörningnum áfram og afraksturinn á eftir að verða afskaplega fallegur, því þegar vikursteinn bráðnar þá breytist hann í svartan gljáandi glerung. Verkið klárar Halldór á næstu sjö vikunum," segir Jón. „Þetta er langstærsta verkið sem Halldór hefur unnið með og segja má að það sé mjög karlmannlegt." Enn á eftir að finna skúlptúrnum endanlegan stað, en það verður gert á allra næstu dögum, að sögn Jóns.



**LISTASÝNING Í HAFNARBORG Í HAFNARFIRÐI** Jón Proppé fyrir framan verkið sem listamaðurinn Halldór Ásgeirsson vinnur með í gjörningi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Meðan á sýningunni stendur verður jafnframt fjölbreytt dagskrá í Hafnarborg og í Höfða, húsi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, en félagið stendur að sýningunni í samvinnu við Hafnarborg.

Boðið verður upp á leiðsögn og fræðslu í skógræktinni frá hádegi á laugardögum. Í Hafnarborg verður líka leiðsögn og ýmsir gjörningar á laugardögum klukkan 16 og loks verða fyrirlestrar um náttúrufræði og listir í Hafnarborg á fimmtudagskvöldum kl. 20 en fimmtudaga er sýningin jafnframt opin lengur, frá 11-21.

Sýningin stendur til 28. ágúst.

# Karlmenn kortlagðir

Fræðslu- og skemmtiritið Hann er ekki nógu skotinn í þér eftir Breg Behrendt og Liz Tuccillo er komið út hjá Eddu útgáfu. Bókin fjallar um hugarfar og háttalag karlmanna og hvernig konur geta lært að lesa í margbrotin hegðunarmynstur þeirra.




Bókin svarar fjölda spurninga sem konur hafa haft á vörunum svo öldum skiptir.

Höfundarnir eru viðriðnir framleiðslu þáttanna Beðmál í borginni en bókin hefur þotið upp metsölulista víða um heim.

Þýðandi er Þóra Sigurðardóttir. **- khh**

# Sumartónar í Sigurjónssafni

Sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi hefst í kvöld með tónleikum þar sem meistari Mozart verður í fyrirrúmi. Um flutninginn sjá Freyr Sigurjónsson, sem starfað hefur sem fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands í aldarfjórðung, lágfiðluleikarinn Iwona Andrzejczak og Jerzy Andrzejczak sellóleikari, en þau leiða bæði sín hljóðfæri í Sinfóníuhljómsveitinni í Bilbao, og Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari. Á efnisskrá tónleikanna eru fjórir kvartettar eftir Mozart.

Meðal annarra listamanna sumarsins má nefna Þorbjörn Björnsson baritónsöngvara og Jan Czajkowski píanóleikara sem munu koma fram síðar í mánuðinum og Nicole Vala Cariglia sellóleikara og Árna Heimi Ingólfsson semballeikara sem halda tónleika í ágústbyrjun.

Á sumarsýningu safnsins gefur að líta skúlptúra og portrett eftir Sigurjón Ólafsson en á þjónustutíma þess er jafnan boðið upp á kaffi og heimabakað meðlæti á kaffistofunni en hún er einnig opin eftir sumartónleikana.



**FYRSTU SUMARTÓNLEIKARNIR Í SIGURJÓNSSAFNI** Fluttir verða fjórir kvartettar fyrir flautu, fiðlu, víólu og selló eftir Mozart.

Nánari upplýsingar um dagskrá sumarsins má finna á heimasíðu safnsins, www.lso.is. **- khh**

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Verið velkomin í Veiðihornið

# Það er opið í dag

## Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið



**Simms Guide vöðlupakki.**
Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 4.250 á mánuði.**



**Simms Freestone vöðlupakki.**
Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.852 á mánuði.**



**Scierra Blackwater vöðlupakki.**
Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Níðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Scierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 3.628 á mánuði.**



**Scierra MBQ vöðlupakki.**
Scierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Scierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.246 á mánuði.**



**Aðeins 2.013 á mánuði.**

**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 2.168 á mánuði.**

**DAM vöðlupakki.**
DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**

**Já, líka á sunnudögum.**

**Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is**



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU



## *Af tveimur bassaleikurum*

Búinn að hafa það einstaklega gott hér í Noregi undanfarna daga enda var Quart-hátíðin hér í Kristiansand ein sú mest sjarmerandi og þægilegasta sem ég hef heimsótt. Var þó að mestu án einhvers konar merkilegra tónlistaruppgötvana. Efnilegar norskar hljómsveitir létu sig alveg vanta en ég get þó huggað mig við þá tilhugsun að ég veit að þær eru til.

Quart fær líka plús fyrir tvennt. Í fyrsta lagi er hún fyrsta og eina hátíðin þar sem ég hef ekki fundið jónureykingalykt og í öðru lagi var allt skipulag hér til mikillar fyrirmyndar. Allir tónlistarmennirnir stigu sem dæmi á stokk á nákvæmlega auglýstum tíma. Undantekningar voru þó tvær, önnur var egóistinn Kanye West og hin var breska r&b-sveitin Bugz in the Attic. Ég hafði heyrt eitt lag með þeirri síðarnefndu og líkaði vel og þess vegna voru það þvílík vonbrigði þegar ég heyrði restina af lögunum hennar, sem voru vægast sagt drasl.

Helst voru það þó tveir bassaleikarar sem stálu senunni, allavega hjá mér. Annars vegar var það hinn smávaxni bassaleikari sænsku þungarokkssveitarinnar Opeth. Fannst hann mjög fyndinn, allt öðruvísi en allir hinir karlmannlegu gaurarnir í sveitinni. Hann hafði þó fallegt og mikið hár sem hann sveiflaði af mikilli fimi. Hinn bassaleikarinn var hins vegar af allt öðrum toga. Reyndar átti sá það sameiginlegt með bassaleikara Opeth að skarta fallegu og síðu hári. Þetta var án efa kynþokkafyllsti bassaleikari sem ég hef séð en hún heitir Hilma Nikolaisen og sér hún um að plokka bassagítarinn hjá hinni ofursvölu hljómsveit Serena Maneesh. Hilma er hávaxin og grönn og bar með sér mikið rokkaraútlit. Var villt uppi á sviðinu og sveiflaði bassanum (sem er ekkert annað en stórt kyntákn eins og allir vita) af miklum losta. Einhver að flytja þessa hljómsveit til landsins og helst ekki seinna en strax!

Næst á dagskrá hjá mér er fyrst að kíkja á tónleika Islands, sem spila á næstu Airwaves, í Þýskalandi og þaðan fer ég til Slóvakíu í bæinn Trencin á hátíð sem kallast Pohoda. Tveggja daga hátíð sem ég hlakka mikið til enda heyrir maður ekki mikið af tónlist í útvarpinu frá þessum hluta Evrópu. Þarna verða þó einnig stór nöfn eins og Pixies og Dizzee Rascal. Mikið fjör og mikið gaman.



**GLÆSILEG** Hilma Nikolaisen, bassaleikari Serena Maneesh, var flott á sviðinu á Quart-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR

## FÓLK Í FRÉTTUM

Peter MacNicol sem lék lögmanninn John Cage í Ally McBeal þáttunum frægu mun leika í sjöttu seríunni af 24. Hann mun leika háttsettan yfirmann í Hvíta húsinu. MacNicol lék í Ally McBeal frá 1997 til 2002 og fékk þrjár Emmy tilnefningar fyrir rulluna, og vann loks 2001. Næsta sería 24 verður tekin upp í New York og verður sýnd ytra í janúar 2007.



Idol söngvarinn Kelly Clarkson hefur neitað orðrómi um að þrýst sé á hana að losa sig við aukakílóin, en sú saga gengur að söngkonan missi af stórum auglýsingasamningi ef hún léttist ekki. Kelly segir að þetta sé alrangt og samkvæmt fulltrúa hennar hefur hún nú þegar setið fyrir í fyrstu myndatökunni fyrir drykkjarframleiðandann Vitaminwater. Kelly hefur áður lýst því yfir að hún hafi meiri áhuga á því að borða hollan mat en að vera mjó. „Mér líkar við Vitaminwater-herferðina því margir krakkar drekka gos allan daginn og það er óhollt. Ég á marga unga aðdáendur og vil vera fyrirmynd,“ sagði Kelly.



# Líf og fjör á Langasandi

Feðgarnir J. William Flores Lugo og Leonardo Þór Williamsson unnu til fyrstu verðlauna í sandkastalakeppni sem haldin var á Langasandi á Akranesi í um helgina. Sandkastalakeppnin var haldin í tilefni af Írskum dögum sem haldnir eru á Skipaskaga ár hvert. Um fimmtíu manns tóku þátt í keppninni en formaður dómnefndar var arkitektinn Steve Christer, sem hannaði meðal annars Ráðhús Reykjavíkur. Auk sandkastala mátti sjá ýmsar furðuverur rísa á sandinum hvíta, þar á meðal risakrabba, sem þeir feðgar William og Leonardo gerðu.

Fólk gerði sér margt til skemmtunar á Írskum dögum en auk sandkastalakeppninnar fór fram keppnin rauðhærðasti Íslendingurinn, þar sem 54 keppendur voru skráðir til leiks – sá yngsti sex mánaða. Rauðhærðasti keppandinn reyndist vera Steinar Ólafsson. Þá sigraði Ingibjörg Björnsdóttir frá Akranesi í keppninni hittnasta amman í körfubolta en hún hitti úr þremur skotum af fimm. Alls voru 47 ömmur skráðar til leiks.



**VERÐANDI BYGGINGARMEISTARI** Hilmar starri var meðal keppenda í sandkastalakeppninni á Langasandi og sýndi stórkostleg tilþrif.



**GLÆSISMÍÐ** Þessir ungu krakkar byggðu einn stræsta og flottasta sandkastala sem sést hefur á Langasandi.



**MARGT UM MANNINN** Fjöldi fólks lagði leið sína á sandkastalakeppnina á Langasandi um helgina.



**GAMAN AÐ BUSLA** Það er gaman að busla á Langasandi enda ströndin einstök.



**HÖLL** Kastalarnir voru af ýmsum stærðum og gerðum og minntu sumir á arabískar hallir.



**KYNJAVERUR** Kynjaverur í Skagabúningum mættu á Langasand.



**GAMAN SAMAN** Sandkastalakeppnin sameinaði fjölskylduna og voru keppendur á öllum aldri.

2 fyrir 1
Alicante
13. og 20. júlí
frá kr. 19.990

Kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 13. júlí í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.

Allra síðustu sætin
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval gistimöguleika á Benidorm í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





# Bein útsending í kvöld

**Fylgstu með Magna í beinni útsendingu í kvöld kl. 1 eftir miðnætti.**
**Við sýnum svo úrslitin í beinni útsendingu á miðnætti annað kvöld.**

**Fyrir þá sem ekki geta vakað verða tónleikarnir sýndir kl. 21.30 á miðvikudagskvöldið og úrslitin kl. 21.30 á fimmtudagskvöldið.**

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland

ENNEMM / SIA / NM22654









**JIM CARREY** Þegar Jim Carrey og Jenny McCarthy hittast er engu líkara en að þau séu að leika í rómantískri gamanmynd, segja sjónarvottar.

## Jim Carrey með Jenny McCarthy

Jim Carrey og leikkonan Jenny McCarthy hafa eitthvað verið að hittast undanfarna mánuði en síðustu vikurnar hafa þau sést mikið opinberlega og virðast mjög hamingjusöm saman. Jim og Jenny létu sjá sig á Radiohead-tónleikum í Los Angeles í lok júní. „Þau virtust skemmta sér mjög vel. Þetta var eins og að horfa á rómantíska gamanmynd," sagði einn tónleikagesta. Þegar þrjár mæður nálguðust parið og sögðu að börnin þeirra hefðu verið yfir sig hrifin af The Mask tók Jim Carrey upp á því að ranghvolfa augunum og leika frægt atriði í myndinni, börnunum og kærustunni til mikillar ánægju. Vinur leikarans, sem er 44 ára, segir að hann sé mjög hamingjusamur en Carrey hefur áður glímt við þunglyndi. Hann og McCarthy eiga hvort um sig eitt barn úr fyrra hjónabandi.




# Sjóræningjarnir með metaðsókn

Framhaldsmynd Pirates of the Caribbean, Dead Man's Chest, sló öll met um opnunarhelgina í Bandaríkjunum. Myndin halaði inn 132 milljónir dollara um síðustu helgi og sló þar með metið sem Spider-Man setti árið 2002. Upphæð opnunarhelgarinnar er þrisvar sinnum hærri en sú sem fyrsta myndin í seríunni aflaði fyrir tveimur árum. „Þegar fólkið í bransanum spáði því að við myndum ná 100 milljónum dollara hélt ég að það væri bara að reyna að vera andstyggilegt. Sama hversu vel okkur gengi yrði þetta misheppnað ef við fengjum ekki þessa upphæð. Ég hélt að þau væru að grínast og grunaði aldrei að tölurnar yrðu svona háar," sagði Jerry Bruckheimer, framleiðandi myndanna. Í ofanálag sló kvikmyndin metið á föstudeginum einum og hún er sú fyrsta til að hala inn hundrað milljónir dollara á einum degi. Næstar á lista yfir mest sóttu myndirnar eru Superman Returns og tískugrínmyndin The Devil Wears Prada. The Curse of the Black Pearl, fyrsta myndin um sjóræningjana, naut mikilla vinsælda sem þó voru ekkert í líkingu við framhaldsmyndina. Johnny Depp fékk Óskarstilnefningu fyrir leik sinn í myndinni og greinilegt er að myndin fellur í kramið hjá áhorfendum þrátt fyrir að framleiðendum myndarinnar hafi ekki litist vel á Depp í upphafi.



**JOHNNY DEPP** Depp var umdeildur í hlutverkinu meðal framleiðenda Pirates of the Caribbean-myndanna en hann fellur í kramið hjá áhorfendum ef marka má aðsóknarmetin.

# Bláir bossanova mánudagar

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Uppáhalds bossanova hljómsveit allra kaffihúsaeigenda, Nouvelle Vague, snýr aftur með fleiri indí slagara í farteskinu. Þessar frönsku listaspírur velja lögin jafn vandlega og síðast og halda áfram að skella gömlum nýbylgjulögum í seiðandi bossanova búning. Ég held að það hljóti að vera gefið mál að þessi plata eigi eftir að hljóma á vel völdum kaffihúsum í bænum á næstunni.

Hér er m.a. að finna afbragðs útgáfur af The Killing Moon eftir Echo and the Bunnymen, Dancing With Myself sem Billy Idol söng með Generation X, Heart of Glass eftir Blondie, „Eydís"-slagarann Fade to Grey eftir Visage, Blue Monday eftir New Order og hið drungalega meistarastykki Bela Lugosi´s Dead eftir Bauhaus.

Þetta hljómar bara allt mjög svipað og síðast, nema hvað að nú eru önnur lög á ferðinni. Fuglasöngur og önnur umhverfishljóð hljóma undir lögunum, sem gefur þeim öllum aukið sólskin. Þetta er eins mikil sumartónlist og getur orðið.

Lögin eru svo sungin á jafn kynæsandi hátt og áður. Mikill andardráttur með hverju orði. Þegar maður svo heyrir þennan ýkta franska hreim hjá stúlkunum sér maður þær strax fyrir sér í frönskum þernubúningum. Eða er það kannski bara ég?

Það er reyndar einhver gæi að syngja með sveitinni á þessari plötu. Sá heitir Gerald Toto, hljómar alveg eins og stelpa og syngur Yazoo slagarann Don´t Go listavel. Önnur ný stúlka í hópnum heitir Silja, hún er ekki íslensk svo ég viti.

Síðasta plata sveitarinnar seldist í rúmum tvö hundruð þúsund eintökum um heim allan, og sveitin hefur verið á stöðugu tónleikaferðalagi síðan hún sló í gegn með útgáfu sinni af Love Will Tear Us Apart eftir Joy Division. Þeim líkar vinsældirnar greinilega vel. Þau eru iðin við að stilla öllum hópnum upp fyrir tískublöðin í glansmyndatökur og eitthvað þykir mér lagavalið hér poppaðra en áður. Það er auðvitað bara hið besta mál. Þetta er líka tónlist sem ætti að höfða til fáránlega breiðs hóps fólks og ég get ekki ímyndað mér að ég eigi nokkurn tíma eftir að fá leið á þessu. **Birgir Örn Steinarsson**




**NOUVELLE VAGUE**

BANDE À PART

**Niðurstaða: Frönsku listaspírurnar í Nouvelle Vague halda áfram að flytja uppáhalds nýbylgjuslagarana sína í seiðandi bossanova útgáfum. Í þetta skiptið urðu New Order, Blondie, Buzzcocks og Billy Idol m.a. fyrir barðinu. Hreint afbragð frá upphafi til enda.**

# Bestu ár Gisele búin

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen segist vera orðin of gömul til að ná sér í karlmann. Bündchen lýsir því yfir að hún telji að besti tími ævi sinnar sé búinn og karlmenn hafi reynt meira við hana þegar hún var 15 og 16 ára. Gisele var trúlofuð leikaranum Leonardo DiCaprio en þau hættu saman fyrr á þessu ári og hefur hún verið við karlmann kennd síðan. Þess má geta að stúlkan er 25 ára á árinu.■

**OFURFYRIRSÆTA** Gisele Bündchen segist ekki vera eins falleg núna og hún var þegar hún var 15 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



# Brúðkaup á dagskránni

Leikaraparið Kate Bosworth og Orlando Bloom viðurkennir að þau séu spennt fyrir því að gifta sig en það sé þó ekki á dagskránni alveg strax. Kate, sem leikur í Superman Returns, segist hafa rætt brúðkaupið við Bloom. „Þetta er alveg uppi á borðinu. Ég er þó ekki trúlofuð, en ég veit að ég er í hamingjuríku sambandi og vil ekki vera með neinum öðrum en Orlando," sagði Kate Bosworth. ■

**KATE BOSWORTH** Ástfangin upp yfir haus af Orlando Bloom. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 3-5:45-8-10:20 |
| THE BREAK UP VIP | KL. 4:15-8-10:20 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30-8 |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-10:20 |
| THE LAKE HOUSE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 |
| SLITHER | KL. 10:30 B.I. 16 |
| SHE´S THE MAN | KL. 8 |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 3:45-6-8:15-10:30 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 8:15-10:30 B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4-6:30 |
| *CARS enskt tal | KL. 3:45 |
| *POSEIDON | KL. 6 B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 8-10:10 |
| THE CLICK | KL. 8 B.I. 10 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 10:10 B.I. 12 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 6-8-10:10 |
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10:10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 |

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 6-8:15-10:30 |
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-10:50 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 10:50 B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Eddie og Mel B nýtt par

Sögusagnir eru uppi í Hollywood þess efnis að fyrrverandi kryddstúlkan Melanie Brown og gamanleikarinn Eddie Murphy séu nýtt par. Murphy skildi á dögunum við eiginkonu sína Nicole Mitchell, en þau eiga saman sex börn. Munu skötuhjúin vera í leynilegu ástarsambandi og eru að sögn vina mjög hamingjusöm. Mel B hefur lítið verið í sviðsljósinu undanfarin ár og hefur sólóferill hennar ekki gengið sem skyldi. Þessa dagana er hún að láta reyna á leikhæfileika sína í Bandaríkjunum og svo er fyrirhuguð endurkoma stallsystranna í hljómsveitinni Spice Girls á næstunni. ■



**NÝJASTA PARIÐ** Fyrrum kryddstúlkan Melanie B og gamanleikarinn Eddie Murphy eru nýtt par að sögn sænska blaðsins Aftonbladet.

# Hannar sólgleraugu

Tískumógúllinn Victoria Beckham er búin að hanna sólgleraugnalínu undir sínu eigin nafni sem mun fara í sölu í lok júlí í verslunum Harrods í Bretlandi. Victoria er þekkt fyrir að láta vart sjá sig án þess að þess að skýla sér á bak við sólgleraugu og segir hún að þau séu uppáhaldsfylgihlutur sinn. Victoria segist hafa tekið mið af tískunni á árunum 1940-1980 og eru því öll sólgleraugun í línunni í stærri kantinum. Victoria hefur áður látið til sín taka í hönnunarbransanum en hún hannar sína eigin línu af gallabuxum fyrir bandaríska fatamerkið Rock and Republic. ■



**VICTORIA BECKHAM** Sólgleraugu undir hennar nafni eru væntanleg í verslanir Harrods í Bretlandi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**GAMAN SAMAN** Síðasta fimmtudagskvöld var boðið upp á göngutúr á Esjuna og hér má sjá brot af hópnum sem tók þátt í þeirri ferð. Næsta fimmtudagskvöld verður farið út í Viðey en hvalaskoðun og hestaferð er einnig á döfinni.

# Innfæddir og innflytjendur skemmta sér saman

Á fimmtudagskvöldum í sumar stendur Alþjóðahúsið fyrir skemmtilegum ferðum í Reykjavík og nágrenni í þeim tilgangi að sporna gegn félagslegri einangrun innflytjenda og auka samskipti þeirra við innfædda. Meðal annars verður boðið upp á gönguferðir, hestaferð, siglingu og hvalaskoðun en ferðirnar eru opnar öllum, Íslendingum og innflytjendum sem langar til þess að gera eitthvað skemmtilegt á fimmtudagskvöldum í sumar. Fyrsta ferðin var farin síðasta fimmtudag en þá var gengið á Esjuna. „Þetta tókst mjög vel og flestir fóru alla leið upp á topp. Þátttakendur voru um 25 manns, þar af um fimmtungur útlendingar,“ segir Helga Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Alþjóðahússins. Hún segir að ferðirnar séu ýmist ókeypis eða gegn vægu verði, en Forvarnarsjóður er styrktaraðili verkefnisins. Næsta ferð verður farin út í Viðey og er mæting í hana fyrir utan Alþjóðahús kl. 19.30 og verður komið til baka kl. 22.30. Áhugasömum er bent á að skrá sig degi áður í ferðina í síma 530 9313.

Þátttökugjald er 600 kr. Nánari upplýsingar um næstu ferðir má fá á heimasíðunni www.ahus.is. ■

# Timberlake fastagestur í Playboy

Að sögn Hughs Hefner, stofnanda og útgefanda tímaritsins Playboy, er söngvarinn knái, Justin Timberlake, fastagestur í hinum svokölluðu Playboy partíum. „Hann mætir alltaf,“ segir Hefner en hann er þekktur fyrir að halda risastór partí á heimili sínu og eru þau búin að skipa sér fastan sess í skemmtalífinu í Hollywood. Einnig segir Hefner að í þessum partíum sé allt fallegasta fólk heims saman komið og því ekki skrítið að þau séu eftirsótt. ■



**JUSTIN TIMBERLAKE** Fastagestur í Playboy partíum. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



## KR - Millwall í kvöld

Í kvöld er komið að öðrum æfingaleik enska liðsins Millwall hér á landi en um helgina tapaði það 2-0 fyrir Þrótturum. Spennandi verður að sjá hvort KR nái jafn góðum úrslitum og Þróttur í kvöld en leikurinn verður á KR-vellinum og hefst klukkan 20.00. Aðgangseyrir fyrir fullorðna er 1.000 krónur.

**sport**

sport@frettabladid.is

FÆREYINGURINN RÓGVI JACOBSEN ER FARINN FRÁ KR: KOMINN Á HEIMASLÓÐIR TIL HB Á NÝJAN LEIK

# *Heim til Færeyja með heimþrá*

Færeyingurinn Rógvi Jacobsen er farinn frá KR eftir tveggja ára dvöl í Vesturbænum. Rógvi kom frá HB í heimalandi sínu árið 2004, en hann er 27 ára gamall og mjög fjölhæfur leikmaður. Fyrir tímabilið sem nú er í gangi langaði Rógva mikið heim en afréð að standa við tveggja ára samninginn sem hann gerði. Hann kom við sögu í níu af tíu leikjum KR í sumar og skoraði eitt mark.

Rógvi skrifaði undir hjá KR um helgina en í gær gengu KR og HB frá samningum sín á milli. Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR-Sport, sagði við Fréttablaðið í gær að um málamiðlunar greiðslu væri að ræða sem væri hluti af upphæðinni sem KR borgaði HB á sínum tíma.

„Við vorum í vandræðum með að halda honum í vetur en þá gerðum við allt sem við gátum til að halda honum. Rógva langaði mikið að fara heim og það hefur í raun alltaf verið hans ósk. Ég gerði það sem ég gat því hann er góður leikmaður og ég var að vona að hann myndi festa sig í sessi hér svo við gætum hugsanlega selt hann í stærri deildir í Evrópu, en það tókst því miður ekki,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR við Fréttablaðið í gær.

Rógvi gekk frá sínum málum um helgina og skrifaði undir samning við HB á nýjan leik. „Rógvi er fínn knattspyrnumaður og við hefðum kosið að nýta okkur það í sumar. Hann hefur ekki gengið heill til skógar og jafnvel spilað þegar hann átti ekki að spila í sumar. Hann náði ekki að æfa alltaf í sumar á milli meiðslanna og þá var formið hans dalandi. Við náðum kannski ekki því besta út úr honum,“ sagði Teitur.



## > Indriði hjá Southampton

Landsliðsmaðurinn Indriði Sigurðsson er nú staddur á Englandi þar sem hann æfir með enska 1. deildarliðinu Southampton. Indriði verður í vikutíma hjá félaginu, en ef vel gengur gæti hann verið í viku til viðbótar. Þetta kom fram í kvöldfréttum NFS í gær. Undanfarin ár hefur Indriði spilað með Genk í Belgíu en hann ákvað að fara frá félaginu eftir að samningur hans rann út fyrr í sumar. Hann er 25 ára, spilar sem vinstri bakvörður og á þrjátíu A-landsleiki að baki. Í lok síðasta árs var hann undir smásjá Stoke City en það mál rann út í sandinn.



**Fylkir 1-0 Víkingur**

Fylkisvöllur, áhorfendur: 564 — Ólafur Ragnarsson (7)

*1-0 Sævar Þór Gíslason (67.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–6 (3–4) |
| Varin skot | Fjalar 2 – Ingvar 2 |
| Horn | 1–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–17 |
| Rangstöður | 0–0 |

| FYLKIR 4–3–3 | | VÍKING. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirs. | 7 | Ingvar Kale | 6 |
| Þórir Hanness. | 6 | Valur Úlfarsson | 7 |
| Guðni Rúnar | 7 | Milos Glogovac | 7 |
| Ragnar Sigurðss. | 8 | Grétar Sigfinnur | 6 |
| Arnar Þór | 6 | Höskuldur Eiríkss. | 7 |
| Eyjólfur Héðinss. | 7 | (76. Andri Tómas | -) |
| Ólafur Stígsson | 6 | Haukur Úlfarsson | 7 |
| (80. Jón Björgvin | -) | (72. Davíð Þór | -) |
| Páll Einarsson | 6 | ***Arnar Jón Sigurg.*** | ***8*** |
| Christian Christ. | 6 | Jökull I. Elísabetars. | 6 |
| Haukur Ingi | 7 | Viktor Bjarki. | 5 |
| (66. Sævar Þór | 7) | Stefán Kári | 5 |
| Albert Brynjar | 8 | Daníel Hjaltason | 6 |

*Maður leiksins

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 10 | 8 | 2 | 0 | 19-5 | 26 |
| **2. FYLKIR** | **10** | **5** | **1** | **4** | **13-12** | **16** |
| 3. VÍKINGUR | 10 | 4 | 2 | 4 | 13-9 | 14 |
| **4. GRINDAVÍK** | **10** | **3** | **4** | **3** | **15-12** | **13** |
| 5. VALUR | 10 | 3 | 4 | 3 | 13-12 | 13 |
| **6. KR** | **10** | **4** | **1** | **5** | **8-19** | **13** |
| 7. KEFLAVÍK | 9 | 3 | 2 | 4 | 14-9 | 11 |
| **8. ÍBV** | **9** | **3** | **2** | **4** | **9-14** | **11** |
| 9. BREIÐABLIK | 10 | 3 | 2 | 5 | 17-23 | 10 |
| **10. ÍA** | **10** | **3** | **0** | **7** | **12-18** | **9** |

# Fyrsta snerting Sævars tryggði Fylki sigurinn

**Fylkismenn unnu góðan heimasigur, 1-0, á Víkingi í Landsbankadeild karla í Árbænum í gærkvöldi. Það var varamaðurinn Sævar Þór Gíslason sem tryggði Fylki öll stigin þrjú með sinni fyrstu snertingu í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Fylkir komst upp í annað sæti Landsbankadeildarinnar með sigrinum á Víkingi í gær en þar var Sævar Þór Gíslason hetjan með því að skora sigurmarkið í leiknum. Fyrri helmingur fyrri hálfleiksins einkenndist af þreifingum hjá báðum liðum og lítið sem gladdi augun. Fylkismenn voru þó meira með knöttinn en eftir því sem á hálfleikinn leið lifnaði yfir gestunum.

Arnar Jón Sigurgeirsson var í aðalhlutverki á miðsvæðinu og Fylkismenn áttu í stökustu vandræðum með hann. Tvö bestu færi fyrri hálfleiksins komu eftir frábæran undirbúning hans og í bæði skiptin var það Daníel Hjaltason sem fékk þau. Sérstaklega var seinna færið gott en þá slapp Daníel einn í gegn en líkt og í fyrra skiptið skaut hann föstu skoti sem hitti ekki rammann.

Fylkismenn fengu einnig sín færi þó þau væru ekki jafn góð og hjá Víkingum. Guðni Rúnar Helgason átti fasta aukaspyrnu sem Ingvar Þór Kale varði vel og þá átti Viktor Bjarki Arnarsson góðan sprett en náði ekki nægilega góðu skoti. Viktori var annars haldið nokkuð vel niðri í leiknum af hans fyrrum samherjum.

Á 63. mínútu voru Fylkismenn stálheppnir en þá fékk Arnar Jón boltann eftir hornspyrnu og átti hörkuskot sem fór í varnarmanninn Guðna Rúnar og þaðan í þverslána. Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, ákvað að gera breytingu á liði sínu og setti Sævar Þór Gíslason inn sem varamann. Sævar var varla kominn inn á þegar hann hafði skorað en það gerði hann með sinni fyrstu snertingu, Eyjólfur átti fasta sendingu á Albert Brynjar sem renndi boltanum á Sævar sem var einn og óvaldaður og skoraði örugglega.



**BARÁTTA** Fyrirliði Víkinga, Höskuldur Eiríksson, hefur hér betur í baráttunni við Fylkismanninn Hauk Inga Guðnason í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þetta mark reyndist sigurmarkið í leiknum þótt Víkingar hefðu ógnað mjög undir lok leiksins. Albert Brynjar bjargaði á marklínu og þá varði Fjalar Þorgeirsson meistaralega eftir skalla frá Grétari Sigfinni Sigurðssyni. Víkingar fengu betri færi en Fylkismenn en náðu ekki að nýta þau og fengu því ekkert út úr leiknum. Albert Brynjar var í fyrsta sinn í byrjunarliði Fylkis í sumar og stóð sig vel, sérstaklega í seinni hálfleiknum.

„Við eigum það til að falla of mikið til baka þegar við komumst yfir en mér fannst við eiga sigurinn skilinn því við stjórnuðum leiknum stærstan hluta. Við náðum að halda Viktori niðri, hann datt síðan í smá pirring undir lokin og náði ekki að spila eins vel. Það sýnir sig hvað þessi deild er þéttur pakki að maður stekkur upp um mörg sæti með sigri,“ sagði Ragnar Sigurðsson, varnarmaðurinn sterki, í leikslok. **elvar@frettabladid.is**



**BUFFON** Besti markvörður HM kyssir hér verðlaunagripinn. NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistaramótinu lokið:

## Buffon bestur markvarða

**FÓTBOLTI** Það kemur fáum á óvart að Gianluigi Buffon frá Ítalíu vann hin svokölluðu Lev Yashin verðlaun sem besti markvörður heimsmeistarakeppninnar hlýtur. Buffon var frábær í keppninni og með þessu fetaði hann í fótspor markvarðar Frakklands, Fabien Barthez, sem valinn var besti markvörðurinn 1998.

Á hinum enda vallarins var það hins vegar hinn þýski Miroslav Klose sem var atkvæðamestur og hlaut gullskóinn fyrir að vera markakóngur keppninnar með fimm mörk. Á eftir honum komu átta leikmenn sem skoruðu þrjú mörk en listann má sjá hér að neðan. **- egm**

**MARKAHÆSTIR Á HM 2006:**

5 - Miroslav Klose, Þýskaland
3 - Hernan Crespo, Argentína
3 - Ronaldo, Brasilía
3 - Zinedine Zidane, Frakkland
3 - David Villa, Spánn
3 - Fernando Torres, Spánn
3 - Maxi Rodriguez, Argentína
3 - Thierry Henry, Frakkland
3 - Lukas Podolski, Þýskaland



**ÚR FORMÚLUNNI Í NASCAR** Montoya hefur lengi haft áhuga á Nascar-kappakstrinum en hér er hann með goðsögn í þeim bransa, Jeff Gordon á Nascar-braut í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

1. deild karla í gærkvöldi:

## Leiknismenn unnu Fjölni

**FÓTBOLTI** Pétur Örn Svansson gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu í góðum sigri Leiknis gegn Fjölni í 1. deild karla í gærkvöldi. Pétur skoraði fyrsta markið með góðum skalla eftir fyrirgjöf Guðlaugs Axelssonar og annað markið með glæsilegu skoti í þverslána og inn af vítateigslínunni.

Ingimundur Níels Óskarsson minnkaði muninn fyrir Fjölni með skalla áður en Pétur innsiglaði þrennuna í byrjun síðari hálfleiks úr vítaspyrnu.

Ásgeir Ásgeirsson minnkaði svo muninn fyrir Fjölni úr vítaspyrnu, áður en Björn Sigurbjörnsson skoraði fjórða mark Leiknismanna. Lokatölur í Breiðholtinu urðu 4-2 fyrir Leikni sem komst þar með upp fyrir Fjölni í töflunni í þriðja sæti deildarinnar. **- hþh**

Landsbankadeild kvenna:

## KR vann í gær

**FÓTBOLTI** Olga Færseth skoraði tvö mörk fyrir KR sem vann Stjörnustúlkur í Landsbankadeild kvenna í gærkvöldi. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði svo eitt mark fyrir KR-stúlkur, sem leiddu með tveimur mörkum gegn engu í hálfleiknum. Björk Gunnarsdóttir klóraði í bakkann fyrir Stjörnuna sem komust þó ekki nær stöllum sínum úr Vesturbænum.

KR er nú þremur stigum á eftir Blikastúlkum sem eru í öðru sæti deildarinnar þar sem Valsstúlkur tróna á toppnum með fullt hús stiga. **- hþh**

FH mætir TVMK Tallin í fyrri leiknum í fyrstu umferð Meistaradeildarinnar í dag:

# Byrjum á því að halda hreinu

**FÓTBOLTI** Í dag leika Íslandsmeistarar FH fyrri leik sinn í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu. Andstæðingarnir eru hið fornfræga lið TVMK Tallin frá Eistlandi en leikið er ytra. Síðari leikurinn fer fram í Kaplakrika þann 19. júlí en liðið sem kemst áfram mætir Legia frá Póllandi í 2. umferðinni. Í þriðju umferðinni koma svo lið á borð við Arsenal og Liverpool inn í hattinn.

„Við erum í góðu yfirlæti hér í Eistlandi. Við erum á góðu hóteli og það er frábært veður, kannski full heitt, um 30 gráður en við erum atvinnumenn, við erum ekkert að sóla okkur heldur erum við bara á hótelinu að drekka vatn,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH, við Fréttablaðið í gær.

ÍA mætti Tallin árið 2004 og vann þá samtals 6-2 en Tryggvi segir að Hafnarfjarðarliðið viti ekki ýkja mikið um andstæðinginn. „Við vitum mjög lítið satt best að segja, í það minnsta eins og staðan er núna. Þjálfararnir vita nú vonandi eitthvað og munu eflaust segja okkur frá þeim fyrir leikinn en þeir eru líklega af svipuðum styrkleika og við. Þeir halda boltanum vel, líklega betur en við en því mætum við bara með klókindum og baráttu,“ sagði framherjinn knái í gær.



**TRYGGVI** Í baráttu við Michael J. Jónsson í leik FH og Grindavíkur í Landsbankadeildinni þann 28. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við ætlum að byrja á því að halda hreinu, það skiptir mestu og átta okkur aðeins á andstæðingnum til að byrja með og sjá hvort við finnum glufur,“ sagði Tryggvi en en Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, fór til Eistlands í síðustu viku til að skoða andstæðingana.

„Það vantar marga í liðið okkar og nokkrir strákar eru að stíga sín fyrstu skref í Evrópukeppni. Ég er sáttur eins og staðan er í dag við jafntefli en það getur annað komið á daginn þegar leikurinn er búinn. Það gæti verið að við séum með miklu betra lið en þeir en ég held að við værum ánægðir með jafntefli og að sjálfsögðu himinlifandi með sigur,“ sagði Tryggvi. **- hþh**

Juan Pablo Montoya:

## Fer úr Formúlunni í Nascar

**KAPPAKSTUR** Kólumbíski ökuþórinn Juan Pablo Montoya hefur tekið þá ákvörðun að hætta í Formúlu-1 og snúa sér að Nascar kappakstrinum. Nascar er ein af vinsælustu íþróttagreinunum í Bandaríkjunum og miklu vinsælli en Formúlan.

„Þetta ætti að verða mjög gaman. Hann sagðist vilja fara aftur að keppa enda elskar hann ekkert meira en spennuna sem fylgir því að keppa. Hvaða staður er betri en þessi?“ spurði Chip Ganassi sem mun vinna með Montoya.

„Ég er í skýjunum með að fara í þá íþrótt sem er í hvað mestum vexti í heiminum í dag. Ég hef hugsað mikið um þetta og tók ákvörðunina núna þegar tækifærið gafst til. Ég veit að þetta verður ekki auðvelt en ég get ekki beðið eftir því að komast á bak við stýrið,“ sagði Montoya. **- hþh**

## ÚR SPORTINU

Juventus hefur selt rúmenska sóknarmanninn Adrian Mutu til Fiorentina á 5,5 milljónir punda. Fyrir ári var rekinn frá Chelsea eftir að hafa fallið á lyfjaprófi. Búlgarski sóknarmaðurinn Valerji Bojinov fer öfuga leið en hann spilar með Juventus á lánssamningi frá Fiorentina á næsta tímabili.



Þá er Juventus búið að finna nýjan þjálfara eftir að Fabio Capello fór til Real Madrid en það er hinn franski Didier Deschamps. Hann er 37 ára og spilaði á sínum tíma með Juventus og á næstu dögum kemur í ljós í hvaða deild þessi fyrrum þjálfari Monaco mun stýra ítölsku meisturunum.



Miðjumaðurinn Garry Flitcroft hefur neyðst til að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla. Þessi 33 ára miðjumaður hjálpaði Sheffield United að tryggja sér sæti í úrvalsdeildinni síðasta tímabil þegar hann var kom frá Blackburn. Þjálfari Sheffield segir það mikið áfall að njóta ekki reynslu leikmannsins í úrvalsdeildinni næsta tímabil.

Fabio Capello hefur áhuga á því að fá Ruud van Nistelrooy, sóknarmann Manchester United, til spænska stórliðsins Real Madrid. Þýska liðið Bayern München vill einnig fá Hollendinginn til sín og Karl-Heinz Rumenigge, stjórnarformaður félagsins, segir að leikmaðurinn vilji koma en Nistelrooy fer líklega frá United í sumar.



# Zidane kosinn áður en leiknum lauk

**Zinedine Zidane fékk í gær gullknöttinn þegar hann var valinn besti leikmaður heimsmeistaramótsins þrátt fyrir ófyrirgefanlega framkomu í úrslitaleiknum. Langflestir kusu áður en úrslitaleiknum lauk.**

**FÓTBOLTI** Franski miðjumaðurinn Zinedine Zidane var svo sannarlega í sviðsljósinu þegar Frakkland og Ítalía léku til úrslita á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi á sunnudag. Þessi 34 ára miðjumaður var þarna að spila sinn síðasta leik en hann var búinn að tilkynna það að hann ætlaði að leggja knattspyrnuskóna á hilluna eftir langan og frábæran feril. Zidane spilaði gríðarlega vel á mótinu en missti stjórn á skapi sínu í sjálfum úrslitaleiknum og setti því svartan blett á lok ferils hans.

Þrátt fyrir það var Zidane valinn besti leikmaður mótsins og hlaut fyrir það gullknött FIFA en það voru íþróttafréttamenn víðs vegar um heiminn sem greiddu atkvæði. Langflestir voru búnir að skila inn atkvæðum sínum þegar Zidane skallaði Marco Materazzi, varnarmann ítalska liðsins, í framlengingunni í úrslitaleiknum sem Ítalir unnu síðan í vítaspyrnukeppni. Það eru mjög miklar líkur á að kosningin hefði farið á annan veg hefði kosningin farið fram eftir lokaleik keppninnar en Zidane endaði með 2.012 stig í kosningunni en í öðru sæti var hinn ítalski Fabio Cannavaro með 1.977 stig.



**ÞEIR BESTU** Zidane hvílir lúin bein eftir venjulegan leiktíma ásamt Fabio Cannavaro sem varð í öðru sæti í kjörinu. NORDICPHOTOS/AFP

„Ástæðan fyrir því að Zidane varð efstur er sú að allir voru búnir að skila inn sínum atkvæðum áður en úrslitaleiknum lauk, flestir gerðu það í hálfleik. Það er frekar neyðarlegt að leikmaður sem verður sér til skammar í úrslitaleiknum sé síðan valinn maður mótsins,“ sagði Gordon Farquhar sem starfar fyrir BBC. „Þetta var síðasti leikur Zidane á ferlinum og staðan var 1-1 í hálfleik þar sem hann skoraði mark Frakklands úr vítaspyrnu. Á þeim tímapunkti hafa flestir gert upp hug sinn en ég er pottþéttur á því að margir þeirra sem gáfu honum sitt atkvæði hefðu breytt því eftir leikinn hefðu þeir haft tækifæri til.“

Það er þó ljóst að Zidane á heima í hópi bestu knattspyrnumanna allra tíma þótt hann hafi líklega viljað að ferill sinn hefði endað á annan veg. Hann vann til fjölmargra verðlauna á ferli sínum, varð heimsmeistari 1998 og valinn besti knattspyrnumaður heims á sínum tíma.

Á 110. mínútu leiksins var Materazzi að gæta Zidane og sagði síðan eitthvað við hann sem gerði það að verkum að Zidane missti stjórn á skapi sínu, gekk upp að Materazzi og skallaði hann kröftuglega í brjóstkassann. Umboðsmaður Zidane sagði við fjölmiðla í gær að orð Materazzi hefðu farið langt yfir strikið og verið alvarlegs eðlis. „Hann vildi þó ekki fara nánar út í hvað hann sagði, hann vildi lítið ræða þetta atvik. Hann er mjög ósáttur við eigin hegðun,“ sagði umboðsmaðurinn Alain Migliaccio.



**KEPPNI LOKIÐ** Zinedine Zidane tekur af sér fyrirliðabandið í sínum síðasta leik á ferlinum eftir að hafa fengið rauða spjaldið. NORDICPHOTOS/AFP

Sama hvað Materazzi sagði þá réttlætir það ekki hegðun Zidane og reynslumikill leikmaður eins og hann á að vita betur. Zidane fékk á endanum gullknöttinn en auk hans voru Michael Ballack, Miroslav Klose, Gianluigi Buffon, Thierry Henry, Maniche, Andrea Pirlo, Patrick Vieira, Gianluca Zambrotta og að sjálfsögðu Fabio Cannavaro tilnefndir.

elvargeir@frettabladid.is

**Fyrrum gullknattarhafar:**

- 2006 - Zinedine Zidane, Frakkland
- 2002 - Oliver Kahn, Þýskaland
- 1998 - Ronaldo, Brasilía
- 1994 - Romario, Brasilía
- 1990 - Salvatore Schillaci, Ítalía
- 1986 - Diego Maradona, Argentína
- 1982 - Paolo Rossi, Ítalía


FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

Björgvin Ó. Óskarsson
Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi
Óskar Mikaelsson, ráðgjafi

Gunnar Jón Yngvason
löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali
Viðskiptafræðingur MBA



Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • Fax 517 3536 • gjy@fyrirtaekjasala.is • www.fyrirtaekjasala.is

MIKILL FJÖLDI ATVINNUHÚSNÆÐIS OG FYRIRTÆKJA Á SKRÁ LÍTTU Á www.fyrirtaekjasala.is

**Sala: Eyrartröð Hf. 160 fm innkeyrslibil.**



Mjög gott 160 fm innkeyrslubil með tvennum innkeyrsluhurðum, þar af er önnur 4 mtr. Mikil lofthæð. Steypt plan fyrir framan húsið. Góð starfsmanna aðstaða. LAUST STRAX. Verð 19. millj

**Sala: Dalshraun Hfj.**



Nýlegt steinsteypt atv.húsnæði 863 fm, lofthæð mikil. Skrifstofa og starfsmanna aðstaða og stórir salir. Stórar innkeyrsluhurðir. Lóð verður malbikuð. Frábær eign á góðum og sýnilegum stað. Gott hagstætt lán áhvílandi. LAUST. AÐEINS 20 Millj. ÚTBORGUN.

**Sala: Iðngarðar 766 m2 - hagstætt verð.**



Nýlegt glæsilegt iðnaðarhúsnæði í Garði. Húsnæðið er stálgrindarhús, stórar innkeyrsluhurðir, samtals 766,2 m2 með mjög góðri rúmlega 6 metra lofthæð og er golfflötur súlulaus. Húsnæðið er byggt 1998 undir fiskvinnslu, en gott hentað undir fjölbreytta iðnaðar- eða framleiðslustarfsemi, einnig sem vörulager. Verð aðeins 35 millj.

Frum

**Sala: Trönuhraun Hf. 141 fm innkeyrslubil.**



Á frábærum stað, gott innkeyrslupláss, endabil 141 fm, nýyfirfarið, Bjart og gott pláss. LAUST. Verð 18,7 millj.

**Hvaleyrarbraut Hf. Til sölu herbergjaleiga.**



Rúmgóð 9 herbergi, þar af 3 með eldh.rétt. og mögul. að setja innréttingu í 2 til viðbótar. Allt standsett fyrir einu og hálfu öðru ári síðan. Góðar leigutekjur. Verð 25 milljónir. Áhv. 16 millj. lán. Skipti athugandi.

**Sala: Fiskislóð 270 m2 fiskvinnslupláss.**



Húsnæðið er með góðri lofthæð, kæli og frysti. Stór innkeyrsluhurð. Malbikað plan. Verð 33 millj. Laust strax!.

**Sala: Eyrartröð.**



Innkeyrslubil frá 75-85 fm með 20 fm milligólfum. Allt nýtt. Góður frágangur. Tilbúið með lýsingu og hita og WC. Aðkoma og staðsetning er mjög góð. Sala 11,5 - 11,9 millj.

**Sala /Leiga: Hafnarfjörður. 170 - 510 m2.**



Til leigu eða sölu 3 innkeyrslubil samliggjandi, hvert um 170 fm með milligólfi. Stórar innkeyrsludyr og mikil lofthæð. Malbikað allt í kring. Laust fljótt. Verð 20,5 millj. pr. bil.

**Óskum eftir** verslunarhúsnæði á jarðhæð til leigu eða kaups. Stærð 400 - 1000 m2 - má vera stærra ef hluti húsnæðis hentar undir lager. **Æskileg staðsetning: RVK 104, 108 eða KÓP 201.**

Láttu Viðskiptafræðinga MBA og löggiltan fyrirtækjasala með áratuga reynslu aðstoða þig. EKKI SÆTTA ÞIG VIÐ MINNA.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The world's going to end tommorow. You don't want to die a virgin, do you?"**

**Svar: Strákur úr kvikmyndinni Independence Day árið 1997.**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HORFÐI Á ÍTALI KYSSA BIKARINN

# *Fagnaðarlætin engu síðri en leikurinn*

Ég var ein af mörgum sem settust fyrir framan sjónvarpið á sunnudaginn, þrátt fyrir sól og blíðu, og horfði á einn stærsta sjónvarpsviðburð sumarsins. Úrslitaleikurinn í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu. Þetta var viðburðaríkur leikur með rauðu spjaldi, vítaspyrnu og framlengingu þannig að stuðningsmenn beggja liða hafa fengið eitthvað fyrir sinn snúð. Það var rosalegt að sjá stemminguna innan vallar sem utan enda glæsilegar aðstæður á leikvanginum. Leikmennirnir virtust vera góðir vinir, glaðir að hafa komist svona langt og ætluðu greinilega að hafa gaman af þessum leik, fyrir utan smá árekstur á lokamínútum leiksins.

Eftir vítaspyrnukeppnina þegar úrslitin voru kunn, var stórskemmtilegt að fylgjast með liðsmönnum ítalska landsliðsins gjörsamlega ganga af göflunum. Til dæmis var greinilegt að hinn hárprúði Camaronesi hafði verið manaður af liðsfélögum sínum fyrir leikinn í að klippa sig ef þeir myndu vinna, því hann sat á stól á miðjum vellinum með alla félagana í kringum sig og einn klippti af honum taglið. Þeir voru eins og litlir skólastrákar, hoppuðu um hlæjandi og öskrandi. Ég held að það hafi flestir setið brosandi inni í stofu að látunum í nýkrýndum heimsmeistur-unum og var stutt í gæsahúðina þegar þeir kysstu bikarinn.

Að lokum vil ég hrósa þulinum sem lýsti leiknum af stakri snilld. Hann var mikið fyrir það að leggja leikmönnum, dómurum og þjálfurum orð í munn á fyndinn hátt og væri gaman ef þetta yrði einnig gert í íslenska boltanum. Það myndi setja skemmtilegan svip ef um leiðinlegan leik væri að ræða.



**SIGURVÍMA** Ítalir léku á als oddi eftir að hafa unnið heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu.



▶ 21.30 *Heimild*

VALDATÍÐ EDUARDS SHEVARDNADZE



▶ 20.05 *Nýtt*

THE APPRENTICE



▶ 22.20 *Drama*

THE MAN FROM ELYSIAN FIELDS



▶ 22.30 *Nýtt*

LOVE MONKEY



▶ 21.10 *Fréttaskýring*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**15.40** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (1:4) **16.10** Kóngur um stund (5:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (44:52) **18.25** Andlit jarðar (1:16)

**18.30 Gló Magnaða (59:65)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Mæðgurnar (18:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki.
**20.45 Taka tvö (8:10)** Að þessu sinni er rætt við Sigurð Sverri Pálsson.
▶ **21.30 Valdatíð Eduards Shevardnadze** Finnskur heimildaþáttur um Eduard Shevardnadze, fyrrverandi utanríkisráðherra Sovétríkjanna og forseta Georgíu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn (6:6)** (The Commander II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Í skugga valdsins (1:2) **00.45** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters (3:7)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Meistarinn **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **16.00** Shin Chan **16.25** Nornafélagið **16.50** He Man **17.15** Músti **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (e)**
▶ **20.05 The Apprentice (1:14)** (Lærlingurinn) Donald Trump er mættur aftur með nýjan hóp lærlinga sem vonast til að fá vinnu hjá auðkýfingnum.
**20.50 Las Vegas (18:23)** (Like A Virgin) Lífið gengur sinn vanagang í Montecito-spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. Bönnuð börnum.
**21.35 NCIS** (Glæpadeild sjóhersins) Þriðja þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.
**22.20 Curb Your Enthusiasm** (Rólegan æsing)
**22.55 Twenty Four (23:24)** (24) Stranglega bönnuð börnum.

**23.40** Bones (11:22) **0.25** In Hell (The Savage) (Str. b. börnum) **2.00** Black Cadillac (Str. b. börnum) **3.30** Highway (Str. b. börnum) **5.05** Simpsons (13:21) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (6:18) (e)** (Model Student)
**20.00 Friends (13:17)** (The One Where Joey Speaks French)
**20.30 Sushi TV (5:10)**
**21.00 Bernie Mac (14:22)**
**21.30 Supernatural (22:22)** (Devil's Trap) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæskuhjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Bönnuð börnum.
▶ **22.20 The Man From Elysian Fields** Aðalhlutverk: Andy Garcia, Mick Jagger og Julianna Margulies. Leikstjóri: George Hickenlooper.

**0.10** My Name is Earl (e) **0.35** Rescue Me (2:13) (e) **1.20** Weeds (2:10) (e) **1.50** Friends (13:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **9.45** Óstöðvandi tónlist

**16.05** Bak við tjöldin: Superman Return **16.20** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Whose Wedding is it anyways?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fer í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já.
▶ **22.30 Love Monkey – NÝTT!** Glæný þáttaröð sem segir frá fjórum æskuvinum á fertugsaldri. Þáttaröðinni hefur verið líkt við Sex and the City fyrir utan að hér eru á ferðinni þáttur sem varpar ljósi á viðhorf karla til sambanda, ástarinnar og lífsins almennt.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **1.00** Rock Star: Supernova – bein útsending **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Melrose Place (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (5:12)** ("Sótti dóttur sína til Kína") Örlagadagur Unnar Jökulsdóttur rithöfundar sem þrátt fyrir að hafa siglt um heimsins höf átti ekki von á því að hún, einstæð kona á fimmtugsaldri, myndi ættleiða dóttur frá Kína.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Laws of Attraction (Bönnuð börnum) **8.00** Les triplettes de Belleville **10.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **12.00** The Reunion **14.00** Les triplettes de Belleville **16.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **18.00** The Reunion **20.00 Laws of Attraction** (Lögmál ástarinnar) Rómantískt réttardrama með gamansömu ívafi. Aðalhlutverk: Pierce Brosnan, Julianne Moore, Michael Sheen. Bönnuð börnum. **22.00 Sleeping Dictionary** (Elsku Selima) Dramatísk kvikmynd þar sem rómantíkin er ekki langt undan. Á fyrri hluta 20. aldar var heimsvaldastefna Breta við lýði. Ungur Englendingur er sendur til starfa á fjarlægum slóðum í Asíu og þar kynnist hann nýrri veröld. Bönnuð börnum. **0.00** In the Bedroom (Bönnuð börnum) **2.10** Prophecy II (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** Rise of the Geeks **14.00** THS Lindsay Lohan **15.00** Glamour's 50 Biggest Fashion Dos and Don'ts **16.00** Exposed: The 25 Most Notorious Fashion Week Moments **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Angelina Jolie **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Angelina Jolie **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Rock Star: Supernova **Skjár einn** kl. 01.00

### *Fyrsti Íslendingurinn í keppninni*



Í kvöld verður sýnt beint frá Rock Star: Supernova þar sem Magni Ásgeirsson er meðal keppenda en þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur er með í þáttunum. Sigurvegari keppninnar fær að syngja með hljómsveitinni Supernova en hana skipa þungarokkararnir Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr Guns'N'Roses. Í síðasta þætti söng Magni Rolling Stones-lagið Satisfaction og voru hljómsveitarmeðlimir misánægðir með frammistöðuna. Hann komst þó áfram og verður spennandi að vita hvernig hann mun standa sig í kvöld. Á morgun kemur svo í ljós hvern Supernova ákveður að senda heim en hægt er að kjósa einn söngvara áfram með því að senda sms eða fara inn á vefsíðuna www.rockstar.msn.com.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | | 8 | 4 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 1 | | |
| | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | | 7 | 6 | 1 | |
| 1 | | | | | | | | 5 |
| | 8 | 3 | 6 | | | 2 | | |
| | | | | 8 | | | | |
| | | 9 | 5 | 1 | | 7 | | |
| 5 | 6 | | 2 | | | | | |

**Lausn á síðustu gátu**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 7 | 6 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 9 | 1 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 7 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 2 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |



▶ **20.15**

*Hestar*

KÓNGUR UM STUND

SÝN *besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Landsbankadeildin 2006** (Fylkir – Víkingur) Útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

▶ **20.15 Kóngur um stund (1:16)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera skemmtilegt og lífsglatt fólk og hér fáum við að kynnast mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum. En um hvað snýst hestamennska eiginlega og hvers vegna stunda hana yfir tuttugu þúsund manns?

**21.40 HM 2006** Upptaka frá sjálfum úrslitaleiknum á HM 2006 í Þýskalandi.

**0.00** 4 4 2 **1.00** World Poker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Ást í bókmenntum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.10** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.40** Um lágnættið

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**GPS Kort**

R. Sigmundsson ehf., í samstarfi við verkfræðistofuna Hnit og Samsýn, kynnir nýja útgáfu af GPS Korti, útgáfu 3.0. Götukort af um 99% bæjarfélaga landsins, gagnagrunnur með örnefnum og þjónustuaðilum ásamt hæðarmódeli gerir GPS Kort eitt glæsilegasta kort sem í boði er á Íslandi fyrir GPS tæki, PC tölvur, lófatölvur og smart síma. Kortið er byggt á 1:50.000 ISV-50 gagnagrunni Landmælinga Íslands með 20 metra hæðarlínum, vatnafari og GPS mældum þjóðvegum. Eitt kort í alla notkun, hvort sem þig vantar að rata um götur borga og bæja, fjalla og dala eða bara að njóta ferðalagsins með upplýsingum um umhverfið, þá er GPS Kort rétti ferðafélaginn.

**Leiðsögukerfi**

GPS Kort er leiðsöguhæft kort af Íslandi með götukorti af bæjarfélögum, húsnúmeraskrám, þjóðvegum og hálendisslóðum. GPS Kort reiknar stystu eða fljótustu leið á milli staða, hvort sem er í Garmin tæki eða PC tölvu. Hvert sem er, hvar sem er, GPS Kort vísar á staðinn!

**Upplýsingar**

Í kortinu eru 40.000 örnefni, rúmlega 4.000 þjónustuaðilar og skálaskrá. Hvar er næsta sundlaug, golfvöllur, tjaldstæði, verslun, veitingahús, bókasafn, bensínstöð, spítali, leikhús, skautasvell, flugvöllur, bíó, keilusalur eða leikskóli? Með GPS Korti getur þú leitað að þjónustuaðilum eða örnefnum og látið Garmin GPS tækið eða tölvuna vísar þér leiðina á staðinn.

**Hæðarmódel**

Með hæðarmódel í kortinu fær það meiri dýpt og skygging eykur sjónhrifin svo kortið verður upphleypt ásjónu í PC tölvu, þar með er meiri tilfinning fyrir hæðarbreytingum. Hægt er að búa til leið í PC tölvu og völdum Garmin GPS tækjum og sést þá hæðarprófíll fyrir áætlaða leið.

**GPS Kort fæst hjá R. Sigmundssyni að Ánanaustum 1 og hjá umboðsmönnum um allt land.**

GARMIN HNIT SAMSÝN R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bilanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bilanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**



## HRÓSIÐ

***... fær hinn tvítugi Stefán Sölvi Pétursson sem um helgina varð yngsti Vestfjarðavíkingurinn frá upphafi.***

## AÐ MÍNU SKAPI: ELÍS PÉTURSSON TÓNLISTARMAÐUR Í JEFF WHO?

# *BA-gráðan og San Francisco*

**Uppáhaldstónlistin:**
Það er erfitt að segja, það er úr svo mörgu að velja. Eigum við ekki að segja bara að uppáhaldstónlistin sé mín eigin? Annars er ég hrifinn af dönsku rokkurunum Mew og Skátunum.

**Uppáhaldsbókin:**
Hún heitir Hending og er eftir Paul Auster. Allar hans bækur eru mjög skemmtilegar. Það mætti kannski flokka þetta sem spennusögu.

**Borgin:**
Það er sennilega San Francisco. Mér finnst hún mjög skemmtileg, ég var þar nýlega að spila með Ghostigital. Við vorum á hóteli sem var í mesta „slömminu" og það var ágætt að sjá það líka.

**Bíómyndin:**
Grínmyndin Dirty Work. Hún er alveg eiturhress, frá 1998.

**Búðin:**
Smekkleysuplötubúðin og Gyllti köttur-inn.

**Verkefnið:**
Ég er ágætlega stoltur að hafa lokið BA gráðunni minni í sálfræði. Svo er ég ánægður með flest þau verk sem ég hef gert á tónlistarsviðinu.



**ELÍS PÉTURSSON** Elís er meðlimur í hljómsveitinni Jeff Who? sem hefur gert allt vitlaust með laginu Barfly.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** fyrst fædd **6** ógrynni **8** erlendis **9** nögl **11** samanburðartenging **12** ber að garði **14** safna saman **16** borðaði **17** niður **18** þunnur vökvi **20** guð **21** einsöngur í óperu.

**LÓÐRÉTT** **1** tónlistarstefna **3** þreyta **4** máttugur **5** málmur **7** nærri allar **10** hljóma **13** þangað til **15** hástétt **16** árkvíslir **19** grískur bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** elst, **6** of, **8** úti, **9** kló, **11** en, **12** kemur, **14** sanka, **16** át, **17** suð, **18** lap, **20** ra, **21** aría.
**LÓÐRÉTT:** **1** rokk, **3** lú, **4** sterkur, **5** tin, **7** flestar, **10** óma, **13** uns, **15** aðal, **16** ála, **19** pí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kim Jong-il
2. Stefán Sölvi Pétursson
3. Tennyson Spencer Crowe








**GENGIÐ Á MILLI BARA** Zeno og José segja pöbbaröltið góða leið til þess að kynnast nýju fólki og bjóða alla velkomna. Þeir hafa verið að hengja þessi plaköt úti um allan bæ til þess að auglýsa uppátækið sem vakið hefur lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## ZENO OG JOSE: BJÓÐA UPP Á PÖBBARÖLT Í REYKJAVÍK

# Siglt á ný pöbbamið

Nýlega var farið að bjóða upp á skipulagt pöbbarölt um helgar í Reykjavík. Það er hinn 25 ára gamli Zeno Keilhacher sem stendur fyrir uppátækinu en honum til halds og traust er Spánverjinn Jose Rodriguez og fleiri útlendingar koma reyndar einnig við sögu. Pöbbaröltið fer þannig fram að áhugasamir mæta í hvalaskoðunarskipið Hafsúluna sem liggur við Reykjavíkurhöfn kl. 22 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þar greiða menn 2.500 krónur en innifalið í því er klukkustundar ótakmörkuð drykkja á bátnum, þaðan er farið á bar þar sem boðið er upp á skot, síðan er haldið á annan bar þar sem einnig er boðið upp á skot og svo er endað á dansstað þar sem aðgangseyrir er greiddur fyrir þátttakendur og þeim boðið upp á kokkteil.

„Stuðið byrjar svo seint hér í Reykjavík og því er þetta kjörinn vettvangur fyrir þá sem vilja byrja kvöldið aðeins fyrr og kynnast nýju fólki," segir Zeno sem er hálfur Þjóðverji og hálfur Argentínumaður. Allt sitt líf hefur hann verið á faraldsfæti en hann kom fyrst til Íslands fyrir mánuði síðan. Eftir vikuvinnu á fiskiskipi sá hann viðskiptatækifæri í því að bjóða upp á pöbbarölt í höfuðborginni og hrinti hugmyndinni í framkvæmd.

Um fjörutíu manns, bæði Íslendingar og útlendingar, hafa að meðaltali mætt í hvert pöbbarölt en enn sem komið er þarf fólk ekki að panta pláss heldur bara að mæta á staðinn. „Sumir Íslendingar hafa verið með fordóma gagnvart þessu, en þeim, sem hafa látið slag standa og komið með okkur, hefur öllum fundist þetta mun skemmtilegra en þá hafði grunað," segir Zeno rámum rómi eftir mikið stuð um síðustu helgi. „Við pössum upp á það að engum í hópnum leiðist og að allir skemmti sér vel." Hann bendir á að þrátt fyrir að fólk geti drukkið eins mikið og það vilji fyrsta klukkutímann þá er ekki um stífa drykkju að ræða heldur nýta menn frekar tímann í það að heilsa hvor upp á annan og þannig hefur hópurinn náð að hristast saman áður en farið er á skemmtistaðina.

**snaefridur@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Knattspyrnukappinn Eiður Smári Guðjohnsen er meðal þekktra einstaklinga sem birtust í myndaþætti The Sunday Times Magazine í byrjun mánaðarins. Í umræddum myndaþætti eru þekktir einstaklingar á borð við leikkonuna Keiru Knightley, Nicko McBrain, trommara úr Iron Maiden, og Eið mynduð í vatni. Eiður er að sjálfsögðu myndaður með bolta og á myndinni klæðist kappinn hvítum fötum frá toppi til táar. Allt var þetta gert fyrir gott málefni, WaterAid, sem miðar að því að bæta úr vatnsskorti í Afríku og Asíu.



Þórlindur Kjartansson, starfsmaður markaðsdeildar Landsbankans, fagnaði þrítugsafmæli sínu síðasta föstudag. Þórlindur hélt vinum og samstarfsmönnum glæsilega veislu á Rex og þangað var vel mætt. Meðal nafntogaðra gesta voru Geir H. Haarde forsætisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir eiginkona hans. Borgar Þór Einarsson, sonur Ingu Jónu og góðvinur Þórlinds, hélt skemmtilega ræðu en þeir hafa í gegnum tíðina brallað ýmislegt á vettvangi SUS, Vöku og víðar. Þórlindi voru færðar margar góðar gjafir en mesta athygli vakti þegar félagar hans af Deiglunni.com afhentu honum alla pistla hans af vefnum glæsilega innbundna.



Írskir dagar voru haldnir á Akranesi um helgina. Meðal skemmtilegra uppákoma þar á bæ var keppni í sandkastalagerð. Fjölmargir tóku þátt í keppninni og þótti útkoman oft á tíðum ágæt. Fótboltatvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir voru á meðal þátttakenda ásamt börnum sínum og þóttu þeir ekki sýna verri takta við sandkastalagerðina en á knattspyrnuvellinum. **- hdm**








# Robbie nýr tengdasonur Íslands

Breski söngvarinn Robbie Williams er nýjasti tengdasonur Íslands, ef marka má danska Ekstra blaðið. Söngvarinn heimsfrægi hélt tónleika í Parken í Kaupmannahöfn á fimmtudaginn var og lýsti þar yfir aðdáun sinni á rauðhærðri stúlku sem hann hafði kynnst á bar í Kaupmannahöfn. Samkvæmt Ekstra blaðinu er um að ræða Snædísi Guðnadóttur, 25 ára fjármálastjóra, sem búsett hefur verið í Danmörku um árabil.

Tónleikar Robbies í Kaupmannahöfn vöktu mikla athygli þarlendra fjölmiðla, enda sóttu tæplega fimmtíu þúsund manns þá. Það eru samt ekki síst þau orð sem Robbie lét falla um Snædísi á tónleikunum sem hafa vakið athygli: „Rauðhærða stúlkan sem ég hitti á barnum var virkilega sæt."

Samband Snædísar og Robbies hefur meira að segja ratað á forsíður sumra dagblaða þar í landi og þá er Snædís gjarnan nefnd Rauðhettan hans Robbies.

Snædís vill sem minnst tala um málið við danska fjölmiðla og gefur lítið út á þau fallegu orð sem Robbie lét falla um hana.

„Ég var ekki á tónleikunum, svo ég veit ekki hvað fór þar fram. En ég hef engan áhuga á að tala um það sem gerðist," hefur Ekstra blaðið eftir Snædísi.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum átti parið rómantískt kvöld á barnum á Skt. Petris hótelinu, sem Robbie dvaldi á, daginn fyrir tónleikana.

Snædís virðist þó ekki eina stúlkan sem Robbie hafði áhuga á í Kaupmannahöfn, því samkvæmt Ekstra blaðinu var útsendari á vegum Robbie fyrir utan Parken og bað danskar stúlkur um símanúmer þeirra fyrir söngvarann. Útsendaranum varð nokkuð ágengt en það er alls óvíst að Robbie hafi hringt í stúlkurnar þar sem hann hefur átt við smávægileg veikindi að stríða upp á síðkastið. **- kh**



**ROBBIE WILLIAMS** Söngvarinn heimsfrægi heimsótti eitt sinn Ísland en líkaði ekki vistin. Nú hefur hann náð sér í íslenska kærustu ef marka má danska fjölmiðla.

# citré shine

## hárvörur




Citré Shine hárvörurnar eru hágæða vörur sem ætlaðar eru fyrir daglega notkun. Ásamt því að hreinsa og mýkja hárið gefa þær því fallega áferð og aukinn gljáa.

- **Smooth out sjampó og hárnæring**
  Fyrir úfið hár. Gerir hárið meðfærilegra, nærir það og róar.
- **Moisture burst sjampó og hárnæring**
  Fyrir þurrt hár. Veitir hárinu aukinn raka og endurnærir það.
- **Daily revitalize sjampó og hárnæring**
  Fyrir allar hárgerðir. Endurlífgar, nærir og verndar hárið.
- **Color brilliance sjampó og hárnæring**
  Fyrir litað og meðhöndlað hár
  Nærir og verndar hárið ásamt því að auka fyllingu þess.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum í dag Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is






**BAKÞANKAR**
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Þar sem suðrið andar*

Við bindum alveg óskaplega miklar vonir við afmæli Jóns Sigurðssonar og margir árlegir atburðir miðast við þann dag; næturbirtan að ná hámarki, garðholan skal komin í þokkalegt horf, stjúpurnar í moldina og þá á sumarið að vera skollið á.

Í árvissu bjartsýnisæði höldum við grillveislur og sumarhátíðir í úrhelli og hitastigi rétt yfir frostmarki. Í einni slíkri komust niðurrigndir gestir einmitt að þeirri niðurstöðu að eina sanngjarna úrræðið í þessari veðurfarskreppu væri að leggja á aukaskatt vegna sólríkra sumardaga. Þá myndi hætta að hlakka viðstöðulaust í Norðlendingum og höfuðborgarbúar fengju dálitla uppbót fyrir alla sumarslydduna sem við megum þola.

**HEILLARÁÐ** til varnar biturleika vegna sumarleysis er að flýja land. Einmitt þegar fregnir bárust af hitabylgju í Skandinavíu vildi svo heppilega til að fjölskyldan hafði ákveðið að eyða nokkru af sumarleyfinu í vorri öldnu höfuðborg, Kaupmannahöfn. Af gamalgrónu vantrausti á veðrinu var farangurinn að hálfu sumarföt en að hálfu vetrarklæðnaður. Því þótt flestir séu hættir að taka með grænar baunir og hangikjöt í nesti af ótta við að fá ekki ætan bita í útlöndum, þá rjátlast seint af okkur siðurinn að gera ráð fyrir öllum veðrum. Enda höfum við vanist því að geta ekki brugðið okkur á milli húsa án þess að fá á okkur dálitla rigningu, sólarglennu og norðanhraglanda, allt í sömu ferðinni.

**ULLARSOKKARNIR** liggja enn ónotaðir í töskunni því fregnir af sumarhitum á Norðurlöndum öðrum en Íslandi voru síst orðum auknar. Rúnturinn milli Dýragarðs og Tívolí hefur þannig einkum falist í að þræða skugga trjánna. Fókusinn verið á að vökva blessuð börnin sem varla vita hvaðan á sig stendur veðrið svona húfulaus utandyra.

**EF** bjartsýni Íslendinga í viðskiptum tengist uppruna hlýtur tortryggni gagnvart veðri að gera það líka. Þrátt fyrir hinn væna stofuhita eru því ævinlega með í för dálitlar ullarpeysur, ef það skyldi nú kula, við værum stödd víðs fjarri gististaðnum og lestarstjórar og leigubílstjórar færu samtímis í verkfall. Allur er varinn góður.


www.volkswagen.is




**Tæknilegir yfirburðir** einkenna Volkswagen Passat. Fyrir utan glæsileikann og akstursseiginleikana státar Passat af ríkulegum búnaði. Rafstýrð stöðugleikastýring (ESP), spólvörn (ASR), loftkæling og loftræsting (AC), rafræn handbremsa, fjarstýrð opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndur kveikjubúnaður tryggja Volkswagen Passat fyrsta sætið þegar kemur að tæknibúnaði. Og fyrir þá sem vilja enn meiri stöðugleika og akstursöryggi í vetrarfærð er 4Motion fjórhjóladrifið rétta lausnin.

**Lúxus hefur fengið nýja ásýnd: Volkswagen Passat**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




LÆGRA LÁNTÖKUGJALD LÆGRI VEXTIR

**BÍLALÁN**
Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á **www.frjalsi.is**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur línu á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að þú komist sem lengst!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN